

**SKOÐUN** Heiðar Már Guðjónsson skrifar um galla haftakerfis. 17



**MENNING** Gæsahúð aftur og aftur! Óperan Ragnheiður fær fimm stjörnur. 22



**LÍFIÐ** Íslensk hljómsveit hitar upp fyrir Justin Timberlake. 34



**SPORT** Ekki eðlilegt að sinna bæði starfi formanns og framkvæmdastjóra. 42

Saltkjöt og baunir á tilboði
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Þriðjudagur**
4. mars 2014
53. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012

## FRÉTTIR



### Vilja róa umræðuna

Þingflokkar ríkisstjórnarflokkanna funduðu í gær um málefni tengd ESB. Innan raða sjálfstæðismanna er vilji til að reyna að ná áttum og róa umræðuna 2

**3.400 íbúðir banka og sjóða** Íbúðalánasjóður á um 2.000 íbúðir og bankarnir um 1.400. Á milli 400 og 500 eru taldar standa auðar. 2

**Deila um Norðurhálsa** Ölfus sendir til umsagnar breytingu á skipulagi til að OR geti nýtt heitt vatn á Norðurhálsum. Minnihlutinn er ósáttur. 6

**Vilja svör um norskan lax** Erfðanefnd landbúnaðarins krafin um svör af Landssambandi veiðifélaga. 12




14

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 1° | NA | 4 |
| Akureyri | 0° | A | 3 |
| Egilsstaðir | 5° | A | 7 |
| Kirkjubæjarkl. | 4° | A | 6 |
| Reykjavík | 3° | V | 5 |

**VÍÐA ÚRKOMA** Í dag verður vestlæg átt með éljum eða slydduéljum V-til en norðaustan 8-15 m/s og rigning eða slydda A-til. Hiti 0-7 stig. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

**Fólk | Íslandsmót iðn- og verkgreina 2014**






**FAGNAR HERMÖNNUM** Rússneskir hermenn streymdu inn á Krímskaga í gær, að sögn úkraínskra landamæravarða, þar sem deilurnar milli Rússlands og stjórnvalda í Úkraínu náðu nýjum hæðum. Þessi mynd var tekin þar sem um 1.000 manns umkringdu úkraínska flotastöð nærri Simferopol. Alþjóðasamfélagið veltir því nú fyrir sér hvernig bregðast megi við án þess að vopnuð átök brjótist út. NORDICPHOTOS/AFP

# Krímskagi nú á valdi Rússa

Inngrip Rússa á Krímskaga vekur hörð viðbrögð alþjóðasamfélagsins, en fátt bendir til þess að vopnavaldi verði beitt á næstunni. Rússar hafa náð undir sig meginhluta skagans og hyggjast byggja brú yfir til Rússlands.

**ÚKRAÍNA** Ástandið á Krímskaga nálgaðist suðupunkt í gær þar sem Rússar höfðu lokað aðgangi meginlands Úkraínu að skaganum og tilkynnt áform um að byggja brú yfir sundið til Rússlands.

Rússneski herinn hafði í gær í reynd náð öllum Krímskaga á sitt vald, þótt úkraínskir hermenn á skaganum hafi ekki verið búnir að gefast upp. Krímskagi tilheyrði lengi Rússlandi og þar er rússnesk flotastöð.

Rússar báru hins vegar í gær til baka fréttir um að þeir hefðu gefið úkraínskum hermönnum á Krímskaga lokafrest þangað til klukkan þrjú í nótt, eða fimm að staðartíma, til að gefast upp. Rússneska fréttastofan Interfax hafði fullyrt að Alexander Vitko, yfirmaður Svartahafsflota rússneska sjóhersins, hefði sett Úkraínumönnum þennan lokafrest.

Vesturlönd hafa fordæmt aðgerðir Rússa og hvatt þá til að fara heldur að samningaleiðinna. Engar raddir hafa heyrst um að Vesturlönd telji til greina koma að senda herlið til Úkraínu en refsiaðgerðir gegn Rússum hafa komið til tals.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna var kallað saman á neyðarfund í gærkvöld þar sem sendifulltrúi Rússlands las meðal annars tilkynningu frá Janúkovitsj, sem var settur af sem forseti Úkraínu á dögunum. Janúkovitsj kallaði þar eftir því að Rússar sendu herlið inn í Úkraínu meðal annars til að stuðla að friði og stöðugleika og vernda úkraínsku þjóðina.

Angela Merkel Þýskalandskanslari lét þau orð falla í gær að Pútín gæti hafa misst öll tengsl við raunveruleikann, en Rússar segjast vera að verja rússneskumælandi íbúa Úkraínu gegn öfgahægriöflum sem hafi tekið völdin í Úkraínu.

- gb, þj / sjá síðu 8

### Telja líklegast að Úkraína liðist í sundur

Þýska tímaritið Der Spiegel velti í gær upp þremur líklegustu möguleikunum í stöðunni í Úkraínu.

- Stríð milli Rússa og Úkraínumanna.
- Samningaviðræður með þátttöku Vesturlanda og alþjóðastofnana til að ná sáttum milli úkraínskra stjórnvalda og Rússa.
- Úkraína liðast smám saman í sundur. Rússar hafi Krímskaga á valdi sínu til frambúðar og hertaka mögulega önnur svæði í austurhluta landsins.




Atvinnuflugmenn gagnrýna lagafrumvarp innanríkisráðherra harðlega:

# Telja vegið að starfsöryggi sínu

**STJÓRNSÝSLA** „Ég skil ekki hvernig það varðar almannaöryggi hvort einhver standi í forræðisdeilu, eigi í nágrannaerjum eða hversu mikið viðkomandi skuldi í húsinu sínu. Það gerir flugmanninn ekki að óheiðarlegum eða hættulegum manni,“ segir Hafsteinn Pálsson, formaður Félags íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA).



HAFSTEINN PÁLSSON

Aðalfundur félagsins gagnrýnir harðlega lagafrumvarp innanríkisráðherra sem veitir embætti ríkislögreglustjóra heimildir til að afla persónulegra upplýsinga um flugmenn.

Fullyrðingu FÍA um aðför að starfsöryggi og afkomu félagsmanna er hafnað af ríkislögreglustjóra og í tilkynningu vegna málsins, sem birt var á vef embættisins, er áréttað að bakgrunnsathuganir „eru til þess ætlaðar að efla öryggi í flugi og á flugvöllum og eru samkvæmt alþjóðakröfum um flugvernd“.

- ebg / sjá síðu 10






## SPURNING DAGSINS



Arnar, ertu ánægður með að Reykjavíkurborg ætli að ganga í málið?

**Það er eins gott. Annars hjólum við í þá.**

Arnar Helgi Lárusson, formaður Samtaka endurhæfðra mænuskaddaðra, vakti athygli á að aðgengi fyrir fatlaða á Hverfisgötu væri ábótavant. Reykjavíkurborg stefnir að því að bæta aðgengið.

Persónuvernd segir lækni hafa flett upp í sjúkraskrá fanga án heimildar:

# Afsaki misheppnuð samskipti

**HEILBRIGÐISMÁL** „Ég hef beðist afsökunar fyrir hönd stofnunarinnar á misheppnuðum samskiptum,“ segir framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands í bréfi til Persónuverndar vegna kvörtunar sem þangað barst um hegðun læknis.

Persónuvernd segir umræddan lækni hafi brotið lög þegar hann fór ítrekað inn í sjúkraskrá fyrrverandi fanga sem hann hafði sinnt.

Þegar fanginn lauk afplánun í september 2012 lauk hann einnig meðferð hjá lækninum og hafði engin samskipti við hann eftir það. Í október þetta ár kvartaði maðurinn við framkvæmdastjóra lækninga á HSU yfir framkomu læknisins þegar hann var í meðferð hjá honum um vorið það ár. Síðar kærði hann lækninn til Persónuverndar sem segir að þrátt fyrr að læknirinn hafi þá ekki haft aðgang að sjúkraskrá mannsins í þágu læknismeðferðar hafi hann flett átta sinnum upp í skránni í febrúar 2013. Það hafi ekki samrýmst lögum.



**HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURLANDS** Fangi kvartaði undan samskiptum við lækni og hnýsni hans í sjúkraskrá. FRÉTTBLAÐIÐ/PJETUR

Stofnunin sagði lækninn hafa viljað fylgjast með hvernig manninum vegnaði. - gar

Skjóta upp Scud-eldflaugum:

# N-Kórea storkar öryggisráði SÞ

**NORÐUR-KÓREA** Utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna segir eldflaugaæfingar Norður-Kóreu brjóta í bága við fjölda ályktana öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

Norður-Kórea skaut í gærmorgun tveimur Scud-eldflaugum á loft frá suðausturströnd landsins, en þær enduðu í sjónum.

Um er að ræða annað tilvikið í þessari viku þar sem eldflaugum er skotið á loft á sama tíma og Bandaríkin og Suður-Kórea eru við sameiginlegar heræfingar. - js



**VETRARTÍÐ** Snjó kyngdi niður í Washington-borg í gær, en þessi vetur hefur verið með eindæmum snjóþungur á austurströndinni. NORDICPHOTOS/AFP

Enn eru vetrarhörkur að stríða Bandaríkjamönnum:

# Skólum lokað í höfuðborginni

**BANDARÍKIN Tíðin hefur leikið íbúa austurstrandar Bandaríkjanna ansi hreint grátt þennan veturinn þar sem kuldi og kafaldssnjór hefur oft sett mannlíf úr skorðum. Í höfuðborginni Washington byrjaði að snjóa snemma í gærmorgun og neyddust yfirvöld til þess að biðja fólk um að halda sig frá þjóðvegum sem víða voru ísilagðir.**

**Þá var skólum lokað, strætisvagnaumferð stöðvaðist víða og ríkisstarfsfólki í Washington og nágrenni var fyrirskipað að halda sig heima við.** - þj

# Reyna að ná áttum og róa umræðuna

Evrópumálin voru til umræðu á þingflokksfundum stjórnarflokkanna í gær. Innan Sjálfstæðisflokksins vilja menn róa umræðuna og reyna að ná áttum. Framsóknarmenn segja að sátt miði að því menn mætist einhvers staðar á leiðinni.

**ALÞINGI** Á þingflokksfundum stjórnarflokkanna í gær var mikið rætt hvernig hægt væri að finna lausn á ESB-málinu. Innan beggja flokka var rætt um hugsanlegar sættir í málinu.

Sigrún Magnúsdóttir, þingflokksformaður Framsóknarflokksins, segir að sátt miði að því að menn mætist en ekki í því að annar dragi alfarið í land.

Hún segir að þjóðarviljinn endurspeglist í alþingiskosningum. Menn hljóti að gera sér grein fyrir því að stefna þess flokks sem vinni kosningar, líkt og Framsóknarflokkurinn hafi gert síðastliðið vor, hljóti að verða ofan á næsta kjörtímabil á eftir.

Innan Sjálfstæðisflokksins er, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, rætt hvernig hægt sé að róa umræðuna og ná áttum. Sumir innan þingflokksins vilji koma tilmóts við þjóðina og standa við loforðin um þjóðaratkvæðagreiðslu, á meðan aðrir þingmenn sjái ekki flöt á þjóðaratkvæðagreiðslu. Málið þykir erfitt en það verði að ljúka því með einhverjum hætti sem síst vegna þess að sveitarstjórnarkosningar eru fram undan og lyktir þess gætu haft áhrif á útkomu flokksins.

„Menn eru alltaf að meta stöðuna,“ segir Birgir Ármannsson, formaður utanríkismálanefndar og þingmaður Sjálfstæðisflokksins, en vill ekki tjá sig frekar um málið.

Fyrstu umræðu um tillögu utanríkisráðherra, þess efnis að umsókn um aðild að ESB verði dregin til baka, verður rædd á þingi í næstu viku. Eftir að umræðunni lýkur fer tillagan til utanríkismálanefndar Alþingis. „Umfjöllun nefndarinnar mun svo væntanlega taka mið af þeim umræðum og tillögum sem komið hafa fram í þinginu,“ segir Höskuldur Þórhallsson, þingmaður Framsóknarflokksins.



**AF ÞINGFLOKKSFUNDI** Þingflokkar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks funduðu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

johanna@frettabladid.is

## Hlynntir ESB-tillögu Vinstri grænna

Forsvarsmenn ASÍ og SA segjast vel geta unað við þingsályktunartillögu VG til að skera á hnútinn í ESB-málum. Sú tillaga hljóðar upp á að aðildarviðræðum verði frestað á þessu kjörtímabili og að þjóðaratkvæðagreiðsla verði haldin í lok tímabilsins um hvort þeim verði haldið áfram.

„Efnislega held ég að það sé skárra en ef þetta yrði afturkallað með þeim hætti sem stjórnvöld leggja til, sem mér finnst alveg kolómöguleg tillaga,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, aðspurður.

Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri SA, segir samtökin hafa bent á mikilvægi skýrra valkosta. „Í þessu samhengi liggur ekki fyrir ný peningamálastefna með krónu, sem stjórnvöld hafa boðað að til standi að móta, og það liggja ekki fyrir áætlanir um afnám hafta. Þar af leiðandi vitum við ekki hvernig og að hve miklu leyti okkur muni auðnast að afnema höftin á komandi misserum, sem er mikilvægasta verkefnið fram á veginn,“ segir Þorsteinn, aðspurður. „Að því leytinu til er þessi hugmynd ágæt. Að endanlegri ákvörðun í þessu mikilvæga máli sé ýtt lengra inn á kjörtímabilið, að því gefnu að menn noti tímann vel til að móta eða fá nýjar áherslur í peningamálum og móta áætlun um afnám hafta.“ - fb

Fundað um Hvalfjarðargöng:

# Enga gjaldtöku eftir árið 2018

**AKRANES** Bæjarráð Akraneskaupstaðar mótmælir öllum hugmyndum um áframhaldandi gjaldtöku í Hvalfjarðargöngum eftir að skuldir vegna ganganna verða uppgreiddar. Þetta kemur fram í tilkynningu frá bæjarráði í gær.

Miðað er við að skuldirnar verði uppgreiddar árið 2018, en þá mun fyrirtækið Spölur afhenda göngin ríkinu. Bæjarráð segir mikilvægt að huga að tvöföldun ganganna en að íbúar Akraness og Vesturlands geti ekki einir búið við sérstakar álögur vegna þeirra úrbóta. - bá

Enginn arður greiddur út:

# Pósturinn tapar 119 milljónum

**VIÐSKIPTI** Um 119 milljóna króna tap var á rekstri Íslandspósts á síðasta ári. Heildartekjur félagsins uxu lítillega frá fyrra ári og námu um 6,8 milljörðum króna og heildareignir námu 4,8 milljörðum. Eigið fé nam um 2,4 milljörðum króna, samkvæmt tilkynningu Íslandspósts.

Þar segir að ekki verði greiddur arður af rekstri félagsins vegna ársins en að forsendur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2013, sem eru á forræði stjórnenda félagsins, hafi almennt gengið eftir í öllum meginatriðum. - hg




Atlantic Airways segir Airbus-vélar sínar vel geta lent á Reykjavíkurflugvelli:

# Færeyingar vilja lendingarleyfi

**FERÐAMÁL** Færeyska flugfélagið Atlantic Airways vonast til þess að fá leyfi til að lenda Airbus 319-vélum sínum á Reykjavíkurflugvelli.

Flugfélagið mun hætta notkun gamallar Fokker-vélar, einu vélarinnar sem hefur leyfi til lendingar í Reykjavík, í ágúst næstkomandi.

Undanfarnar þrjár vikur hefur allt flug frá Færeyjum farið um Keflavíkurflugvöll á meðan Fokker-vél Atlantic undirgekkst viðamikla skoðun.

„Við myndum gjarnan vilja halda Færeyingum hér áfram eins og verið hefur undanfarna áratugi,“ sagði Ásgeir Gunnarsson, framkvæmdastjóri Flugfélags Íslands, í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær.

Flugmálayfirvöld athuga nú hvort veita eigi Airbus 319-vélum Atlantic leyfi til að lenda í Reykjavík.

Atlantic tekur í sama streng og Flugfélag Íslands, enda eigi stærstur hluti farþeganna erindi til Íslands en minnihlutinn sé í framhaldsflugi frá Keflavík.

„Já, ef þeir fá leyfi til þess þá vilja þeir gjarnan fljúga til Reykjavíkur,“ segir Kurt Fossaberg, flugstjóri hjá Atlantic Airways. Hann segir flugbrautirnar vera nægilega langar til þess að Airbus-vélar félagsins geti lent á þeim. -kmu, js



**FOKKER** Færeyingar eru hættir að nota Fokker-vélar sínar og notast við stærri og nýrri Airbus 319-vélar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## SVONA ERUM VIÐ



**40 lönd utan Íslands hafa notið þekkingar sérfræðinga Íslenskra orkurannsókna á undanförnum árum.**

Níu af þeim verkefnum sem stofnunin hefur komið að hafa verið í Afríku.

*Heimild: Vefur ÍSOR*

Samningar standa yfir um verð EES/EFTA-ríkja fyrir áframhaldandi aðgang að innri markaði Evrópu:

# Næsti fundur haldinn um miðjan mánuð

**UTANRÍKISMÁL** Næsti fundur vinnuhópa vegna endursamnings um fjárframlög EES-ríkjanna til Þróunarsjóðs EFTA (Evrópska fríverslunarbandalagsins) er ráðgerður um eða upp úr miðjum þessum mánuði.

Viðræður um greiðslur Íslands, Noregs og Liechtenstein fyrir áframhaldandi aðgang að innri markaði Evrópu á næsta tímabili, 1. maí 2014 til 30. apríl 2019, hófust 22. janúar síðastliðinn.

Á tímabilinu sem nú er að ljúka hafa greiðslur Íslands samsvarað um 1,5 milljörðum króna á ári hverju, eða 7,8 milljörðum alls.

Hlutur Íslands í heildargreiðslum hefur numið fimm prósentum og Liechtenstein einu prósenti, meðan Noregur hefur staðið undir 94 prósentum heildargreiðslna. Kostnaður EES/EFTA-ríkjanna fyrir tímabilið sem nú er að ljúka nemur alls 998,5 milljónum evra, eða sem svarar 155,5 milljörðum króna.

„Þessar viðræður eru hafnar en þær eru á algjöru frumstigi og engu hægt að svara á þessari stundu um tímasetningar eða fjárhæðir,“ segir Urður Gunnarsdóttir, fjölmiðlafulltrúi utanríkisráðuneytisins.

Lars-Erik Hauge, fjölmiðlafulltrúi sendinefndar Noregs hjá Evrópusambandinu, segir að frá því að samningsaðilar kynntu upphaflegar kröfur á fyrsta fundi í janúar hafi vinnuhópar hist tvisvar. Stefnt sé að því að þeir fundi aftur um miðjan mars. Eiginlegur samningafundur hafi ekki verið fastsettur. **- óká**

### ➜ Áhersla lögð á EES

Í janúarlok átti Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra fund með Ingvild Næss Stub, aðstoðarevrópumálaráðherra Noregs, þar sem EES-samningurinn og framtíð hans var til umræðu. Utanríkisráðherra gerði þá grein fyrir breyttum áherslum nýrrar ríkisstjórnar í Evrópumálum og lagði áherslu á mikilvægi EES-samningsins, sem væri grunnurinn að samstarfi Íslands við ESB.



**MUNUR** Kílóið af íslenskri agúrku kostaði 420 krónur í Bónus en 714 krónur hjá Samkaupum-Strax.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Verðkönnun ASÍ á matvöru:

## Verðmunurinn allt að 218%

**NEYTENDUR** Allt að 218 prósenta munur var á verði matvöru þegar verðlagseftirlit ASÍ kannaði verð í matvöruverslunum nýverið.

Hæsta verðið var oftast í verslun 10/11, í meira en helmingi tilvika. Vöruúrvalið reyndist best í Fjarðarkaupum, þar sem 82 af 83 tegundum sem skoðaðar voru fengust.

Mesti verðmunurinn var á appelsínum, sem kostuðu 157 krónur kílóið hjá Samkaupum-Strax en 499 krónur hjá 10-11. Munurinn er 218 prósent. Verðmunur á ávöxtum og grænmeti var talsverður, að lágmarki 70 prósent.

Minnstur var verðmunurinn á osti, viðbiti og mjólkurvörum. **- bj**

## DÓMSMÁL

### Hleruðu án heimildar

Íslenska ríkið hefur verið dæmt til að greiða konu 300 þúsund krónur eftir að sími hennar var hleraður án heimildar af embætti Sérstaks saksóknara. Ekki lá fyrir úrskurður um hlerun síma konunnar. Vísbending sem lögregla byggði á þegar hún hóf hlerun síma konunnar var sú að eiginmaður hennar hafði beðið viðmælanda sinn um að hringja í símanúmer hennar. Sú ályktun ein og sér dugði ekki til að heimila hlerun á síma hennar.

# ÍLS og bankar eiga 3.400 íbúðir

**Talið er að á milli 400 og 500 íbúðir sem eru í eigu Íbúðalánasjóðs og banka og dótturfélaga þeirra standi auðar. Bankarnir eiga nær 1.400 íbúðir en Íbúðalánasjóður á rúmlega 2.000. Flestar voru áður í eigu einstaklinga.**

**VIÐSKIPTI** Íbúðalánasjóður, stærstu bankar og dótturfélög eiga 3.406 fasteignir. Þetta kemur fram í samantekt sem spyr.is hefur unnið.

Langflestar eignirnar eru í eigu Íbúðalánasjóðs og dótturfélags hans, Kletts, 2.634. Íbúðalánasjóður átti 2.117 íbúðir í lok janúar, þar af stóðu 197 þeirra auðar.

Klettur leigufélag er með 517 íbúðir á sínum snærum og eru þær allar í útleigu.

Af íbúðunum sem stóðu auðar voru 20 á höfuðborgarsvæðinu, 102 á Suðurnesjum og 37 á Vesturlandi.

Arion banki og dótturfélagið Landey eiga 236 fasteignir, af þeim flokkast 141 sem íbúðarhúsnæði og þar af standa 42 eignir auðar.

Landey á eina eign sem er íbúðarhæf en stendur auð og bíður þess að verða seld. Landey er auk þess með 16 eignir sem eru á byggingarstigi.

Landsbankinn og dótturfélagið Hömlur áttu 244 íbúðir um áramót. 116 stóðu tómar, í leigu voru 76 og 52 voru á byggingarstigi.

Íslandsbanki og dótturfélag hans, Miðengi, eiga 275 íbúðir en af þeim eru 126 í útleigu. Bankinn áætlar að 159 eignir standi auðar, séu á byggingarstigi, teljist ekki íbúðarhæfar eða séu á sölu.

Á heimasíðu spyr.is segir að af þessum 3.406 eignum megi gera ráð fyrir að á milli 400 og 500 eiginir standi auðar. Langflestar þeirra hafi áður verið í eigu einstaklinga.

johanna@frettabladid.is



**FRÁ REYKJAVÍK** Íbúðalánasjóður og bankarnir eiga 3.406 fasteignir. Gera má ráð fyrir að af þeim standi á milli 400 og 500 eignir auðar.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA







## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi







**Á morgun**
Hvöss vestanátt syðra.




**Fimmtudagur**
8-15 m/s.

**ÉL EÐA SLYDDUÉL** Vestlæg átt með éljum eða slydduéljum næstu daga sunnan- og vestanlands. Einhver úrkoma verður í dag um norðaustan- og austanvert landið en úrkomulaust að mestu norðan til næstu daga.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 19° | Billund | 7° | Gautaborg | 6° | London | 11° | Orlando | 25° | San Francisco | 15° |
| Basel | 11° | Frankfurt | 11° | Kaupmannahöfn | 6° | Mallorca | 19° | Ósló | 4° | Stokkhólmur | 5° |
| Berlín | 10° | Friedrichshafen | 7° | Las Palmas | 18° | New York | -3° | París | 9° | | |



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

Afsláttur: 600.000



**MM Pajero** 3.2 GLS 33"
Árgerð 2006, dísil
Ekinn 116.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 3.990.000
KJARAKAUP: **3.390.000**

Afsláttur: 700.000



**Subaru Forester** 2000CS
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 107.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 2.290.000
KJARAKAUP: **1.590.000**

Afsláttur: 1.000.000



**Audi Q7** 3.0 TDi
Árgerð 2007, dísil
Ekinn 126.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 5.990.000
KJARAKAUP: **4.990.000**

Afsláttur: 400.000

**Toyota RAV4** GX plus
Árgerð 2013, bensín
Ekinn 21.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 5.770.000
KJARAKAUP:
**5.390.000**



Afsláttur: 600.000



**MM Pajero** GLS 33"
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 123.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 2.490.000
KJARAKAUP: **1.890.000**

Afsláttur: 1.500.000



**M. Benz** E280 CDi
Árgerð 2008, dísil
Ekinn 211.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 4.990.000
KJARAKAUP: **3.490.000**

Afsláttur: 700.000



**VW Touareg** V6 3.2
Árgerð 2003, bensín
Ekinn 198.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 1.990.000
KJARAKAUP: **1.290.000**

Afsláttur: 600.000



**Kia Sorento**
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 131.000 km, beinskiptur
Ásett verð: 1.790.000
KJARAKAUP: **1.190.000**

Afsláttur: 500.000



**M. Benz** C200 kompressor
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 129.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 2.390.000
KJARAKAUP: **1.890.000**

Afsláttur: 300.000



**Toyota Yaris** 1000 Terra
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 34.000 km, beinskiptur
Ásett verð: 2.390.000
KJARAKAUP: **2.090.000**

Afsláttur: 900.000

**MM Pajero 3.2 Instyle**
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 22.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 8.790.000
KJARAKAUP:
**7.890.000**



3,2 l dísil-vél sem skilar 200 hestöflum. Leðurinnrétting, rafdrifin framsæti, aukasæti (7 manna), bakkmyndavél, xenon ljós, ný heilsársdekk o.fl.

Afsláttur: 600.000



**Audi A4 Avant** 2.0TDI
Árgerð 2011, dísil
Ekinn 45.500 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 4.790.000
KJARAKAUP: **4.190.000**

Afsláttur: 600.000



**Suzuki Grand Vitara**
LUX Árgerð 2010, bensín
Ekinn 61.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 3.890.000
KJARAKAUP: **3.290.000**

# KJARAKAUP

## Úrval notaðra bíla á **einstöku** verði

HEKLA býður áfram einstök kjör á völdum notuðum bílum á meðan birgðir endast. Fyrstir koma, fyrstir fá. Bílarnir eru til sýnis hjá HEKLU, Laugavegi 170-174. Kjarakaup HEKLU gera þér kleift að eignast gæðabíl á einstöku verði.

NÚ FER
HVER AÐ
VERÐA
SÍÐASTUR

Afsláttur: 360.000



**Chevrolet Lacetti** 1800
station Árgerð 2010, bensín
Ekinn 42.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 1.950.000
KJARAKAUP: **1.590.000**

Afsláttur: 400.000



**Volvo V50**
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 133.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 1.790.000
KJARAKAUP: **1.390.000**

Afsláttur: 400.000



**Skoda Superb** 1.8T
Árgerð 2006, bensín
Ekinn 150.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 1.690.000
KJARAKAUP: **1.290.000**

Kíkið inn á: **heklanotadirbilar.is**

HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvar vilja sjálfstæðismenn sýna fornrit Íslendinga í sumar?
**2.** Hvað hljómsveit, sem fór á ís árið 2004, snýr aftur?
**3.** Hvaða handboltaþjálfari var ráðinn til tveggja félaga sama daginn?

**SVÖR:**
**1.** Í fundarsal borgarstjórnar Reykjavíkur.
**2.** Maus.
**3.** Ágúst Jóhannsson.

Komið að þolmörkum fyrir gras sem legið hefur mánuðum saman undir ís:

# Gætu þurft að sá fræjum í sárin

**NÁTTÚRA** „Klakann hefur tekið upp, en það eru víða stórir klakaflákar eftir. Grasið þolir tvo til þrjá mánuði undir klaka, og þangað erum við komin í dag,“ segir Þórólfur Jónsson, garðyrkjustjóri Reykjavíkurborgar.

Hann segist hafa áhyggjur af því að grasið sem enn liggur undir ísnum verði fyrir kalskemmdum og drepist.

„Við þolum það þótt það komi kal á umferðareyjar, en það er verra með boltavelli og í skrúðgörðum,“ segir Þórólfur. Hann segist búast við því að eitthvað verði um graslausar skellur í vor, og líklega verði brugðist við því með því að sá grasfræjum í sárin.

Þótt borgarstarfsmenn sái í kalsárin segir Þórólfur ljóst að grasið muni aldrei líta vel út þetta sumarið á þeim stöðum þar sem kalskemmdir séu verulegar. Enn sé þó of snemmt að spá um hvort ástandið verði slæmt. Klakinn sé óðum að minnka, en helst þurfi góða hláku til að restin fari. - bj



**KLAKABÖND** Gras þolir að liggja undir klaka í tvo til þrjá mánuði, en eftir það fer það að skemmast. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Háskólinn á Akureyri:

# Sjö sóttu um stöðu rektors

**MENNTUN** Sjö manns sóttu um stöðu rektors við Háskólann á Akureyri en umsóknarfrestur rann út 28. febrúar.

Þeir sem sóttu um voru Anna Elísabet Ólafsdóttir aðstoðarrektor, Eyjólfur Guðmundsson hjá CCP, Javier Sánchez Merina aðstoðarprófessor, Sigurður Kristinsson prófessor, Sveinn Aðalsteinsson framkvæmdastjóri, Sveinn Viðar Guðmundsson prófessor og Ögmundur Knútsson, forseti viðskipta- og raunvísindasviðs HA. - fb



**VATNSLEKI** Slökkviliðsmennirnir eyddu tveimur klukkustundum á vettvangi í gær við að hreinsa upp vatn eftir lekann. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Slökkvilið kallað á vettvang:

# Vatnslögn fór í sundur í húsi við Barónsstíg

**LÖGREGLUMÁL** Slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu var kallað út vegna heitavatnsleka á Barónsstíg um hádegisbilið í gær.

Samkvæmt upplýsingum frá slökkviliðinu fór lögn í sundur vegna framkvæmda við gatnamót Hverfisgötu og Barónsstígs með þessum leiðinlegu afleiðingum. Óvíst er hversu mikið tjónið var en slökkviliðsmenn voru í tvær klukkustundir á vettvangi við að ná bleytunni í burtu. - fb

# Segja engum hampað í Ölfusi

**Bæjarstjórn Ölfuss sendir til umsagnar hjá Skipulagsstofnun breytingu á skipulagi til að Orkuveitan geti nýtt heitt vatn á Norðurhálsum. Fulltrúar minnihlutans segja málið stríða gegn hagsmunum sveitarfélagsins sjálfs.**

**UMHVERFISMÁL** „Nauðsynlegt er að skipuð verði sjálfstæð umhverfisnefnd innan sveitarfélagsins sem lætur sig náttúru sveitarfélagsins einhverju varða,“ segja fulltrúar minnihlutans í bæjarstjórn Ölfuss þar sem samþykkt hefur verið að senda breytingu á aðalskipulagi Norðurhálsa til umsagnar hjá Skipulagsstofnun.

Að því er kom fram á fundi bæjarstjórnar nær aðalskipulagsbreytingin til svæðis frá Hverahlíð sem stækkar upp á Norðurhálsa um 180 hektara. Aflétta á hverfisvernd og vatnsvernd að því svæði sem iðnaðarsvæðið nær til.

„Ef rannsóknir leiða í ljós að um nýtanlegt vinnslusvæði sé að ræða, verða borholur á Norðurhálsum tengdar gufuveitu Hverahlíðarvirkjunar með safnæðum að skiljustöðvum virkjunarinnar,“ segir um tillöguna.

Fulltrúar minnihlutans vísa til aðalskipulags Ölfuss til ársins 2022 um að viðhalda eigi samfelldum, lítt skertum landslagsheildum eins og framast sé kostur og á iðnaðarsvæðum sé fyrst og fremst gert ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem geti haft í för með sér mengun.

„Í ljósi þessarar skilgreiningar er með öllu óskiljanlegt að umhverfisþættir í aðalskipulagsbreytingunni séu allir settir í „0 kost“. Það er með öðrum orðum engin neikvæð áhrif samfara þessum hugsanlegu framkvæmdum OR á Norðurhálsum,“ benda fulltrúarnir á. „Er þetta einhver brandari?“ spyrja þeir.

Þá benda fulltrúar minnihlutans á að nýta eigi orkuna fyrir álver í Helguvík og segja það ekki samrýmast markmiðum aðalskipulags um að orka sem unnin sé innan Ölfuss nýtist fyrir atvinnulíf þar. Samkvæmt orðum forseta bæjarstjórnar sé markmiðið að aðstoða OR í vandræðum fyrirtækisins.




**HELLISHEIÐI** Orkuveita Reykjavíkur stefnir að því að nýta orku úr borholum í Hverahlíð í Hellisheiðarvirkjun. MYND/OR

> „Er þetta einhver brandari?“
> *Fulltrúar minnihlutans í bæjarstjórn Ölfuss.*

Fulltrúar meirihlutans segja staðreyndavillur og rangan skilning í málflutningi minnihlutamanna. Umhverfismat muni draga fram í hvaða flokk umhverfisþættir falla. Minnkun á vatns- og hverfisvernd verði innan við 1 prósent af heildarstærð verndarsvæðisins.

Einnig segir meirihluti bæjarstjórnar að samskiptin við Orkuveituna fari fram samkvæmt eðlilegri stjórnsýslu. Fulltrúar minnihlutans hafi slitið orð forseta bæjarstjórnar úr samhengi „svo þau þjóni undarlegum málflutningi þeirra“. Orkuveitunni sé ekki hampað umfram aðra. „Hagsmunir íbúa sveitarfélagsins hafa verið hafðir að leiðarljósi í þessu máli sem öðrum.“ gar@frettabladid.is

## Kostir fyrir OR við nýtingu í Hverahlíð



**BJARNI BJARNASON**

Hagkvæmasta lausnin til skemmri tíma virðist sú að leiða gufu frá jarðhitasvæðinu í Hverahlíð niður í Hellisheiðarvirkjun og tryggja þannig full afköst virkjunarinnar og tekjur til næstu ára. Það gefur okkur það tóm sem við þurfum til þess að vinna að öðrum lausnum og varanlegri bæði hvað gufuöflun og niðurdælingu á vinnsluvatni varðar.

*Heimild: Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, á vef fyrirtækisins um kosti þess að leiða gufu frá Hverahlíð fimm kílómetra að Hellisheiðarvirkjun.*


Verkir í hálsi og öxlum?

Verkjastillandi og bólgueyðandi við verkjum í hálsi og öxlum!






Voltaren

*Fæst án lyfseðils*

Voltaren 11,6 mg/g, hlaup. Inniheldur 11,6 mg af díklófenaktvíetýlamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf: Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi borið á aumt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meiðsli í stoðkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hafið samband við lækninn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð í 7 sólarhringa. Frábendingar: Ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, asetýlsalisýlsýru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakláða eða bráða nefslímubólgu af völdum asetýlsalisýlsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Síðustu 3 mánuðir meðgöngu. Má ekki nota handa börnum og unglingum 14 ára og yngri. Sérstök varnaðarorð: Má eingöngu bera á heila og heilbrigða húð og alls ekki á slímhúðir eða augu. Getur valdið húðertingu. Varast skal mikið sólarljós, notkun samhliða bólgueyðandi lyfjum eða að hylja notkunarsvæðið með loftþéttum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/ofnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hætta á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á almennum aukaverkunum, t.d. á nýru. Við brjóstagjöf eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ


NÝR
SUMAR-
BÆKLINGUR
ER KOMINN ÚT!
ÚRVAL·ÚTSÝN
SKANNAÐU KÓÐANN
OG SKOÐAÐU
BÆKLINGINN
EINNIG Á UU.IS/SUMAR
Komdu við hjá okkur í Hlíðasmára 19,
Kópavogi og nældu þér í eintak
ALMERÍA
17.–24. júní
ARENA CENTER
FRÁ 84.800 KR.
á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn.
Verð 105.600 kr. m.v. tvo fullorðna.
COSTA BRAVA
16.–23. júní
XAINE PARK
FRÁ 96.400 KR.
á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn.
Verð 114.238 kr. m.v. tvo fullorðna.
BENIDORM
17.–24. júní
MILORD'S SUITES
FRÁ 82.500 KR.
á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn.
Verð 103.999 kr. m.v. tvo fullorðna.
ALICANTE BORG
1.–8. júlí
ALBAHIA
FRÁ 88.150 KR.
á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn.
Verð 101.738 kr. m.v. tvo fullorðna.
TENERIFE
27. ágúst – 3. september
PARQUE DE LAS AMERICAS
FRÁ 99.800 KR.
á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn.
Verð 115.099 kr. m.v. tvo fullorðna.
ALBÍR
17.–24. júní
ALBIR PLAYA
FRÁ 85.200 KR.
á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn.
Verð 100.121 kr. m.v. tvo fullorðna.
MADEIRA
22.–30. apríl
ALTO LIDO
FRÁ 159.900 KR.
á mann m.v. tvo fullorðna.
ÚRVAL·ÚTSÝN
ÚRVAL ÚTSÝN | HLÍÐASMÁRA 19, KÓP. | S. 585 4000

# Rússar allsráðandi á Krímskaga

Rússar báru í gær til baka fréttir um að þeir hefðu sett úkraínskum hermönnum á Krímskaga lokafrest til að gefast upp. Þeir segjast hins vegar hvergi á förum. Bandaríkin, önnur vestræn ríki, NATO og Sameinuðu þjóðirnar fordæma aðgerðir Rússa en hóta ekki hernaði á móti.

**ÚKRAÍNA** Rússar hafa lokað aðgangi meginlands Úkraínu að Krímskaga og hyggjast byggja brú yfir sundið milli Krímskaga og Rússlands. Dmítrí Medvedev, forsætisráðherra Rússlands, gaf fyrirmæli um þetta í gær.

Rússneski herinn hafði í gær í reynd náð öllum Krímskaga á sitt vald, þótt úkraínskir hermenn á skaganum hafi ekki verið búnir að gefast Rússum á vald.

Rússar báru hins vegar í gær til baka fréttir um að þeir hefðu gefið úkraínskum hermönnum á Krímskaga lokafrest þangað til klukkan þrjú í nótt, eða fimm að staðartíma, til að gefast upp. Rússneska fréttastofan Interfax hafði fullyrt að Alexander Vitko, yfirmaður Svartahafsflota rússneska sjóhersins, hefði sett Úkraínumönnum þennan lokafrest.

Denís Beresovskí, yfirmaður úkraínska sjóhersins á Krímskaga, gekkst hins vegar Rússum á hönd í gær. Síðar um daginn ræddi hann við fyrrverandi hermenn sína og hvatti þá til að gera slíkt hið sama, en þeir reyndust tregir til.

Serhí Haídúk, sem tók við af Beresovskí, sagði hann vera svikara.

Vesturlönd hafa fordæmt aðgerðir Rússa og hvatt þá til að fara heldur samningaleiðina. Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu gæti hugsanlega haft milligöngu í slíkum viðræðum. Engar raddir hafa heyrst um að Vesturlönd telji til greina koma að senda herlið til Úkraínu.

Hins vegar hafa refsiaðgerðir gegn Rússum verið ræddar. Meðal annars hefur verið rætt um eignafrystingu. Þá virðist G7-ríkjahópurinn staðráðinn í að mæta ekki til G8-fundar í Sotsjí í Rússlandi í sumar, þar sem Rússar yrðu með.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna var kallað saman á neyðarfund í gærkvöld og Atlantshafsráðið, æðsta valdastofnun NATO, kom einnig saman í gær og sendi frá sér ályktun um Úkraínu þar sem aðgerðir Rússa voru fordæmdar og sagðar ganga í bág við alþjóðalög.

Þá sagðist Evrópusambandið hafa ákveðið að hætta í bili öllum viðræðum við Rússa um vegabréfsáritanir, en Rússar hafa undanfarið reynt að ná samkomulagið við Evrópusambandið um að Rússar þyrftu ekki vegabréfsáritanir til að ferðast til aðildarríkja ESB.

Joe Biden, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, er sagður hafa hvatt Rússa til að fallast á að alþjóðlegt friðargæslulið verði sent til Úkraínu.

Angela Merkel Þýskalandskanslari hefur sagt að Pútín gæti hafa misst öll tengsl við raunveruleikann, en Rússar segjast vera að verja rússneskumælandi íbúa Úkraínu gegn öfgahægriöflum sem hafi tekið völdin í Úkraínu.

Um sextíu prósent íbúa Krímskaga eru rússneskumælandi, en engan veginn er þó víst að þeir vilji allir sameinast Rússlandi. Aðrir íbúar skagans hafa lítinn áhuga á yfirráðum Rússlands.

gudsteinn@frettabladid.is






**Í VARÐSTÖÐU** Úkraínskir lögreglumenn standa hér vörð við héraðsstjórnarbygginguna í hafnarborginni Odessu og varna því að stuðningsfólk Rússlands ráðist inn í bygginguna. NORDICPHOTOS/AFP

## Þrír möguleikar virðast líklegastir

Þýska tímaritið Der Spiegel veltir fyrir sér út í hvað spennan í Úkraínu geti þróast á næstunni. Þrír möguleikar þykja líklegastir.

Í versta falli gæti brotist út stríð milli Rússa og Úkraínumanna. Þetta myndi gerast ef Úkraínustjórn ákveður að veita Rússum mótspyrnu frekar en að láta undan. Átökin yrðu líklega helst á Krímskaga eða á mörkum Krímskaga og Úkraínu. Þau gætu breiðst út til annarra staða í Úkraínu, einkum austurhluta landsins þar sem rússneskumælandi íbúar eru fjölmennastir.

Blaðamennirnir á Der Spiegel hafa ekki mikla trú á því að Vesturlönd grípi inn í og sendi herlið til að berjast við Rússa. Mjög líklega verði þó Rússar beittir refsiaðgerðum.

Annar möguleiki er sá, sem leiðtogar á Vesturlöndum myndu helst kjósa, en það er að samningaviðræður fari fram með þátttöku Vesturlanda og alþjóðastofnana í von um að menn rambi á endanum á lausn sem flestir gætu sætt sig við. Til greina kæmi að senda friðargæslulið til Úkraínu á meðan ástandið væri sem viðkvæmast.

Þriðji möguleikinn, og sá sem líklegastur virðist orðinn eftir atburði gærdagsins, er sá að Úkraína liðist smám saman í sundur. Rússar hafi Krímskaga á valdi sínu til frambúðar og hugsanlega muni þeir hertaka einnig nokkur svæði í austurhluta Úkraínu, sem þeir myndu nefna verndarsvæði. Úkraínustjórn gæti lítið gert og eftir stæði mun minni Úkraína.



**Á KRÍMSKAGA** Þessi maður stóð vörð um úkraínska herstöð í Kertsj á Krímskaga í gær. Úkraínskir hermenn horfa út um girðinguna. NORDICPHOTOS/AFP


Allsherjaratkvæðagreiðsla

Rafræn allsherjaratkvæðagreiðsla meðal félagsmanna VR

Rafræn allsherjaratkvæðagreiðsla meðal félagsmanna VR vegna kjörs sjö sæta í stjórn og þriggja til vara, skv. 20. gr. laga félagsins, hefst kl. 09:00 þann 6. mars nk. og lýkur kl. 12:00 á hádegi þann 14. mars nk.

Allar nánari upplýsingar er hægt að nálgast á www.vr.is eða með því að hringja á skrifstofu félagsins í síma 510 1700.

Kjörstjórn VR

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing Réttlæti VR




**GUNNAR BRAGI SVEINSSON** Utanríkisráðherra er ekki sáttur við vinnubrögð sumra fréttamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Gunnar Bragi Sveinsson veitti RÚV ekki viðtal:

## Ósáttur við hvernig viðtöl eru klippt til

**FJÖLMIÐLAR** Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra tjáði sig í gær um hvers vegna hann veitti RÚV ekki viðtal að loknum fundi í utanríkismálanefnd. Fréttamenn frá RÚV og Stöð 2 voru mættir á vettvang og fór svo að Gunnar Bragi ræddi aðeins við Heimi Má Pétursson, fréttamann Stöðvar 2.

„Til hvers veitir maður viðtöl? Jú, til að svara spurningum fréttamanna sem leita upplýsinga og til að veita upplýsingar. Ég hef ekki alltaf verið sáttur við það hvernig fréttamenn klippa til viðtöl og sleppa mikilvægum upplýsingum sem eiga erindi við almenning,“ skrifaði Gunnar Bragi á Facebook-síðu sína.

Hann segir steininn hafa tekið úr síðasta föstudag. „Og það sem verra er að þegar falast var eftir óklipptri upptöku af viðtalinu frá RÚV, var því neitað.“

Sunna Gunnars Marteinsdóttir, aðstoðarkona utanríkisráðherra, hafði áður vísað öllum ummælum um að utanríkisráðherra stundi ritskoðun á bug. „Þetta snýst að engu leyti um að ritskoða RÚV,“ sagði Sunna og vísaði til þess að ráðherra hefði einfaldlega verið ósáttur við frétt sem birtist fyrir helgi.

- hvh




FOOD AND FUN

# VERÐLAUNA-SEÐILLINN ER Á VOX

**Komdu og njóttu þess besta af Food and Fun dagana 4.-9. mars**

## MATSEÐILL

*Norsk hörpuskel, ígulker og piparrót*
*Leturhumar í fennel og jurtatei*
*Þorskur og hrogn. Steinefni og grænmeti*
*Lamb með jarðskokkum, lakkrís, brúnuðu smjöri og sítrónu*
*Sítrus, súkkulaði og pistasíur*

---

Verð: *7.990 kr.*

**Sigurvegarar Food & Fun á VOX**

**Sven Erik Renaa** er margverðlaunaður matreiðslumaður frá Noregi. Hann hóf feril sinn hjá Britannia Hotel, færði sig svo yfir á Annen Etage í Osló uns kallið kom frá Park Avenue Café og David Burke í New York. Þegar hann snéri aftur til Osló, tók hann við eldhúsinu á Brasseriet Hansken og kom svo veitingastaðnum Oro á laggirnar. Sven Erik hefur nú búið í Stavanger frá árinu 2001, þar sem hann vann hjá Gastronomisk Institutt uns hann byrjaði með Renaa Restauranter árið 2009.

**Fredrik Log** er 'Chef de cuisine' á veitingastöðum Sven Erik Renaa í Stavanger en Fredrik var valinn matreiðslumaður ársins 2013. Áhugi hans á matreiðslu kviknaði strax í barnæsku en hann heldur því fram að lárviðarlaufs- og nautakjötspottréttur ömmu eða dádýrsréttur afa síns sé eitthvað sem enginn hafi enn náð að toppa.

ENNEMM / SÍA / NM61681

VOX
RESTAURANT

Hilton Reykjavík Nordica | Suðurlandsbraut 2
**Upplýsingar og bókanir í síma 444 50 50 og á vox.is**

Dagsvelta var 1,6 milljarðar:

# Hlutabréfavelta jókst um 58%

**VIÐSKIPTI** Hlutabréfavelta í Kauphöllinni jókst um 28 prósent milli janúar og febrúar, samkvæmt yfirliti sem Kauphöllin birti í gær.

Aukning milli ára nemur 58 prósentum. Í febrúar í fyrra námu viðskiptin um 1.006 milljónum á dag. Viðskipti með hlutabréf í Kauphöllinni í nýliðnum mánuði námu 31.892 milljónum króna eða sem svarar 1.595 milljónum á dag.

Mest voru viðskipti með bréf Icelandair Group, 14,6 milljarðar. - óká, fbj

Reykskýli sem kostaði á þriðju milljón króna hefur verið reist og annað er væntanlegt:

# Ekkert reykjarkóf lengur við Kringluna

**HEILSA** Reykskýli hefur verið reist fyrir framan annan innganginn á fyrstu hæð Kringlunnar. Framkvæmdin tengist endurnýjun á aðalinngöngunum fimm í húsið en sá fyrsti var endurnýjaður fyrr á árinu. Skýlið er upphitað og upplýst og kostaði á þriðju milljón króna.

„Við höfum sett okkur það markmið við endurnýjun á inngöngum í húsið að koma upp svona aðstöðu þar sem annars vegar reykingamenn geta verið í skjóli og hins vegar að þeir sem ganga um inngangana okkar geta gert það án þess að ganga í gegnum eitthvert reykjarkóf. Markmiðið er að koma til móts við báða aðila,“ segir Sigurjón Örn Þórsson, framkvæmdastjóri Kringlunnar.

Kvartað hefur verið yfir reykingamönnum fyrir framan innganga Kringlunnar, sérstaklega á neðri hæðinni. „Við höfum fengið flestar athugasemdir við inngangana sem eru ekki undir beru lofti,“ segir Sigurjón Örn og bætir við að ætlunin sé að reisa annað reykskýli á fyrstu hæðinni síðar á þessu ári. Hinum tveimur verði bætt við seinna.

„Þetta kostar allt skildinginn en ég held að það muni skila sér þegar þetta er komið í gagnið alls staðar í ánægðari viðskiptavinum, bæði reyklausum og þeim sem reykja.“ - fb



**REYKSKÝLIÐ** Skýlið við inngang Kringlunnar er bæði upphitað og upplýst. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**GARRY KASPAROV** Heimsmeistarinn fyrrverandi verður heiðursgestur. NORDICPHOTOS/GETTY

Reykjavíkurskákmótið:

# Garrí Kasparov heiðursgestur

**SKÁK** Fimmtugasta Reykjavíkurskákmótið hefst í Hörpu í dag og stendur yfir til 12. mars. Í tilefni afmælisins verða ýmsar uppákomur.

Heiðursgestur verður Garrí Kasparov, fyrrverandi heimsmeistari í skák, og verður hann á landinu 9.-11. mars. Hann ætlar að heimsækja leiði Bobbys Fischer á 71. fæðingardegi Fischers, 9. mars. Kasparov mun einnig árita bækur fyrir skákáhugamenn í Hörpu 10. mars. Búist er við metþátttöku í mótinu. Gera má ráð fyrir að keppendur verði á bilinu 260 til 270 talsins, frá um 45 löndum. Meðal keppenda eru 27 stórmeistarar og þrjátíu alþjóðlegir meistarar. - fb

Sjúkratryggingar Íslands:

# Afsláttarkort nú á rafrænu formi

**HEILBRIGÐISMÁL** Sjúkratryggingar Íslands hófu um mánaðamótin útgáfu rafrænna afsláttarkorta vegna heilbrigðisþjónustu og hefur útgáfu afsláttarkorta á pappír alfarið verið hætt. Í tilkynningu frá Sjúkratryggingum segir að kortin hafi hingað til verið heimsend, en því verður nú hætt.

Framvegis verður ekki nauðsynlegt að framvísa korti þegar leitað er til læknis eða sjúkrastofnunar, þar sem allir veitendur heilbrigðisþjónustu hafa rafrænan aðgang að upplýsingum um útgefin afsláttarkort. - eb

# Gagnrýna „persónunjósnir“

Í nýju frumvarpi eru ríkislögreglustjóra veittar auknar heimildir til bakgrunnsskoðunar á flugmönnum. Gengið er gegn úrskurði Persónuverndar og formaður FÍA segir eftirlit minna á Austur-Evrópu á kaldastríðsárunum.

**STJÓRNSÝSLA** Aðalfundur Félags íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA) gagnrýnir lagafrumvarp innanríkisráðherra sem veitir ríkislögreglustjóra heimildir til að afla persónulegra upplýsinga um flugmenn.

Um er að ræða upplýsingar um hvort viðkomandi eigi aðild að einkamáli fyrir dómstólum, sé á skrá Creditinfo yfir fjárhagsmálefni og lánstraust auk upplýsinga um hjúskaparstöðu viðkomandi. Sambærilegra upplýsinga má afla um maka eða sambýling.

Öflun þessara upplýsinga er liður í bakgrunnsskoðun á starfsmönnum sem fara í gegnum Keflavíkurflugvöll, til að tryggja öryggi og gæta almannahagsmuna.

Hafsteinn Pálsson, formaður FÍA, segir eðlilegt að bakgrunnsathuganir séu gerðar til að sannreyna hver viðkomandi er og athuga hvort hann hafi hlotið dóm en hér sé gengið of nærri friðhelgi einkalífsins.

„Ég skil ekki hvernig það varðar almannaöryggi hvort einhver standi í forræðisdeilu, eigi í nágrannaerjum eða hversu mikið viðkomandi skuldi í húsinu sínu. Það gerir flugmanninn ekki að óheiðarlegum eða hættulegum manni,“ segir Hafsteinn.

FÍA kærði þessar athuganir til Persónuverndar þegar þær birtust fyrst á eyðublaði félagsmanna árið 2012. Persónuvernd úrskurðaði fyrir ári að öflun þessara upplýsinga væri ríkislögreglustjóra óheimil á grundvelli ákvæða mannréttindalaga um friðhelgi einkalífsins og rétt til atvinnu.

Hafsteinn segir viðbrögð stjórnvalda við þeim dómi vera að lögleiða þessar persónurannsóknir.

„Ríkislögreglustjóri fullyrðir að verið sé að uppfylla reglur ESB en þær reglur hef ég hvergi séð. Samkvæmt frumvarpinu mun Ísland ganga mun lengra en önnur Evrópuríki í persónunjósnum við framkvæmd bakgrunnsathugana. Þetta minnir á ástandið sem var í Austur-Evrópu á tímum kalda stríðsins.“



**Ég skil ekki hvernig það varðar almannaöryggi hvort einhver standi í forræðisdeilu, eigi í nágrannaerjum eða hversu mikið viðkomandi skuldi í húsinu sínu.**

*Hafsteinn Pálsson, formaður FÍA*

Hann segir að með frumvarpinu sé valtað yfir úrskurð Persónuverndar. Einnig að um mikið hagsmunamál sé að ræða þar sem flugmenn séu háðir því að fá samþykkta bakgrunnsskoðun til að geta stundað sína atvinnu.

„Þetta varðar starfsöryggi og afkomu félagsmanna og fjölskyldna þeirra. Samt sem áður var ekki haft samband við eitt einasta hagsmunafélag við gerð frumvarpsins og leitað álits.“

Í svari sem birtist á vef Ríkislögreglustjóra er fullyrðingu FÍA um aðför að starfsöryggi og afkomu félagsmanna hafnað og áréttað að bakgrunnsathuganir „eru til þess ætlaðar að efla öryggi í flugi og á flugvöllum og eru samkvæmt alþjóðakröfum um flugvernd“.

Endurskoða þurfi lagaheimildir er varða bakgrunnsathuganir og kveða skýrt á um hvað skuli athuga hjá viðkomandi og hvaða ástæður geta valdið neikvæðri umsögn. erlabjorg@frettabladid.is



**Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI** Til að flugmenn geti farið um Keflavíkurflugvöll þurfa þeir að standast bakgrunnsskoðun ríkislögreglustjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

## Óvönduð vinnubrögð ríkislögreglustjóra

Nýlegt dæmi af félagsmanni FÍA sýnir hversu alvarlegar afleiðingar bakgrunnsskoðun getur haft á líf og starf flugmanna.

Flugmaðurinn svaraði spurningu um hvort hann hefði einhvern tímann tekið þátt í ólöglegu athæfi. Hann taldi sig þurfa að útskýra að hann hefði tekið gengislán hjá Íslandsbanka, sem síðar voru dæmd ólögleg.

Í framhaldi af því var hann kallaður á fund þar sem hann útskýrði betur hlið sína og baðst afsökunar á misskilningi. Í kjölfarið var honum samt sem áður hafnað um bakgrunnsskoðun. Það þýðir að hann hafði ekki leyfi til að fara í gegnum Keflavíkurflugvöll og stóð þar af leiðandi frammi fyrir því að geta ekki stundað starf sitt.

FÍA kærði málið til innanríkisráðuneytisins sem sagði höfnunina ómálefnalega og var hún dregin til baka.

„Þetta dæmi sýnir að ríkislögreglustjóri stendur ekki faglega að athuguninni og við óttumst þessi vinnubrögð,“ segir Hafsteinn. „Með auknum heimildum fást fleiri fletir sem gætu haft áhrif á bakgrunnsskoðun. Þetta eru atriði sem hafa ekkert með flugöryggi að gera en ógna um leið verulega starfsöryggi flugmanna.“


JÖFUR
ATVINNUHÚSNÆÐI

534 1020
Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is




TIL LEIGU
Skútuvogur 5, 104 Reykjavík
Þjónustu- og skrifstofuhúsnæði
Stærð **1245 fm.**
Laust strax
Allar nánari upplýsingar veitir:



Ólafur Jóhannsson
Rekstrarfræðingur
*Löggiltur leigumiðlari*
*Löggiltur fasteignasali*
534 1023 / 824 6703
olafur@jofur.is

Jarðhæð: 8 lokaðar skrifstofur, opið vinnurými, fundarherbergi, móttökurými og kaffikrókur. Efri hæð: tvö opin vinnurými, 6 skrifstofur, fundarherbergi, eldhúskrókur og skjalageymsla. Neðri hæðir: Vinnusalur, eldhús með vönduðum innréttingum. Þar er einnig starfsmannaaðstaða og geymslur. Útgangur er út á verönd úr eldhúsi. Parket og flísar á gólfum, kerfisloft og lagnastokkar með veggjum.


Gylfi Magnússon hjá viðskiptafræðideild HÍ:

# Undrast ummæli

**MATVÆLI** Gylfi Magnússon, dósent við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands og fyrrverandi efnahags- og viðskiptaráðherra, furðar sig á orðum formanns Bændasamtaka Íslands, Sindra Sigurgeirssonar, um sóknarfæri í útflutningi matvæla.

Í ræðu Sindra kom fram að innflutningur á matvöru nemi um fimmtíu milljónum króna á dag umfram útflutning.

„Staðreyndin er að við flytjum út fyrir meira en 600 milljónir króna á dag umfram innflutning,“ skrifaði Gylfi á Facebooksíðu sína. Stærsti hluti matvælaútflutnings Íslendinga skrifast á sjávarútvegsafurðir. „Við flytjum út um tvö tonn á ári fyrir hvern Íslending og varla nokkur þjóð í heimi sem gerir betur en það.“

Í samtali Vísis við Gylfa áréttaði hann undrun sína á málflutningnum og sagði: „Mér finnst þetta mjög skrýtið af því það er ekki eins og þetta sé leyndarmál. Þetta eru opinberar hagtölur um útflutning.“ - ss



**GYLFI MAGNÚSSON** Furðar sig á orðum formanns Bændasamtaka Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**SKOÐAÐ** Endurnýjun bílaflotans virðist vera í ágætum farvegi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bílasala jókst um 23,5%:

# Nýskráningum fjölgar um 30%

**VIÐSKIPTI** Sala á nýjum bílum jókst um 30,3 prósent í febrúar. Nýskráðir fólksbílar í mánuðinum voru 495 samanborið við 380 í sama mánuði 2013, samkvæmt fréttatilkynningu Bílgreinasambandsins.

Samtals hafa verið skráðir 1.037 fólksbílar það sem af er árinu. Það er 23,5 prósenta aukning frá fyrra ári. Þar af hafa verið nýskráðir 293 bílaleigubílar

„Bílasala heldur áfram að aukast og er aukningin aðallega í sölu til einstaklinga og fyrirtækja,“ segir Özur Lárusson, framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins, í tilkynningunni. - hg

Ungir danskir prestar:

# Messur verði á virkum dögum

**DANMÖRK** Ungir prestar í Danmörku vilja fá að hafa guðsþjónustu á öðrum dögum en á sunnudögum.

Þeir vilja ekki bara hefðbundnar messur og nefna sem dæmi hugleiðingarmessur, spagettímessur eða annars konar messur sem söfnuðurinn vill.

Ungu prestarnir benda á að miklu fleiri sæki óhefðbundnar messur á virkum dögum heldur en sunnudagsguðsþjónustur og vilja losna við kröfuna um þær síðarnefndu. Frá þessu er greint í frétt á vef Kristilega dagblaðsins. - ibs

Starfi úthýst til Indlands:

# Prófarkalesari fær tugi milljóna í bætur

**NOREGUR** Prófarkalesara hjá bókasafni blindra í Noregi, sem var sagt upp þegar prófarkalestrinum var úthýst til Indlands, hafa verið dæmdar 76 milljónir íslenskra króna í bætur.

Yfirmaður prófarkalesarans sagði fyrir rétti að prófarkalesturinn væri auðveldari fyrir Indverja sem ekki kynnu norsku. Á það féllst rétturinn ekki.

Yfirmaðurinn hélt því fram að lesturinn í Indlandi væri sjálfvirkur. Verjandinn fékk upplýsingar frá Indlandi um að svo væri ekki. - ibs

Menntafyrirtæki ársins:

# Samskip bar sigur úr býtum

**VERÐLAUN** Samskip hafa verið útnefnd Menntafyrirtæki ársins 2014. Þetta er í fyrsta skipti sem þessi verðlaun eru veitt. Auk Samskipa voru Isavia, Landsbankinn og Rio Tinto Alcan á Íslandi tilnefnd. „Þetta er mikill heiður og um leið viðurkenning á því góða starfi sem unnið hefur verið á þessu sviði hjá Samskipum,“ segir Ásbjörn Gíslason, forstjóri Samskipa.

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, afhenti verðlaunin á Hilton Reykjavík Nordica, þar sem fram fór Menntadagur atvinnulífsins í fyrsta sinn. Samtök atvinnulífsins standa að deginum ásamt aðildarfélögum sínum, LÍÚ, SVÞ, SF, SFF, SI, Samorku og SAF. - fb

Aðalmeðferð hafin í máli íþróttamannsins Oscars Pistorius vegna meints morðs á kærustu sinni:

# Nágranni heyrði skelfingaröskur Reevu

**SUÐUR-AFRÍKA** Suður-afríski íþróttamaðurinn Oscar Pistorius sagðist fyrir dómi í gær vera saklaus af ásökunum saksóknara um að hafa myrt Reevu Steenkamp, kærustu sína, á Valentínusardaginn í fyrra.

„Það var eitthvað hræðilegt að gerast í húsinu,“ sagði Michelle Burger, vitni í málinu, fyrir rétti í gær. Burger segist hafa heyrt ógnvænleg óp og skothvelli frá íbúð þeirra Pistorius og Steenkamp.

„Hún rak upp skelfingaröskur og bað um hjálp. Síðan heyrði ég karlmann hrópa þrisvar eftir hjálp,“ sagði Burger.

„Skömmu eftir óp hennar heyrði ég fjóra skothvelli,“ bætti Burger við.

Pistorius sat svipbrigðalaus í réttarsalnum í gær og horfði niður í gólfið. Hann hefur alla tíð haldið því fram að dauði Steenkamp hafi verið hræðilegt slys, en hann taldi sig vera að skjóta innbrotsþjóf sem hefði falið sig inni á klósettinu.

Steenkamp varð fyrir þremur skotum sem hæfðu hana í handlegg, mjöðm og höfuð. Hún var úrskurðuð látin á vettvangi.

Takist ákæruvaldinu að sýna fram á ásetning Pistorius um að myrða kærustu sína gæti hann átt yfir höfði sér lífstíðarfangelsi.

Réttarhöldin munu standa yfir í þrjár vikur hið minnsta, en ráðgert er að þau muni taka töluvert lengri tíma í ljósi þess að 107 vitni hafa verið kölluð til í málinu.

Réttarhöldunum er sjónvarpað beint í Suður-Afríku og þau halda áfram í dag. - js



**OSCAR PISTORIUS** Réttarhöldin yfir Oscar Pistorius halda áfram í dag. MYND/AFP


*Reykjavík, 3. mars 2014*

## ÁSKORUN TIL HEILBRIGÐISRÁÐHERRA OG ALLRA ALÞINGISMANNA VEGNA HÓPLEITAR AÐ RISTILKRABBAMEINI

**Hefjum hópleit að ristilkrabbameini strax.**

Krabbamein í ristli er þriðja algengasta krabbameinið á Íslandi. Árlega deyja 50–55 Íslendingar úr þessum sjúkdómi. Koma má í veg fyrir sjúkdóminn í mörgum tilfellum með skipulagðri hópleit. Ristilsepi er forstig flestra ristilkrabbameina. Hægt er að greina slík forstig og ristilkrabbamein, annað hvort með því að leita að blóði í hægðum og/eða framkvæma ristilspeglun þar sem greining og meðferð er framkvæmd í senn.

Kostnaður vegna hópleitar að ristilkrabbameini er lítið brot af því sem meðferð við sjúkdómnum kostar þjóðfélagið. Erfitt er að rökstyðja hvers vegna ætti að bíða lengur með að hefja skipulega hópleit.

Alþingi hefur ályktað um málið og ávinningur einstaklinga, fjölskyldna og samfélags er ótvíræður.

***Eftirtalin fagfélög og sjúklingafélög skora á stjórnvöld að hefja hópleit að ristilkrabbameini strax:***

*Krabbameinsfélag Íslands*

*Krabbameinsfélag Reykjavíkur*

*Stómasamtök Íslands*

*Ristilfélagið*

*Læknafélag Íslands*

*Félag krabbameinslækna*

*Félag sérfræðinga í meltingarsjúkdómum*

*Félag ristil- og endaþarmsskurðlækna*

*Félag íslenskra heimilislækna*

*Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga*

*Fagdeild krabbameinshjúkrunarfræðinga*

*Fagdeild heilsugæsluhjúkrunarfræðinga*



**BILL GATES** Aftur orðinn ríkasti maður heims, samkvæmt Forbes. AFP/NORDICPHOTOS

Bill Gates er aftur orðinn ríkasti maður í heiminum:

## Eignir metnar á 76 milljarða dala

**FJÁRMÁL** **Bill Gates, stofnandi tölvurisans Microsoft, er efstur á árlegum lista tímaritsins Forbes yfir ríkustu menn í heimi. Gates endurheimtir efsta sætið af Carlos Slim, framkvæmdastjóra samskiptafyrirtækjanna Telmex og América Móvil, sem trónað hafði á toppinum fjögur ár í röð.**

**Eigur Gates eru metnar á 76 milljarða Bandaríkjadala, sem gerir um það bil átta og hálfa billjón íslenskra króna. Um 450 milljörðum króna munar á honum og Slim. Í þriðja sæti á eftir þeim kumpánum kemur Spánverjinn Amancio Ortega sem helst er þekktur fyrir fatarisann Zara.** - bá


# Happdrætti Húsnæðisfélags S.E.M.

HÚSNÆÐISFÉLAG SEM SAMTÖK ENDURHÆFÐRA MÆNUSKADDAÐRA

**Aðalvinningur KIA Picanto 1,0 beinskiptur**

**10195**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 4250 | 9816 | 11186 | 11345 | 13027 | 39260 |
| 18347 | 24825 | 26497 | 29891 | 38943 | 54688 |
| 42018 | 43595 | 49560 | 49778 | 50996 | 82497 |
| 61939 | 62078 | 65805 | 69098 | 70138 | 98457 |
| 86905 | 95312 | 96228 | 96681 | 98040 | 115730 |
| 99159 | 99229 | 99379 | 100978 | 106220 | |
| 116975 | 117879 | 118591 | 119070 | 14739 | |

**10 Fartölvur frá Tölvulistanum að verðmæti 199.990**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 2121 | 57580 | 101636 | 27283 | 97029 |
| 16566 | 96766 | 3187 | 83876 | 112614 |

**100 Ferðavinningar frá Heimsferðum að verðmæti 100.000**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 648 | 21108 | 48768 | 68959 | 83861 | 107972 | 55793 |
| 20616 | 46530 | 65652 | 82274 | 107053 | 16723 | 75407 |
| 42937 | 63689 | 78736 | 104463 | 122084 | 31180 | 90133 |
| 56183 | 78429 | 97508 | 121373 | 14719 | 54148 | 108949 |
| 77617 | 94271 | 117967 | 13320 | 30027 | 73774 | 19924 |
| 93669 | 111030 | 11368 | 24523 | 52230 | 87642 | 39476 |
| 110029 | 9542 | 23592 | 51418 | 71279 | 108115 | 56022 |
| 2526 | 22510 | 50851 | 69709 | 85978 | 17525 | 77556 |
| 20995 | 47253 | 67181 | 83769 | 107398 | 38314 | 92360 |
| 43645 | 65552 | 81074 | 105380 | 122103 | 55015 | 109847 |
| 61394 | 78586 | 98531 | 121944 | 15852 | 74765 | |
| 78010 | 94864 | 121241 | 14490 | 30731 | 88870 | |
| 93937 | 115085 | 11379 | 29311 | 52615 | 108359 | |
| 110817 | 10672 | 24490 | 51530 | 71922 | 18785 | |
| 8768 | 22628 | 51103 | 71134 | 86694 | 39190 | |

**45 Spjaldtölvur frá Tölvulistanum að verðmæti 89.990**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 4380 | 5854 | 6331 | 7011 | 33514 | 56337 | 71556 |
| 16639 | 20053 | 22901 | 29925 | 50857 | 68762 | 80144 |
| 45235 | 45864 | 46399 | 50713 | 65336 | 79366 | 117557 |
| 62416 | 62531 | 64612 | 65208 | 78209 | 112945 | |
| 72883 | 73034 | 76458 | 76649 | 108282 | 16501 | |
| 89352 | 91067 | 99927 | 103310 | 13414 | 40663 | |
| 121750 | 122398 | 122529 | 9849 | 39501 | 58027 | |

**100 Gjafabréf frá Smáralind að verðmæti 50.000**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 2286 | 24952 | 49163 | 50294 | 69421 | 86976 | 38124 |
| 18639 | 42933 | 61656 | 65013 | 85353 | 97646 | 55402 |
| 38461 | 57485 | 83424 | 84571 | 96140 | 15283 | 79641 |
| 56045 | 81234 | 94701 | 95570 | 122333 | 32142 | 91357 |
| 80418 | 92921 | 116138 | 119441 | 12113 | 53798 | 100712 |
| 92240 | 106904 | 8755 | 10452 | 31178 | 73844 | 17778 |
| 104081 | 6632 | 25842 | 28527 | 52386 | 87402 | 38394 |
| 3586 | 25394 | 50108 | 50628 | 69689 | 99908 | 55828 |
| 18736 | 44775 | 63341 | 65288 | 86500 | 17327 | 79649 |
| 41530 | 59725 | 84378 | 84690 | 96826 | 36461 | 91410 |
| 57074 | 81788 | 94922 | 95620 | 122775 | 54114 | 104041 |
| 80756 | 94616 | 118142 | 121471 | 13791 | 74420 | |
| 92335 | 108144 | 2014 | 11597 | 31471 | 89553 | |
| 106244 | 7348 | 8868 | 29298 | 52720 | 100240 | |
| 3951 | 25706 | 27861 | 51070 | 71132 | 17432 | |

Vinninga ber að vitja innan árs.
Upplýsingasími 588-7470 og á heimasíðu SEM.is
Þökkum ómetanlegan stuðning. Birt án ábyrgðar.


Landsnet leitar bestu kosta við val á jarðstrengjum og lagningu þeirra:

# Meta kosti við jarðstrengjalögn

**SAMGÖNGUMÁL** Landsnet hefur ýtt úr vör rannsóknarverkefni til að greina hagkvæmustu kosti við val á jarðstrengjum og lagningu þeirra og frágang. Horft er til flutningsgetu, áreiðanleika, umhverfis og kostnaðar. Lykilráðgjafar eru frá danska flutningsfyrirtækinu Energinet.dk, StellaCable í Danmörku og Háskólanum í Reykjavík.

Jarðstrengslagnir í flutningskerfi Landsnets ná nú yfir 200 kílómetra og hefur tæplega helmingur þeirra verið lagður á síðustu tíu árum.

Í frétt frá fyrirtækinu segir að frekari jarðstrengslagnir séu áætlaðar á næstu árum. Þar sem slíkar framkvæmdir eru kostnaðarsamar vill Landsnet leita leiða til að reyna að draga úr kostnaði við þær og er rannsóknarverkefnið liður í þeirri viðleitni, segir þar.

Auk fyrrnefndra lykilráðgjafa taka þátt í verkefninu sérfræðingar frá verkfræðistofunum Eflu, Mannviti og Verkís, sem allir hafa reynslu af jarðstrengsverkefnum, ásamt starfsfólki Landsnets. - shá



**LOFTLÍNUR** Rannsókn á bestu kostum varðandi jarðstrengi mun taka um hálft ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Erfðanefnd krafin um álit á laxeldi í sjó

Landssamband veiðifélaga hefur krafið Erfðanefnd landbúnaðarins um álit á sjóeldi á norsku eldiskyni við Ísland. Vill vita hvort norski laxinn getur talist erfðabreytt lífvera sem ógn stafi af. Engar upplýsingar að fá frá Erfðanefndinni.

**NÁTTÚRA** Landssamband veiðifélaga (LV) hefur farið þess á leit við Erfðanefnd landbúnaðarins að hún tjái sig um áhættu sem fylgir eldi á norskættuðum laxi í sjókvíum við Ísland, og hvort líta megi á kynbættan norskan eldislax sem erfðabreytta lífveru sem ógnað geti íslenskum laxastofnum.

Þetta kemur fram í bréfi sem LV sendi formanni Erfðanefndarinnar í liðinni viku.

Óðinn Sigþórsson, formaður Landssambands veiðifélaga, segir í bréfinu að tilefni erindisins sé lagafrumvarp sem liggur fyrir Alþingi þar sem „kapp virðist lagt á að einfalda regluverk vegna umsókna á leyfum til laxeldis í sjó. Í lögunum sé hins vegar ekki að finna ákvæði um umhverfisvöktun eða tilmæli um þróun á geldlaxi til eldis, eins og gert er í norskum lögum frá árinu 2012."

Eins og komið hefur fram er það skoðun Landssambandsins að stórfellt eldi norskra laxa í sjókvíum geti haft veruleg neikvæð áhrif á villta íslenska laxastofna. Eldismenn hafna þessu og hafa á móti tínt til rök um að íslenskum laxastofnum stafi lítil hætta af eldinu.

LV vísar í tvær greinar í reglugerð um varðveislu og nýtingu erfðaauðlinda í landbúnaði; 4. grein um starfssvið nefndarinnar og hins vegar í 6. grein þar sem fjallað er um innflutning dýra, umsögn Erfðanefndar og verndunarmat. Samkvæmt reglugerðinni er kallað eftir því af hálfu LV að Erfðanefndin tjái skoðun sína, og þá í viðleitni til að skýra málið í framhaldinu, enda er það mjög umdeilt.



**RENNT** Fiskeldi er illa séð af þeim sem vilja veg íslenska laxastofnsins sem mestan. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Hætta á erfðamengun og sjúkdómum

„Samkvæmt upplýsingum frá Noregi sleppa um 3 prósent seiðanna fljótlega eftir að seiðin koma í kvíarnar. Ætla má að hlutfall strokulaxa úr eldi verði hærra hérlendis vegna erfiðari veðurskilyrða og vankunnáttu íslenskra eldismanna. Miðað við að það þurfi um 1 milljón seiða til að framleiða 3 þúsund tonn af laxi má gera ráð fyrir að í slíku eldi sleppi um 30 þúsund seiði. Ef miðað er við 30 þúsund tonna framleiðslu má gera ráð fyrir að 300 þúsund seiði sleppi hið minnsta. Ljóst er að einhver hluti þessara seiða mun sækja upp í íslenskar laxveiðiár og valda þar erfðamengun og jafnvel sjúkdómum. Í þessu sambandi skal þess getið að talið er að íslenskar laxveiðiár framleiði árlega 500 þúsund til 1 milljón sjógönguseiða."

Úr bréfi LV til Erfðanefndar landbúnaðarins, dagsettu 24. febrúar.

Hins vegar greina heimildir Fréttablaðsins að efast sé um að erindi LV falli undir starfssvið Erfðanefndarinnar. Eins að nefndin hafi til þessa ekki fjallað um það hitamál hvort réttlætanlegt sé að ala norskt eldiskyn í sjó við Ísland. Vekur það nokkra furðu heimildarmanna þar sem norski laxinn hefur verið notaður í eldi við Ísland í áratugi.

Erfðanefndin hefur ekki komið saman síðan henni barst erindi LS, en óskað hefur verið eftir frekari gögnum og rökstuðningi fyrir erindinu.

Í viðtali við Fréttablaðið gat Jón Hallsteinn Hallsson, formaður nefndarinnar, því ekki gefið frekari upplýsingar um málareksturinn að svo komnu.

svavar@frettabladid.is

Rannsókn heldur áfram á hnífaárásinni í kínversku borginni Kunming:

# Þrír hnífamenn handsamaðir

**ERLENT** Þrír þeirra sem voru grunaðir um hnífaárásina í kínversku borginni Kunming voru handsamaðir í gær. Áður hafði einn verið handtekinn en hinir fjórir sem gerðu árásina voru skotnir til bana af lögreglunni.

Alls fórust 29 manneskjur og 143 særðust þegar árásarmennirnir, sex karlar og tvær konur, stungu fólk sem á vegi þeirra varð á lestarstöð í Kunming, sem er í suðvesturhluta Kína. Ráðamenn telja að aðskilnaðarsinnar frá héraðinu Xinjiang hafi staðið fyrir árásinni.

Sjónarvottar segja að árásarmennirnir hafi, á aðeins tólf mínútum, ráðist á fólkið með bjúgsverðum og kjötöxum. „Ég sá fimm eða sex þeirra. Þeir voru allir með hnífa og voru að stinga fólk eins og brjálæðingar hjá fyrsta og öðrum miðasölubási," sagði einn þeirra við Reuters.

Chen Yogui hótelstarfsmaður sá tíu lík liggja á jörðinni. „Það var blóðlykt í loftinu og margir voru hágrátandi," sagði hann. - fb



**ÁFALL** Grátandi ættingi eins fórnarlambanna leiddur í burtu á lestarstöðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# RÝMINGAR SALA

# 30-80% AFSLÁTTUR

Af völdum vörum



Rúm - Baðmottur - Gjafavara - Stakar dýnur - Náttborð - Svefnsófar - Sófar - Stólar - Hrúgöld
Sængur - Heilsukoddar - Sængurverasett - Rúmteppi - Skrautpúðar - Handklæði - Baðsloppar

Rýmingarsölu líkur 8. mars
30-80% afsláttur af völdum vörum

**LYSTADÚN** Vogue

**Mörkinni 4** - 108 Reykjavík - Sími 533 3500

# SKOÐUN

Eru engar lausnir í boði í aðildarviðræðunum?

## Skýrslutrompið

Ráðherrar og stjórnarþingmenn vísa ekki eingöngu til „ómöguleikans“ þegar þeir verja þá ákvörðun að ætla að svíkja kosningaloforðin og slíta aðildarviðræðunum við ESB án þjóðaratkvæðagreiðslu. Sumir vilja nota skýrslu Hagfræðistofnunar um stöðu viðræðnanna sem átyllu.

Brynjar Níelsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, orðaði þetta þannig á Bylgjunni í gær: „Menn voru að tala um að það ætti að kjósa um þetta. Síðan kemur hér skýrsla sem segir: Það eru engar varanlegar lausnir í boði. Þá er auðvitað ekkert hægt að fara að kjósa um þetta.“




**Ólafur Þ. Stephensen**

olafur@frettabladid.is


Þessi framsetning er beinlínis rangtúlkun á niðurstöðum skýrslunnar. Þar er ekkert sem gefur ástæðu til að slíta viðræðunum.

Í skýrslunni kemur í fyrsta lagi fram að ekki séu dæmi um varanlegar undanþágur frá stefnu ESB í sjávarútvegs- og landbúnaðarmálum. Það segir okkur út af fyrir sig ekkert um það að Ísland fái ekki slíka undanþágu; sérstaða okkar í sjávarútvegsmálum er svo miklu meiri en annarra ríkja sem áður hafa samið um aðild að ESB að það er ekki hægt að útiloka það fyrirfram. Svo mikið er víst að ótal dæmi eru um varanlegar undanþágur í aðildarsamningum ESB-ríkja, sem hafa verið veittar á grundvelli þjóðarhagsmuna.

Í öðru lagi kemur fram að hægt sé að fá tímabundnar undanþágur og dæmi séu um þær, til dæmis í landbúnaðarmálunum.

Í þriðja lagi eru sérlausnir, þar sem löggjöf ESB er breytt til að mæta hagsmunum umsóknarríkis. Slík lausn er til dæmis breyting á landbúnaðarstefnu ESB fyrir „heimskautalandbúnað“ Svía og Finna. Það er að sjálfsögðu varanleg lausn; hún hefur gilt í 20 ár og stendur ekki til að hrófla við henni.

Annað dæmi eru sérlausnir til að mæta sérstöðu Möltu í sjávarútvegi. Fjármálaráðherrann gerði lítið úr þeim á fundi í Valhöll; sagði að heildarafli Möltu væri eins og hjá einum íslenzkum línubáti. Það væri því ekki hægt að bera saman sjávarútvegshagsmuni Íslands og Möltu. Það er rétt, en það eru ekki rök fyrir því að Ísland fengi síður sérlausnir en Malta. Þvert á móti er Ísland margfalt líklegra til að fá sérlausnir, vegna mikilvægis sjávarútvegsins.

Allt frá því að Halldór Ásgrímsson, þáverandi utanríkisráðherra og formaður Framsóknarflokksins, setti fram hugmyndir um að hægt væri að búa til innan sjávarútvegsstefnu ESB sérstakt fiskveiðistjórnunarsvæði á Íslandsmiðum, hafa menn fremur horft til þess að löggjöf sambandsins yrði breytt en að Ísland þyrfti sérstakar undanþágur. Þannig orðaði Halldór það í ræðu sinni í Berlín í marz 2002; þetta yrði ekki undanþága frá stefnunni, heldur sértæk beiting hennar. Evrópusambandið hefur margoft lýst því yfir að hægt sé að semja um slíkt, meðal annars í rökstuðningi framkvæmdastjórnarinnar fyrir því að hefja aðildarviðræður við Ísland. Þar er það orðað svo að aðild Íslands myndi hafa mikil áhrif á sjávarútvegsstefnu sambandsins.

Þetta hefur út af fyrir sig allt legið fyrir; í skýrslunni eru engin ný sannindi að þessu leyti. Og þegar allt kemur til alls fáum við aldrei að vita þetta fyrir víst nema við klárum aðildarviðræður og sjáum aðildarsamninginn. Skýrslan breytir engu um það.

Stjórnarliðar virðast raunar ekki trúaðri en svo á þetta skýrslutromp sitt að þeir gerðu ekkert með orð stjórnarsáttmálans um að fyrst ætti að ræða skýrsluna á þingi og kynna hana svo fyrir þjóðinni; þeir lögðu í óðagoti fram tillögu um að slíta viðræðunum áður en skýrslan var einu sinni útrædd á þinginu.

Það sem þeir eiga auðvitað að gera er að leyfa þjóðinni að kynna sér hana rækilega – og kjósa svo um framhald viðræðna.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is*, Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871



**Jólaskraut - vorið nálgast**

Vorhreinsun er hafin í Fossvogskirkjugarði, Gufuneskirkjugarði, Kópavogskirkjugarði og Hólavallagarði við Suðurgötu.

Þeir aðstandendur, sem settu jólaskraut á leiði, eru hvattir til að koma í garðana og huga að leiðum ástvina sinna og fjarlægja jólaskraut af leiðum. Það léttir undir með starfsmönnum Kirkjugarðanna og kemur í veg fyrir að eigulegt skraut lendi í glatkistunni.

KIRKJUGARÐAR REYKJAVÍKURPRÓFASTSDÆMA

**Tökum öll höndum saman!**
**Garðyrkjudeild Kirkjugarðanna.**




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ráðherra ritstýrir

Það líður ekki sá dagur að ekki gerist eitthvað vandræðalegt, hjákátlegt eða beinlínis skaðlegt í kringum alþingismennina okkar. Í gær neitaði Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra að ræða við fréttamann RÚV nema viðtal við hann væri ekki klippt í sundur. Fréttastofa RÚV brást að vonum ókvæða við og hefur óskað eftir skýringum á þessum skilyrðum ráðherrans frá utanríkisráðuneytinu. Aðstoðarkona ráðherra vísaði í samtali við Vísi til fréttar sem birtist fyrir helgi sem hann var ósáttur við og fannst Gunnari Braga fréttamaður RÚV fara illa með það sem hann sagði þá. Það er merkileg afstaða að ráðherra ríkisstjórnar telji það vera hlutverk sitt að stýra fréttaflutningi Ríkisútvarpsins, en það er svo sem eftir öðru þessa dagana.



### Hvers konar klúbbur?

Það er vægast sagt allt á suðupunkti á Krímskaganum þessa dagana og ógnvænleg staða sem þar er uppi. Rússar hóta innrás og í versta falli sjáum við fram á stríð milli þeirra og Úkraínumanna. Íslensk stjórnvöld leggja, að sögn utanríkisráðherra, þunga áherslu á að Rússar láti umsvifalaust af öllum hernaðaraðgerðum í Úkraínu og fari að alþjóðalögum. Þá hefur ráðherra sagt kröfuna skýra um að rússnesk stjórnvöld leiti sátta með friðsamlegum hætti í stað þess að grípa til vopnaðrar íhlutunar. En síðan er það „hinn utanríkisráðherrann“ – forsetinn, sem sér ekkert athugavert við það að lyfta glasi og dilla sér með Pútín Rússlandsforseta og harðneitar að gauka að honum athugasemdum um stöðu mannréttindamála þar í landi milli skála. Það er eiginlega óhjákvæmilegt að velta fyrir sér „hvers konar klúbbur er þetta eiginlega“ eins og forsetinn sjálfur spurði í viðtali við Bloomberg þegar rætt var um Evrópusambandið árið 2010 þar sem hann var staddur í Kína. Hvers konar klúbbur er það eiginlega sem forsetinn er svona áhugasamur um að við göngum í?




**fanney@frettabladid.is**


## HALLDÓR




# Biophilia – verkefni um skapandi kennslu

MENNTUN




**Eygló Harðardóttir**

norrænn samstarfsráðherra


Hvernig má örva krakka frekar í námi, auka virkni þeirra, vekja með þeim forvitni og gera námið sem skemmtilegast? Um þetta fjallar verkefnið Biophilia sem er eitt af stórum verkefnum formennskuárs Íslands í norrænu samstarfi. Um 2,8 milljónir danskra króna renna til verkefnisins á þessu ári, sem nemur tæpum 60 milljónum íslenskra króna.

### Vísindamenn í skólastofunni

Verkefnið felst í þróun kennsluaðferða þar sem tónlist, tækni og vísindi eru tvinnuð saman á nýstárlegan hátt til að örva skynjun og áhuga barna á náttúrufyrirbærum og eðlisfræði. Hugmyndina má rekja til tónlistarkonunnar Bjarkar Guðmundsdóttur. Hefðbundið kennsluform er brotið upp og allir aldurshópar vinna saman, þvert á námsgreinar og fagsvið. Vísindakenningar öðlast líf þar sem krakkarnir fá sjálfir að prófa þær á skemmtilegan og einfaldan hátt og námið verður því fróðlegur leikur sem skilur eftir sig þekkingu og áhuga á frekara námi í tækni og vísindum.

**➜ Hefðbundið kennsluform er brotið upp og allir aldurshópar vinna saman, þvert á námsgreinar og fagsvið.**

### Komdu og skoðað'í kistuna mína

Þegar hafa hátt í 30 íslenskir skólar tekið þátt í verkefninu Biophiliu og nú er stefnt að því að börn annars staðar á Norðurlöndunum fái að njóta þess líka. Þróaðar verða svokallaðar kistur sem innihalda kennslumyndbönd, spjaldtölvur og annað tæknilegt sem til þarf. Hvert og eitt Norðurlandanna mun búa að einni kistu sem flyst milli skólanna til að kynna kennsluaðferðina á tungumáli viðkomandi lands. Vísindasöfn á Norðurlöndum munu einnig koma að verkefninu sem og háskólar og menningarsöfn. Á slóðinni biophiliaeducational.org er verkefnið kynnt á myndrænan hátt. Árið 2016 fer fram mat á árangri verkefnisins. Það er von mín að Biophilia takist vel og verði grunnur að þróun nýrra kennsluhátta sem veita börnum og ungmennum gott veganesti út í lífið.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Það blæðir úr rassinum!

HEILSA
Teitur Guðmundsson
læknir



Vissulega dramatískt orðalag og sannarlega einkar óþægileg staða að vera í. Sérstaklega ef maður hefur ekki kennt sér neins meins og veit ekki hvers vegna slíkt ætti að gerast. Þó er þetta býsna algengt vandamál og oft ástæða þess að læknar fá símtal eða viðkomandi leitar á stofu. Í flestum tilvikum er um lítið magn að ræða sem kemur oftar en ekki fram þegar viðkomandi er að skeina sig, smávægilegt smit á pappír og orsökin bundin við gyllinæð eða sár við endaþarm.

Öllu alvarlegra er ef það kemur ferskt blóð með hægðum sem er sjáanlegt með berum augum í klósettskálinni. Því geta fylgt verkir og mismikil óþægindi, sumir kenna sér þó einskis meins. Algengara er þó að einhver undanfari hafi verið, almenn líðan verri, aukinn slappleiki og þreyta, mögulega megrun, lystarleysi og nætursviti. Hér er auðvitað um að ræða svokölluð b einkenni sem oft fylgja alvarlegri sjúkdómum eins og til dæmis ristilkrabbameini. Þó fer það mjög eftir aldri hvaða grun læknirinn hefur þegar sjúklingur kvartar samanber lýsinguna hér að ofan.

Hjá þeim yngri er líklegra að um ristilbólgusjúkdóma sé að ræða þó þeir geti komið fram á hvaða aldri sem er. Sýkingar og ýmis hastarleg veikindi geta einnig orsakað blæðingar frá ristli. En ef sjúklingurinn er orðinn rúmlega miðaldra er mögulegt að hann geti verið að sýna einkenni um ristilkrabbamein, sem í sumum tilvikum er þá orðið langt gengið og hefur grafið um sig í töluverðan tíma. Mikilvægt er þó að muna að ristilkrabbamein þarf ekki að gefa einkenni um jafnvel margra ára skeið, þess vegna er mikilvægt að skima hjá einkennalausum einstaklingum í skilgreindum áhættuhópum.

**Svipað hjá báðum kynjum**

Ég hef um langt skeið verið talsmaður skimunar fyrir ristilkrabbameini með öllum tiltækum ráðum, en núna í mars er alþjóðlegur mánuður um forvarnir gegn slíku meini og er mikilvægt að auka vitund og vitneskju um þann sjúkdóm, ekki síður en önnur krabbamein. Mottumars er árlegt átak Krabbameinsfélagsins til að vekja karla til vitundar um sín kynbundnu mein auk þess að fræða almennt um einkenni krabbameina og vinna að forvörnum. Það er frábært framtak og nauðsynlegt, það skýtur hins vegar skökku við að ekki hafi verið lögð meiri áhersla á fræðslu, forvarnir og ekki síst skimun gegn ristilkrabbameini en raun ber vitni fyrir BÆÐI kynin á undanförnum árum. Það stendur nú vonandi til bóta.

Það er nefnilega svo að ristilkrabbamein er eitt algengasta mein bæði karla og kvenna, tíðni er svipuð hjá báðum kynjum og árlega greinast um 150 einstaklingar. Á hverju ári látast að meðaltali 50 einstaklingar eftir harða baráttu við erfiðan sjúkdóm, sumir langt um aldur fram. Flestar þjóðir í kringum okkur hafa komið á fót skimun hjá einkennalausum einstaklingum, þar sem reynt er að finna meinið á frumstigi. Þannig er það í mörgum tilvikum vel læknanlegt án stórra inngripa og sjúklingurinn þarf ekki að undirgangast skurðaðgerð, lyfja- eða geislameðferð með tilheyrandi

Hjá þeim yngri er líklegra að um ristilbólgusjúkdóma sé að ræða þó þeir geti komið fram á hvaða aldri sem er. Sýkingar og ýmis hastarleg veikindi geta einnig orsakað blæðingar frá ristli.

aukaverkunum. Þrátt fyrir að embætti Landlæknis hafi gefið út klínískar leiðbeiningar um skimun gegn ristilkrabbameini, sem hafa verið í gildi síðastliðin 14 ár, hefur enn ekki tekist að koma á skipulagðri leit og hafa heilbrigðisyfirvöld borið fyrir sig mislélegar afsakanir fyrir því fram til þessa.

**Láttu skoða þig**

Vitað er að skimun getur dregið úr nýgengi sjúkdómsins um tugi prósenta, allt eftir því hvaða aðferð er notuð og hvaða rannsóknir er stuðst við. Ljóst er að við hefðum getað bjargað ansi mörgum lífum hefði þessum leiðbeiningum verið fylgt. Menn geta deilt um ágæti þeirra og nálgun, en óumdeilt er engu að síður að skimun myndi leiða til verulegs ábata fyrir þjóðfélagið í heild sinni hvað þá heldur fyrir þær fjölskyldur sem þegar hefur verið höggvið skarð í sökum framtaksleysis heilbrigðisyfirvalda.

Alþjóðlegar og innlendar leiðbeiningar gera ráð fyrir því að KARLAR og KONUR eftir 50 ára aldur séu í aukinni hættu á að fá ristilkrabbamein og því sé skynsamlegt að miða við þann aldur til að hefja skimun. Þeir sem eiga ættingja sem glímt hafa við slíkan sjúkdóm ættu að byrja í kringum fertugt. Ekki láta blæða úr rassinum á þér, láttu skoða þig!

## AF NETINU

### Kombakk Sjálfstæðisflokks



Hvað er sjálfstæðisflokkurinn að pæla? Þessi fyrrum flokkur frelsis og einkaframtaks er svo gjörsamlega heillum horfinn að meira að segja spunameistararnir hafa misst jarðsambandið. Útskýringar ráðherranna á viðsnúningi kosningaloforða sinna hljóta að hafa fyllt mælinn hjá mörgum og ljóst er að fyrri staða flokksins, í kringum 40%, er sagnfræðifóður. En hvernig getur stöndugur, eini markaðshyggjuflokkur landsins, misst svona gjörsamlega fótanna? Mér dettur í hug fráhvarf frá almennum samkeppnismarkaði, náin tengsl við hagsmunaaðila, hræðsla við kjósendur og andlýðræðislegir stjórnarhættir. Sjálfstæðisflokkurinn er orðinn gamaldags kyrrstöðuflokkur og hættur að sækja fram með nýjum straumum. Hann er ekki lengur íhaldsflokkur heldur hreinræktað afturhald. Satt að segja finnst mér flokkurinn anda mjög köldu og ég á ekki von á kombakki.

http://www.dv.is/blogg/

*Lýður Árnason*

YKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREY

ÁTTU VON Á GESTUM!




Stærð: 228x162 H: 83 cm Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Með rúmfatageymslu í tungu. Svefnsvæði 140x190 cm




Stærð: 241 x 158 cm H. 71 cm. Dökk- og ljósgrátt slitsterkt áklæði.
Rúmfatageymsla í tungu. Tunga getur verið beggja vegna. Svefnsvæði 140x195 cm




Stærð 192 x 85 cm. Rautt, fjólublátt og grátt slitsterkt áklæði. Stærð dýnu 147x197 cm. Rúmfatageymsla.




Stærð 225x 80 Svefnsvæði 120x190 cm. Með rúmfatageymslu. Grátt og brúnt slitsterkt áklæði. Einnig til án arma DORMAVERÐ KR. 79.900.

DORMA – býður góða nótt

Holtagörðum, Reykjavík ✆ 512 6800
Dalsbraut 1, Akureyri ✆ 558 1100
Húsgagnahöllinni, Reykjavík ✆ 558 1100
OPNUNARTÍMI HOLTAGÖRÐUM:
Virka daga 10⁰⁰-18⁰⁰, Laugardaga 11⁰⁰–16⁰⁰

# Opið bréf til innanríkisráðherra

SAMGÖNGUR
Bryndís Gunnlaugsdóttir
forseti bæjarstjórnar í Grindavík og stjórnarmaður í SSS



Sæl, Hanna Birna. Ég fylgdist með þér á Alþingi fimmtudaginn 13. febrúar sl. þar sem ræddar voru almenningssamgöngur og þá sérstaklega staða þeirra á Suðurnesjum. Það vill þannig til að ég hef fylgst vel með þessu máli, ég sit í stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS) sem er með samning við Vegagerðina um að sjá um almenningssamgöngur á Suðurnesjum.

Í kjölfar umræðunnar sat ég eftir með nokkrar spurningar sem mig langar til að fá svör við. Það kemur kannski ekki á óvart því þrátt fyrir orð þín á þingi um að fundarhöldin milli ráðuneytisins og SSS síðasta sumar hafi verið löng og ströng þá funduðum við bara einu sinni um þessi mál.

**Snúið út úr áliti**

Í ræðu þinni kom fram að þú teldir leiðina Flugstöð Leifs Eiríkssonar – Reykjavík ekki geta verið hluta af almenningssamgöngukerfinu þar sem það væri andstætt lögum en þú nefndir aldrei andstætt hvaða lögum. Nú grunar mig að þú vísir í álit Samkeppniseftirlitsins. Það er samt þannig að Samkeppniseftirlitið getur aðeins metið hvort samkeppnislög eru brotin. Álit Samkeppniseftirlitsins var að fyrirkomulagið á akstursleiðinni hindraði samkeppni, engu að síður væri það ekki brot á samkeppnislögum þar sem þetta væru sérlög og því eiga samkeppnislögin ekki við. Samkeppniseftirlitið beindi því til ráðherra að breyta lögunum. Álit Samkeppniseftirlitsins væri það sama ef fyrirspurn myndi koma um fyrirkomulag áfengissölu á Íslandi enda hamlar sérleyfi ríkissins á þeim markaði samkeppni. Það þýðir samt ekki að framkvæmd áfengissölu á Íslandi sé ólögmæt.

Í bréfi Vegagerðarinnar til SSS er vísað í að EFTA hafi sagt fyrirkomulagið vera ólögmætt. Ég hef afrit af þessum bréfaskriftum. Þar kemur fram að EFTA hafi ætlað sér að skoða málið en innanríkisráðuneytið svarað á þá leið að lögunum yrði breytt. Því þyrfti ekki að skoða fyrirkomulagið og málinu var þá lokið. Það er því ekki hægt að halda því fram að EFTA hafi sagt fyrirkomulagið ólögmætt enda engin formleg niðurstaða heldur aðeins upphaf að athugun og bréfaskipti þar sem aldrei komu fram allar staðreyndir málsins.

**Hvaða lög er verið að brjóta?**

Þú hélst því einnig fram að þú teldir að sveitarstjórnarmenn á Suðurnesjum og sumir þingmenn væru að biðja þig um að brjóta lög. Ég ber mikla virðingu fyrir lögum og

→ Álit Samkeppniseftirlitsins var að fyrirkomulagið á akstursleiðinni hindraði samkeppni, engu að síður væri það ekki brot á samkeppnislögum þar sem þetta væru sérlög og því eiga samkeppnislögin ekki við.

ég vil alls ekki biðja ráðherra um að brjóta lög. Því þætti mér vænt um ef þú gætir upplýst mig, og aðra sveitarstjórnarmenn á Suðurnesjum, hvaða lög erum við að biðja þig um að brjóta? Við höfum lagt fram ítarlega greinargerð um lög og dómafordæmi er segja að þetta fyrirkomulag sé löglegt. Við höfum samt aldrei fengið neitt frá þér sem hrekur þá greinargerð né upplýsingar um það gegn hvaða lögum fyrirkomulagið brýtur.

Ég bið þig um að útskýra fyrir okkur hérna megin við Reykjanesbrautina hvaða lög sérfræðingarnir í ráðuneytinu segja að Suðurnesjamenn séu að brjóta. Þannig virka nefnilega samræður milli aðila, einn leggur fram sín rök og síðan kemur hinn aðilinn með mótrök. Þetta er svipað samræðustjórnmálum sem þú talaðir mikið um þegar þú varst í borgarstjórn. Ég er nokkuð viss um að slík aðferðafræði getur komið sér vel í innanríkisráðuneytinu.

Með vinsemd og virðingu í von um svör.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

# Evrópusambandsaðild fyrir frjálslynt fólk

EVRÓPUMÁL



Árni Páll Árnason
formaður Samfylkingarinnar

Það hefur lengi verið mér nokkur ráðgáta að frjálshyggjufólk á Íslandi skuli margt hvert leggjast gegn aðild að Evrópusambandinu. Í umræðu hér á landi flytur þetta góða fólk fram rök sem enduróma frá andstöðu hægriarms Íhaldsflokksins í Bretlandi við aðild að ESB: Sett eru fram rök gegn ofstjórn og ströngu regluverki sem takmarki athafnafrelsi. Aðild að ESB muni draga úr athafnafrelsi.

En þessi rök eiga bara ekki við hér á Íslandi. Hér eru aðstæður allt aðrar en í flestum öðrum Evrópulöndum – svo ekki sé minnst á Bretland.

Evrópsk samfélög eru rótgróin markaðssamfélög. Þau byggja á aldalangri markaðshefð, þar sem fjölmargir ólíkir aðilar eiga viðskipti á frjálsum forsendum. Fákeppni er til muna sjaldgæfari en hér á landi, sérlega meðal stærri ríkja. Jafnvel Norðurlöndin, sem breskir frjálshyggjumenn horfa til sem ófrelsissamfélaga ríkisafskipta, byggja á fullkomnu viðskiptafrelsi, opnu hagkerfi og mikilli erlendri fjárfestingu. Viðskiptalíf er mjög frjálst á Norðurlöndunum, þótt ávinningur einstaklinga og fyrirtækja sé tempraður með háum sköttum. Bretland er líklega mesta markaðshyggjusamfélagið í Evrópu. Fyrir vikið upplifa Bretar oft að regluverk Evrópusambandsins hefti óheft markaðsfrelsi, með samræmdum reglum um markaðssetningu samfara opnun markaða aðildarríkja.

### Ísland er ekki markaðssinnað

Ísland er ekki markaðssinnað land og hefur aldrei verið. Svíþjóð er frjálshyggjuparadís í samanburði við Ísland. Hér hefur verið landlæg fákeppni og einokun og pólitískt vald og viðskiptavald verið samtvinnað allt fram á níunda áratuginn. Innflutnings- og útflutningshöft hafa einkennt efnahagslífið og eru enn ráðandi í fjölmörgum atvinnugreinum. Allar breytingar í frelsisátt á Íslandi hafa komið að utan fyrir þrýsting alþjóðastofnana og einkum í kjölfar samninga um evrópska efnahagssamvinnu – fyrst aðild að EFTA og svo breytingin mikla með EES.

Í fljótu bragði man ég bara eina breytingu í frjálsræðisátt sem varð fyrir algerlega innlenda baráttu og það var þegar bjórbannið var afnumið fyrir réttum aldarfjórðungi.

Fyrir Bretum geta reglur Evrópusambandsins verið sem ánauð, því þær setja nýjar reglur um markaðssetningu. Fyrir okkur hafa sömu reglur í för með sér frelsun, því við höfum BÆÐI búið við séríslenskar reglur um markaðssetningu OG bönn við frjálsum viðskiptum milli landa. Reglur Evrópusambandsins hafa opnað fyrir okkur markaði og búið til ný tækifæri hér á landi.

Íslenskt haftasamfélag byggir á gömlum grunni og það er hægt að finna hliðstæðu við orðræðu aðildarsinna og aðildarandstæðinga nú í aðdraganda Píningsdóms árið 1490. Þá, eins og nú, snerist ágreiningur um hvort ætti að opna hagkerfið og auka samkeppni og leyfa þeim atvinnugreinum sem gátu borgað hæstu launin að drífa hagþróunina áfram, eða hvort ætti að loka landinu til að tryggja áframhaldandi drottnunarstöðu þeirra atvinnugreina sem nutu sín vel innan hafta og byggðu samkeppnisforskot sitt á lágum launum landsmanna. Seinni kosturinn varð ofan á með Píningsdómi, þriðjungur þjóðarinnar var hnepptur í vistarband og við tók 400 ára sjálfsköpuð fátæktartíð.

Eftir að losnaði um vistarbandið upp úr 1880 og fram til upptöku íslenskrar krónu árið 1920 var skammvinnt frjálsræðisskeið, þar sem Ísland naut viðskiptafrelsis og ávinnings af sameiginlegum gjaldmiðli með helstu viðskiptalöndum. Þetta var mikill uppgangstími. Erlend fjárfesting var umtalsverð og sjávarútvegurinn tók gríðarlegt framfarastökk sem hann býr að, enn þann dag í dag.

### Samfelld haftasaga

Nærri hundrað ára saga íslenskrar krónu er hins vegar samfelld haftasaga. Flest höft tuttugustu aldarinnar eiga rætur í vandamálum sem leiddu af íslenskri krónu. Gjaldeyrisskortur hefur verið viðvarandi og sífellt hefur þurft að takmarka kaupgetu almennings með gengisfellingum til að lifa með hinni íslensku krónu. Á ólíkum tímum hafa menn reynt ólíkar lausnir. Á sjötta áratugnum var margfalt gengi – ólíkt fyrir ólíkar atvinnugreinar. Hvað er fjárfestingaleið Seðlabankans í dag, þar sem Íslendingar með falið fé í útlöndum fá afslátt af skráðu gengi, annað en önnur útfærsla þeirrar hörmungarstefnu? Á fimmta áratugnum var beitt skömmtunum, því eftirspurn fólks eftir innfluttum varningi var ofviða krónunni. Hvað er lággengisstefna okkar tíma annað en önnur leið til að koma í veg fyrir að venjulegt fólk geti keypt það sem það hefur áhuga á af innfluttum varningi?

**➜ Evrópsk samfélög eru rótgróin markaðssamfélög. Þau byggja á aldalangri markaðshefð, þar sem fjölmargir ólíkir aðilar eiga viðskipti á frjálsum forsendum. Fákeppni er til muna sjaldgæfari en hér á landi, sérlega meðal stærri ríkja. Jafnvel Norðurlöndin, sem breskir frjálshyggjumenn horfa til sem ófrelsissamfélaga ríkisafskipta, byggja á fullkomnu viðskiptafrelsi, opnu hagkerfi og mikilli erlendri fjárfestingu. Viðskiptalíf er mjög frjálst á Norðurlöndunum, þótt ávinningur einstaklinga og fyrirtækja sé tempraður með háum sköttum.**

Það er gott að lesa útlensk blöð, en það er varhugavert að draga of víðtækar ályktanir af erlendum viðhorfum. Aðild að Evrópusambandinu yrði til mikils frelsisauka fyrir íslenskt samfélag. Flestar þær reglur af evrópskum uppruna sem lúta að starfsumgjörð almenns atvinnulífs, svo sem er varðar samkeppnisreglur, markaðssetningu almennrar vöru, umhverfisreglur, vinnuvernd og jafnréttismál, binda okkur nú þegar með EES-samningnum. Engar nýjar hömlur fylgja aðild að ESB að þessu leyti. Aðild að ESB mun einungis auka viðskiptafrelsi með landbúnaðarvörur, opna íslenskum framleiðendum landbúnaðarvöru nýja markaði í Evrópu, bæta viðskiptakjör fyrir íslenskar sjávarafurðir á Evrópumarkaði og styðja við nýsköpun og framþróun. Innlendir iðnframleiðendur munu komast úr þeirri stöðu að þurfa að útskýra fyrirbærið EES fyrir hverjum einasta tollverði í Evrópu. Fákeppni mun minnka og erlend fjárfesting aukast. Og sparifjáreigendur og lántakendur munu loks fá vörn í stöðugum gjaldmiðli gegn ofríki ríkisvalds og ráðandi markaðsafla í gegnum eilífa hringrás verðbólgu og gengisfellinga.

Hvernig getur frjálslynt fólk verið á móti þessari framtíð?

# Slíðrum sverðin

EVRÓPUMÁL



Ellert B. Schram
fv. alþingismaður

**➜ Þeir hugsa um flokkinn en ekki þjóðina, þeir skeyta ekki um skoðanir annarra en þeirra sjálfra og við erum komin aftur í sama farið og fyrir hrun. Allt eða ekkert. Nú eða aldrei.**

Ákvörðun ríkisstjórnarflokkanna um að draga aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu er uppákoma, atburður, sem kallar fram óvenjulega sterk viðbrögð. Stór hluti þjóðarinnar er augljóslega þeirrar skoðunar, að mál af þessu tagi, sé miklu stærra en svo, að meirihluti Alþingis, sé einn um slíka ákvörðun. Málið er nefnilega svo stórt, að með því að slíta formlega viðræðum, er það ákvörðun, sem ekki verður breytt aftur í einni svipan. Slit á viðræðum við ESB hafa langtíma áhrif og afleiðingar. Fullyrt er að það taki a.m.k. tíu til tuttugu ár að snúa við því blaði. Þetta er tímamótaákvörðun sem varir. Að því leyti er ákvörðun um viðræðuslit allt önnur en breytingar á lögum, sem Alþingi setur og samþykkir alla jafna. Lögum má alltaf breyta, meðan viðræðuslit við ESB eru varanleg til margra ára.

Í kjölfar hrunsins gerðu Íslendingar tilraun til að spyrja sjálfa sig: Hvað gerðum við rangt? Hvað þarf að laga í stjórnarfari okkar? Bæði rannsóknarnefndin, heimspekingar og stjórnmálamennirnir sjálfir bentu á ýmsa veikleika, sem hér verður ekki farið út í, en meginstefið var þó þetta: Íslendingar vaða áfram og gefa skít í andstæðingana, stjórnmálaflokkarnir einblína of mikið á sjálfa sig (og sína), ákvarðanir eru teknar í átökum í krafti sérhagsmuna eða í einhvers konar kappleik, eins og Páll Skúlason, fyrrum háskólarektor, segir. Það skorti og skortir samræðu, hugsun og viðleitni til að hafa almannaheill að leiðarljósi.

### Ekki mál tveggja flokka

Ákvarðanir og umræður um tillöguna um slit á viðræðum við ESB er ekki mál eins eða tveggja stjórnmálaflokka. Þar að auki má halda því fram að kosningarnar til Alþingis í fyrra hafi alls ekki snúist um Evrópumálin. Þeim var ýtt til hliðar, með loforðum um að efnt yrði til þjóðaratkvæðagreiðslu. Kjósendur tóku mark á því og kosningabaráttan snerist um allt annað: niðurfellingu á skuldum heimilanna, fyrst og fremst. Evrópa var ekki á dagskrá.

Ég ætla ekki að fara að tala um svik á loforðum um þjóðaratkvæðagreiðslu, heldur benda á að skoðanakannanir sýna aftur og aftur þá staðreynd, að þjóðin sé klofin í tvær fylkingar, með og á móti, og þar sé kannski bita munur en ekki fjár. Ég er í hópi þeirra sem vilja vita hvað er í boði ef gengið er í ESB og hvað er í boði hvað varðar gjaldeyrismál og krónu í höftum.

Af hverju geta flokkarnir okkar ekki sest niður og talað saman um hvað sé skynsamlegast að gera? Fyrir okkur öll og komandi kynslóðir. Málið á ekki að snúast um afstöðu einstakra flokka, heldur um almannaheill, um framtíðina, um lífskjör þjóðarinnar.

Í stað þess eru þingmenn og stjórnmálaflokkar í sömu sporunum og við þekkjum frá fyrri tíð. Með samanbitnar varir, með lágkúrulegum orðræðum, með hugsun kappliðsmanna, að nú sé það allt eða ekkert, nú sé það eina markmiðið að sigra í þessari lotu. Þeir hugsa um flokkinn en ekki þjóðina, þeir skeyta ekki um skoðanir annarra en sjálfra sín og við erum komin aftur í sama farið og fyrir hrun. Allt eða ekkert. Nú eða aldrei.

### Aftur í öngstræti

Þetta er sorgleg staða og dapurleg. Þjóðin er aftur í öngstræti. Aftur sundruð. Mikið mundu þeir vaxa í áliti og verða menn að meiri, foringjar stjórnarflokkanna, ef þeir legðu til að tillagan um slit á viðræðum yrði dregin til baka, að kalla saman hagsmunahópa, fulltrúa allra flokka, sérfræðinga og siðfræðinga, til rökræðu og málflutnings og gera þannig heiðarlega og vitsmunalega tilraun til að ná sameiginlegri niðurstöðu í þágu almannaheilla. Ná sátt í þágu framtíðar hér á Íslandi. Og síðast en ekki síst, sýna þjóðinni að kjörnir fulltrúar á Alþingi séu ekki í kappleik fyrir einhvern flokk, heldur beri hagsmuni samfélagsins fyrir brjósti. Eyðum þessum illindum og offorsi, sýnum að við erum hugsandi verur. Mikið mundi það hjálpa Alþingi, stjórnmálaflokkunum og þjóðinni, til að öðlast virðingu og traust og trú á betri framtíð.

# Stökkbreytingin

STJÓRNMÁL



Arnþór Gunnarsson
sagnfræðingur

**➜ Fjörutíu árum síðar er framsóknarmaðurinn á leið til Reykjavíkur á glæsikerrunni sinni. Hraðamælirinn sýnir 160 km á klst. Það er í góðu lagi, hann á þetta land.**

Í mínu ungdæmi úti á landi voru margir framsóknarmenn. Þetta var sómakært fólk og lítillátt, starfaði flest hjá kaupfélaginu og ræktaði garðinn sinn. Það lagði góðum málum lið, var annt um samfélagið sitt og mátti ekki vamm sitt vita. Það bjó að sínu, las málgagnið og kaus flokkinn sinn. Hagsmunabröltið á stóra sviðinu var utan þeirra verkahrings. Það var góður andi í kringum þetta fólk, stundum glaðværð en stundum þögn. Það var notaleg þögn. Þá heyrðist ekkert hljóð nema tifið í stofuklukkunni sem var merki um að allt væri í stakasta lagi.

Fjörutíu árum síðar er framsóknarmaðurinn á leið til Reykjavíkur á glæsikerrunni sinni. Hraðamælirinn sýnir 160 km á klst. Það er í góðu lagi, hann á þetta land. Hann lítur ekki í baksýnisspegilinn, það er óþarfi, baklandið er tryggt. Hann er í símanum, það þarf að treysta samböndin og leggja á ráðin um stóru málin.

Í bænum hittir hann félagana. Það fer vel á með þeim og þeir byrja að belgjast út og stækka. Þeir horfa til austurs. Ekki til Norðurlandanna, ekki til Evrópusambandsríkja heldur út á víðlendur Rússlands og Asíu. Þar eru nýju stórveldin, jafningjar þeirra. Og kóngurinn, sjálfur Framsóknar-Pútín. Hann og Brellumeistarinn mikli munu tryggja viðskipti og stöður á norðurslóðum. Þar er lífsrými, ónýtt tækifærin, olían, ríkidæmið, mátturinn og dýrðin.

Okkar maður sendir frá sér velþóknunarstunu og glott færist yfir þrútið andlitið. Að utan berst taktfastur sláttur frá skrílnum, sönnun þess, hugsar hann, að Ísland er á réttri leið.

En kjósandinn hugsar (betra seint en aldrei) að tími sé kominn á róttæka endurnýjun í íslenskum stjórnmálum, ný vinnubrögð og að rjúfa tengslin við einstaklinga og hagsmunaöfl sem beita ofríki.



# Ævintýraleg tækifæri við að brjótast úr haftakerfi

FJÁRMÁL



**Heiðar Már Guðjónsson**
hagfræðingur

Nú eru liðin rúm tvö ár síðan ég birti greinina hrunið 2016 í Fréttablaðinu. Þar var varað við gríðarlegu magni króna í umferð í haftakerfi, sem myndi leiða af sér eignaverðbólgu og innistæðulausan hagvöxt. Eins var varað við því að erlendir kröfuhafar fengju að komast með sína fjármuni úr landi á kostnað íslenskra aðila sem enn væru fastir í höftum. Þegar greinin birtist var opinber umræða um þessa áhættuþætti nánast engin enda vakti hún nokkra athygli.

Seðlabankinn reyndi kerfisbundið að gera minna úr erlendum skuldum en raunin var allt þar til alþingiskosningar voru yfirstaðnar, í maí 2013. Í vetur hefur svo raunveruleg umræða hafist um það hvort gjaldeyrir dugar fyrir erlendum skuldum.

Undanfarin misseri hafa komið fram greiningar frá Seðlabankanum og greiningardeildum bankanna um að fasteignabóla sé ekki í augsýn og því ekki eignaverðbólga. Það er athyglisvert í dag þegar íbúðir í fjölbýlishúsum eiga að seljast á þriðja hundrað milljóna króna á sama tíma og verið er að reisa fjöldann allan af fjölbýlishúsum. Aðgangur að lánsfé hefur stóraukist í bankakerfinu og nálgast nú það sem var þegar best lét fyrir hrunið 2008. Bankarnir eru allir í tilvistarkreppu og keppast um að halda stærð sinni þrátt fyrir að bankakerfið sé of stórt á Íslandi en enginn bankanna vill verða sá sem minnkar og að lokum verður undir.

Sömu sögu var að segja af þróun á hlutabréfamörkuðum. Greiningaraðilar töldu litlar líkur á að bóla myndi gera vart við sig. Síðan greinin birtist hefur hlutabréfaverð hækkað um helming.

### Ekki allt ómögulegt

Núverandi ríkisstjórn hefur snúið af braut fyrri ríkisstjórnar í samskiptum við kröfuhafa gömlu bankanna, sem þó, ótrúlegt nokk, er ekki enn búið að setja í þrot.

Það jákvæða er að ytri aðstæður þjóðarbúsins til langs tíma eru einstaklega hagstæðar en um það skrifaði ég bókina Norðurslóðasókn, sem kom út í september, til að benda á öfundsverða framtíð Íslands tengda staðsetningu og auðlindum landsins.

Innri þættir eru hins vegar enn í sama sorglega horfi og hefur verið um áratuga skeið. Það eru hins vegar þættir sem eru fullkomlega á okkar valdi og við þurfum að breyta, ef ekki á illa að fara.

### Lærum af reynslu annarra

Við höfum reynslu og þekkingu erlendis frá sem einfalt er að læra af. Af fjölmörgum dæmum má læra að oft liggur brotalömin, sem leiðir til kreppu, í uppbyggingu fjármálakerfisins og gjaldmiðlinum. Margar leiðir eru færar til að ráða bót á þessu. Til dæmis er hægt að leita eftir tvíhliða myntsamstarfi við Kanada eða festa krónuna með myntráði við alþjóðlega mynt. Einfaldasta og fljótvirkasta lausnin við gjaldeyriskreppu og höftum, þar sem minni þjóðir eiga í hlut, er að taka upp einhliða aðra mynt. Það hafa 33 þjóðir gert á síðustu áratugum allar með góðum árangri, þó aðstæður hafi verið eins ólíkar innbyrðis og hugsast getur.

Við þekkjum hvernig haftakerfi þróast, bæði af eigin reynslu og annarra. Þau leiða af sér stöðnun og spillingu þar sem meiru skiptir að komast að kjötkötlunum en að stunda verðmætasköpun. Þetta er þróun sem þarf að koma í veg fyrir.

### Aðgerða er þörf

Bankakerfið sem hrundi var endurreist í óbreyttri mynd eins óskynsamlegt og það er. Síðan var eignarhald bankanna afhent aðilum sem FME metur ekki hæfa til að eiga bankana. Þeim sömu aðilum er í dag leyft að starfa um langan tíma í millibilsástandi nauðasamninga á kjörum sem engum öðrum íslenskum fyrirtækjum stendur til boða og eru þeir til dæmis undanþegnir skilaskyldu gjaldeyris og voru undanþegnir sköttum þangað til nú nýlega. Það þarf hins vegar að taka næsta skref og klára uppgjörið við hrunið. Það er ekki gert nema gömlu bankarnir, Gamli Landsbankinn, Kaupþing og Glitnir, verði settir í gjaldþrot enda hlýtur að vera fullreynt um nauðasamninga. Síðan þarf að búa til umgjörð um bankakerfið þannig að almenningur standi ekki í ábyrgð fyrir það. Það gerist þegar ríkið er ekki lengur lánveitandi til þrautarvara. Við höfum einstakt tækifæri til þess að taka þetta skref nú þar sem bankarnir hafa aldrei í sögunni verið með eins sterk eiginfjárhlutföll til þess að standa á eigin fótum, án ábyrgðar ríkisins.

Lausnin felst þannig í aukinni dreifstýringu en ekki í aukinni miðstýringu, sem fælist í því að sameina FME og Seðlabanka og gefa þannig embættismönnum meira vald til að hlutast til um útlán og frjáls viðskipti. Lausnin felst í því að hver og einn beri ábyrgð á eigin fjármálum, en geti ekki sent reikninginn á aðra.

Staðreyndin er sú að Íslendingum bjóðast ævintýraleg tækifæri á næstu áratugum. Það væri synd að láta augljósa galla heimatilbúins haftakerfis hindra okkur í að nýta þau.

**visir.is**
Sjá má lengri útgáfu greinarinnar á Vísi.

**→ Við þekkjum hvernig haftakerfi þróast bæði af eigin reynslu og annarra. Þau leiða af sér stöðnun og spillingu þar sem meiru skiptir að komast að kjötkötlunum en að stunda verðmætasköpun. Þetta er þróun sem þarf að koma í veg fyrir.**





Ástkær móðir mín, tengdamóðir,
amma og langamma,

**ÁSBJÖRG RAGNARSDÓTTIR**
**frá Hellissandi,**

andaðist á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ föstudaginn 28. febrúar.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Kristinn Kársson** **Ingibjörg Leósdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Móðir okkar,

**ARNDÍS BJARNADÓTTIR**
**tannsmiður,**

er látin. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Bragi Magnússon**
**Aðalheiður G. Kristjánsdóttir**
**Birna Kristjánsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**STEINUNN J. STEINSEN**

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð laugardaginn 1. mars.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Rúnar Steinsen** **Guðrún Guðmundsdóttir**
**Steinn Steinsen** **Ásta María Björnsdóttir**
**Anna Steinsen** **Sigurður Már Einarsson**
**Ragnheiður Steinsen**
**Rakel Steinsen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg eiginkona, móðir, tengdamóðir,
amma og langamma,

**GUÐRÚN ÞENGILSDÓTTIR**
**Mýrarvegi 115, Akureyri,**

lést miðvikudaginn 26. febrúar. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 7. mars kl. 10.30. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Hjúkrunarheimilið Hlíð. Sérstakar þakkir sendum við til starfsfólks Reynihlíðar fyrir góða umönnun.

**Ásgrímur Tryggvason**
**Tryggvi Ásgrímsson** **Guðrún Agnes Sigurðardóttir**
**Arnheiður Ásgrímsdóttir** **Hafberg Svansson**
**Ásrún Ásgrímsdóttir** **Baldvin Stefánsson**
**Þengill Ásgrímsson** **Selma Hauksdóttir**
**Hákon Ásgrímsson** **Anna Elín Jóhannsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Okkar ástkæri

**ÓSKAR LÁRUS TRAUSTASON**

varð bráðkvaddur á heimili sínu mánudaginn 24. febrúar. Útför hans fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 6. mars kl. 15.00.

**Guðrún Pálsdóttir**
**Trausti Ó. Lárusson** **Hanna Kjeld**
**Auður Traustadóttir** **Guðmundur Á. Tryggvason**
**Anna Kristín Traustadóttir**
**Sigrún Traustadóttir**
**Þórunn Sigurðardóttir** **Sigurður Knútsson**
**Elín Ósk, Trausti, Svava Dís, Bjarni, Páll Arnar og fjölskyldur.**



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGRÍÐUR NÍELSDÓTTIR**
**Hagamel 44, Reykjavík,**

lést í Sóltúni 26. febrúar 2014. Hún verður jarðsungin frá Hallgrímskirkju í Reykjavík miðvikudaginn 5. mars 2014 kl. 15.00.

**Pétur Guðmundarson** **Erla Jóhannsdóttir**
**Níels Guðmundsson** **Jónanna Björnsdóttir**
**Snorri Guðmundsson** **Bolette Steen Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Syngur um ástir stoltra kvenna

**Helga Rós Indriðadóttir sópran flytur aríur eftir Verdi og Strauss í dag við undirleik Antoníu Hevesi píanóleikara. Tónleikarnir kallast Andlit ástarinnar og hefjast klukkan 12.**

„Aríurnar eru úr óperum eftir Verdi og Strauss og ástin er í brennidepli í þeim öllum,“ segir Helga Rós Indriðadóttir sópran sem er komin suður yfir heiðar til að syngja á hádegistónleikum í Hafnarborg í dag fyrir höfuðborgarbúa. Ekki snýst efnið þó um eintóma sælu að hennar sögn heldur um mismunandi leiðir stoltra kvenna til að höndla vonbrigði ástarinnar og endurupplifa góða tímann.

„Við tökum eina aríu úr óperettunni Leðurblökunni, þar eru ungverskir taktar, kampavín og líkjör. Hún er heldur ekkert af baki dottin hún Rosalinde sem við sögu kemur þar,“ segir Helga Rós glaðlega.

Antonía Hevesi stendur fyrir þessum viðburði eins og öðrum hádegistónleikum í Hafnarborg sem jafnan eru fyrsta þriðjudag hvers mánaðar. Þeir eru styrktir af Samfélagssjóði Rio Tinto Alcan og eru öllum opnir meðan húsrúm leyfir. Húsið verður opnað klukkan 11.30. **- gun**



**ANTONÍA OG HELGA RÓS** „Við tökum eina aríu úr óperettunni Leðurblökunni, þar eru ungverskir taktar, kampavín og líkjör,“ segir söngkonan. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




**JARÐFRÆÐINGURINN** Margir jarðfræðingar hafa blandað saman sínum fræðum og sögu þjóðarinnar,“ segir Árni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Sambland af jarðfræði, sögu og kveðskap

**Árni Hjartarson jarðfræðingur heldur fyrirlestur í Þjóðminjasafninu í dag klukkan 12 um tengsl Hallmundarhrauns og hins forna og torræða kvæðis Hallmundarkviðu.**

Kvæðið Hallmundarkviða er talið lýsa eldgosi og hraunrennsli og undrun landnámsmanna á slíkum fyrirbærum. Árni Hjartarson jarðfræðingur segir að frá náttúrufræðilegu sjónarmiði sé kviðan einn merkilegasti texti fornritanna og ætlar að halda hádegiserindi um hana í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins í dag. Þar setur hann fram kenningar um tímasetningu eldsumbrotanna, áhrif þeirra á byggðir og bú og um aldur kvæðisins.

„Hallmundarkviða hefur verið talin ort á 12. til 13. öld en það kemur í ljós þegar farið er að skoða hana nánar að hún er mun eldri. Mín kenning er sú að hún sé frá 10. öld,“ segir Árni sem giskar á að kvæðið hafi varðveist í munnlegri geymd í tvær til þrjár aldir áður en það var skráð.

„Kvæðið endurspeglar reynslu landnámsmanna af jarðeldum. Þegar þeir komu til Íslands frá Skandinavíu og Bretlandseyjum þekktu þeir ekki eldgos, nema hugsanlega af sögusögnum sunnan úr heimi. Þeir höfðu aldrei upplifað slíkt. En strax á landnámsöld verða þeir vitni að eldgosum og og velta fyrir sér hvaða reginöfl valdi þeim og telja ljóst að það séu jötnar og æsir sem þar takist á.“

Nokkur ár eru síðan fræðimenn tóku að velta fyrir sér tengslum Hallmundarkviðu og Hallmundarhrauns, að sögn Árna. „Fram að því var haldið að Hallmundarhraun hefði runnið fyrir landnám en þegar gerðar voru rannsóknir á öskulögum þar þóttust menn sjá að það væri runnið á landnámstíð. Þá fór menn að gruna að tengsl væru milli kvæðisins og eldgossins.“

Árni segir þetta fráleitt í fyrsta sinn sem jarðfræði og kveðskapur sé sett í samhengi. „Margir jarðfræðingar hafa blandað saman sínum fræðum og sögu þjóðarinnar,“ segir hann og nefnir Sigurð Þórarinsson og Guðrúnu Larsen og öskulagarannsóknir þeirra sem dæmi.

Höfundur Hallmundarkviðu hefur verið óþekktur hingað til en Árni kveðst ætla að upplýsa skoðanir sínar á því leyndarmáli í fyrirlestrinum í dag. Ókeypis er inn og allir velkomnir.

**gun@frettabladid.is**



Ástkær eiginkona mín, dóttir, móðir,
tengdamóðir og amma,

**ÓLÖF COOPER**
**Gullsmára 7, Kópavogi,**

lést miðvikudaginn 26. febrúar 2014. Útför hennar fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 7. mars 2014, kl. 13.00.

**Gylfi Einarsson**
**Margrét Björnsdóttir**
**Konráð Gylfason** **Anna María Harðardóttir**
**Margrét Gylfadóttir** **Ólafur Sveinsson**
**og barnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**ÞÓRÐUR UNNAR ÞORFINNSSON**
**netagerðarmeistari,**
**Grænatúni 6, Kópavogi,**

lést miðvikudaginn 26. febrúar síðastliðinn. Útför fer fram fimmtudaginn 6. mars kl. 13.00 frá Kópavogskirkju.

**Stella Guðvarðardóttir**
**Margrét Þórðardóttir**
**Torfi Þórðarson** **Kristjana Ólafsdóttir**
**Þorfinnur Unnar Þórðarson**
**Bentína Þórðardóttir** **Reynir Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



## VÍTAMÍNBOMBA

**Tómatar eru afar hollir og góðir. Litlu kirsuberjatómatarnir eru svo ljúffengir að þeir eru upplagðir sem millibiti. Í tómötum er A-, C-, K- og B6-vítamín auk magnesíns og trefja svo eitthvað sé nefnt. Allt gott fyrir heilsuna og betri líðan. Tómata er hægt að nota á margvíslegan hátt í matargerð.**



Afmælisveisla!
Full verslun af nýjum vörum.
Tilboð, glaðningar og leikir.
Vertu með í leiknum
facebook.com/Parisartizkan
Þér er boðið í afmæli laugardaginn 8.mars.
11:00-16:00
Vertu velkomin.
BASLER Parísar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770

NÝTT – NÝTT
HLAÐBORÐ
Í HÁDEGINU
TILBOÐ
KR. 1.390.-
OPIÐ KL. 11:00-14:00
Kinahofid
NÝBÝLAVEGI 20 SÍMI 554-5022



# ÞJÁIST ÞÚ AF BLÖÐRUBÓLGU?

**GENGUR VEL KYNNIR** *Roseberry er öflug, fljótvirk og fyrirbyggjandi lausn gegn blöðrubólgu sem hentar fyrir alla.*

Roseberry er náttúrulegt þrívirkt efni gegn blöðrubólgu sem hefur verið fáanlegt hérlendis sl. 2 ár. Blöðrubólga er algengur kvilli og fá konur hana mun oftar en karlar. Sennilega má rekja hærri tíðni meðal kvenna til þess að þær hafa mun styttri þvagrás en karlar. Roseberry hentar bæði konum og körlum.

**ÞRÍVIRK ÖFLUG BLANDA TRYGGIR ÁRANGUR**

Roseberry inniheldur þykkni úr trönuberjum með háu hlutfalli af PAC sem er virkasta efnið í þykkninu, læknakólfi (hibiscus) og C-vítamíni sem gefur þríhliða virkni og skjóta lausn gegn óþægindum vegna blöðrubólgu.

**FYRIRBYGGJANDI AÐGERÐIR**

Þeim sem hættast er við blöðrubólgu eru kyrrsetufólk, fatlaðir, yngri konur og konur á breytingaraldri. Lykilatriði til þess að forðast þennan sársaukafulla og leiða kvilla er meðal annars að hreyfa sig, drekka ríkulega af vatni, þrífa vel kynfærasvæði eftir klósettferðir, kynlíf og að vera í hreinum nærfatnaði.

**SKJÓTUR ÁRANGUR Í KÖNNUN**

Framleiðandinn Mezina í Danmörku prófaði Roseberry á hópi fólks sem bundinn var við hjólastól og þjáðist af blöðrubólgu og varð árangurinn skjótur hjá 90% þátttakenda í könnuninni.

Roseberry er unnið úr náttúrulegum efnum og ættu allir sem þjást af þessum kvilla að prófa það.

Ráðlegt er fyrir þá sem eru með mikil einkenni að taka inn þrjár töflur á dag í þrjátíu daga en þeir sem vilja fyrirbyggja þennan kvilla taka inn eina til tvær töflur. Gott er að taka töflurnar áður en farið er að sofa.

***Roseberry er fáanlegt í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Nánari upplýsingar eru á www.gengurvel.is***

**ROSEBERRY**
Inniheldur þykkni úr trönuberjum með háu hlutfalli af PAC sem er virkasta efnið í þykkninu.







Gjöf handa þér og þínum
Tékk KRISTALL
www.tk.is
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955



# Grindarbotn Kvennaheilsa

- Finnur þú fyrir veikleika í grindarbotni, eins og áreynsluþvagleka, þreytu eða þyngslatilfinningu í grindarbotninum?
- Er grindarbotninn að trufla þig í ræktinni?
- Finnur þú fyrir tíðri þvaglátsþörf og tíðum þvaglátum?
- Ertu með varnarspennu eða verki í grindarbotni og óþægindi vegna þess?

Tvö 6 vikna námskeið hefjast í Hlíðasmára 15, þriðjudaginn 11. mars: kl. 16.30 og 17.30

*Ef ekki næst full þátttaka verða námskeið felld niður eða sameinuð.*

*Takmarkaður fjöldi*

**Leiðbeinendur:**

**Þorgerður Sigurðardóttir og Guðrún Magnúsdóttir sjúkraþjálfarar.**

Skráning og nánari upplýsingar:
grindarbotn@gmail.com
eða í síma 564-5442

TÁP SJÚKRAÞJÁLFUN















**NÝTT LÍF** Ingibjörg Th. Hreiðarsdóttir, hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir, segir LKL-mataræði á meðgöngu geta dregið úr eðlilegum vexti fósturs í móðurkviði. MYND/GVA

# LKL Á MEÐGÖNGU?

**LKL-MATARÆÐI** *Lágkolvetnamataræði nýtur nú mikilla vinsælda í því skyni að brenna kílóum hratt en hentar lágkolvetnamataræði barnshafandi konum?*

Einfalda svarið er nei, í ljósi stöðu þekkingar um LKL-mataræði í dag,“ segir Ingibjörg Th. Hreiðarsdóttir, ljósmóðir með sérþekkingu á sykursýki og fjölskyldumiðaðri umönnun í gegnum barneignaferlið.

Ingibjörg segir skilgreiningar á LKL-mataræði vera margar og ólíkar.

„Þrengsta skilgreining þess, þar sem allverulega er dregið úr kolvetnainntöku, hentar ekki barnshafandi konum. Hafi kona dregið úr kolvetnainntöku, svo sem neyslu á skyndibitum, sælgæti og sætum drykkjum, en innbyrðir þá ráðlagða dagskammta af kolvetnum og skilgreinir það sem LKL-mataræði, má segja að það sé í lagi.“

Ingibjörg brýnir fyrir verðandi mæðrum að neyta trefja og ávaxta á meðgöngu, en í LKL-mataræði er algengt að neysla þeirra sé takmörkuð.

„LKL-fæði inniheldur einnig mikla neyslu á fitu og salti sem ekki er hægt að mæla með á meðgöngu. Mataræðið kann að henta takmörkuðum hópi fólks sem þarf að léttast en slíkt á ekki við á meðgöngu.“

Að sögn Ingibjargar hefur LKL-mataræði áhrif á vöxt fósturs í móðurkviði.

„Sé verðandi móðir á ströngu LKL-mataræði getur það dregið úr eðlilegum vexti barnsins vegna vannæringar móður. Á meðgöngu er mikilvægt að tryggja gott næringarástand með tilliti til þroska fósturs í móðurkviði. Fæðið getur komið í veg fyrir að móðir og barn fái næringarefni sem báðum eru mikilvæg til að viðhalda heilbrigði.“

Lágkolvetnafæði á meðgöngu getur einnig valdið óæskilegu þyngdartapi verðandi móður.

„Það getur valdið orkuleysi, almennri vanlíðan og sleni. Ekki er hægt að tryggja að verðandi móðir fái þau næringarefni sem æskileg eru á meðgöngunni til að viðhalda heilbrigði og skortur á trefjum í fæði getur valdið vandamálum í meltingarfærum, eins og hægðatregðu.“

Í nýjum norrænum ráðleggingum um næringarefni, sem voru birtar fyrir síðustu áramót, er mælt með að hlutfall kolvetna sé á bilinu 45 til 65 prósent af daglegri næringarinntöku. Sömu ráðleggingar eiga við á meðgöngu og fyrir almenning. Lágmark ráðlagðra kolvetna í fæði hefur lítillega lækkað á undanförnum árum.

„Meðganga er tímabil þar sem konur þurfa að gæta sérstaklega vel að hollu og næringarríku mataræði. Þá er ekki æskilegt að vera í megrun,“ segir Ingibjörg. „Mikilvægt er að borða almennt fæði samkvæmt manneldismarkmiðum, borða reglulega yfir daginn og fimm til sex máltíðir í skömmtum sem eru í samræmi við næringarþörf. Hafi konur áhyggjur af þyngdarstjórnun á meðgöngu geta ljósmæður, læknar og næringarfræðingar veitt leiðsögn og stutt þær í baráttunni. Einnig er mikilvægt að hafa í huga að dagleg hreyfing er veigamikill hluti af heilbrigðum lífsstíl og þyngdarstjórnun.“

Þegar kemur að vanfærum konum sem greinast með meðgöngusykursýki mælir Ingibjörg ekki heldur með ströngu LKL-mataræði.

„Þunguðum konum með meðgöngusykursýki er ráðlagt að borða reglulega yfir daginn vel samsett, fjölbreytt og hollt fæði. Það er alltaf jákvætt að skerða inntöku fínunninna kolvetna og forðast sykraða drykki, kökur, sælgæti og snakk. Hjá þunguðum konum með meðgöngusykursýki eru reglulegar máltíðir, hollt fæði, skerðing fínunninna kolvetna auk daglegrar hreyfingar lykillinn að farsælli útkomu móður og barns.“

■ thordis@365.is

### EKKI MEGRUN Á MEÐGÖNGU

„Meðganga er tímabil þar sem konur þurfa að gæta sérstaklega vel að hollu og næringarríku mataræði. Þá er ekki æskilegt að vera í megrun.“

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

ÍSLANDSMÓT IÐN- OG VERKGREINA 2014

6.–8. mars í Kórnum í Kópavogi

OG FRAMHALDSSKÓLAKYNNING









# Fróðleikur og fjör í Kórnum

## Einstakt tækifæri til að upplifa og fræðast um iðn- og verkgreinar og nám á framhaldsskólastigi

**Það verður mikið líf og fjör í Kórnum í Kópavogi 6.-8. mars en þá verða haldnir tveir stórir viðburðir á sama tíma. Þessa helgi fer fram Íslandsmót iðn- og verkgreina og verður þetta langstærsta iðn- og verkgreinakeppni sem haldin hefur verið hér á landi. Einnig verður í fyrsta sinn haldin stór sameiginleg framhaldsskólakynning á Íslandi þar sem tæplega 30 skólar og fræðsluaðilar kynna fjölbreyttar námsleiðir. Hér er því einstakt tækifæri til að kynna sér fjölbreytileika iðngreina, verkgreina og bóknáms og ætti enginn að láta það framhjá sér fara.**

„Keppninni er fyrst og fremst ætlað að vekja athygli ungs fólks á iðn- og verkgreinum og þeim tækifærum sem felast í námi og störfum í iðngreinum," segir Lilja Sæmundsdóttir verkefnastjóri. Á Íslandsmótinu verður keppt í 24 greinum. „Það verður því margt að skoða, því auk keppni framhaldsskólanemenda verða sýningar á margvíslegum iðn- og verkgreinum og einnig verða sýnd fjölbreytt atriði á sviði," segir Lilja og bendir á að grunnskólanemendum og öðrum gestum gefst kostur á að prófa ýmislegt spennandi undir handleiðslu fagfólks. „Hér er því um að ræða frábært tækifæri til að máta sig inn í hin ýmsu störf."



**Lilja Sæmundsdóttir, verkefnastjóri.**

Framhaldsskólar og fræðsluaðilar munu kynna gríðarlega fjölbreytt námsframboð á framhaldsskólastigi, bæði verklegt og bóklegt og mun starfsfólk og nemendur þeirra veita svör við spurningum um námsframboð og inntökuskilyrði. „Félag náms- og starfsráðgjafa verður einnig með kynningarbása á svæðinu og munu ráðgjafar svara fyrirspurnum um val á námsleiðum, veita upplýsingar um áhugasviðskannanir og fleira," segir Lilja. Allt þetta fer fram á sama stað og á sama tíma á rúmum 5.500 fermetrum í Kórnum í Kópavogi.

### VON Á 7.000 GRUNNSKÓLANEMUM

Grunnskólanemendur í 8., 9. og 10. bekk eru boðnir sérstaklega velkomnir á sýninguna. Þeim verður boðið upp á að taka þátt í ratleik og svo er einnig efnt til ritgerða- og/eða myndbandasamkeppni þar sem vegleg verðlaun eru í boði fyrir besta efnið. „Við eigum von á um sjö þúsund grunnskólanemendum hvaðanæva af landinu sem ætla að koma að skoða, sjá og spyrja um allt sem þá langar að vita um greinarnar sem verða þarna og kynna sér námsframboð á framhaldsskólastigi," segir Lilja. Öllum sem áhuga hafa er velkomið að koma á sýninguna og kynna sér þar sem þar fer fram. „Ég bendi foreldrum á að á laugardeginum gefst upplagt tækifæri til að koma með börnum sínum og unglingum á sýninguna og skoða, upplifa, prufa og smakka."

### SKEMMTILEG OG KREFJANDI KEPPNI

Íslandsmót iðn- og verkgreina er orðið fastur liður hjá félögum og samtökum sem standa að verknámsgreinum sem og framhaldsskólum sem kenna verklegar greinar. „Íslandsmótið er fjölbreytt og skemmtilegt og veitir ungu fólki tækifæri til sýna fram á færni sína og kunnáttu í iðn- og verkgreinum. Þátttakendur á Íslandsmótinu eru nemendur í iðn- og verkgreinaskólum landsins og þeir sem nýlega hafa lokið námi og munu um 200 keppendur taka þátt í hinum ýmsum greinum. Keppendur takast á við krefjandi og raunveruleg verkefni í samkeppni sem reynir á hæfni, skipulagshæfileika og fagmennsku," lýsir Lilja. Dómarar fara yfir verkefnin að lokinni keppni, meta gæðin og velja þá sem skara fram úr í hverri grein.







# Mikilvægi verk- og starfsmenntunar

**Vinnumarkaðurinn er stöðugt að breytast og samkeppni harðnar ríkja á milli um þekkingu, hæfni og nýsköpun í atvinnulífi og menntun. Á sama tíma gerir launafólk ríkari kröfur um tækifæri til menntunar og starfsframa.**

Þær áskoranir sem við stöndum frammi fyrir eru sífellt að verða stærri og mikilvægt að vinna markvisst að samfélagi velmegunar og velferðar til framtíðar, samfélagi sem tryggir öllum góð lífskjör og störf við hæfi.

Á vettvangi verkalýðshreyfingarinnar hefur rík áhersla verið lögð á að efla samstarf samtaka launafólks, atvinnurekenda, fræðslustofnana og stjórnvalda við uppbyggingu og þróun starfsmenntunar. Því starfi verður að halda áfram og efla enn frekar.

Auka þarf vægi verk- og starfsnáms í íslensku menntakerfi með áherslu á fjölbreytni í námsframboði. Af hálfu verkalýðshreyfingarinnar hefur í því starfi verið lögð rík áhersla á að verk- og starfsmenntun verði metin jafngild bóknámi. Mikilvægur liður í því er að þróa nýjar námsleiðir og tryggja að þeim sem lokið hafa starfsnámi á framhaldsskólastigi gefist kostur á frekara námi í beinu framhaldi með áherslu á aukna faglega þekkingu og sérhæfingu á fagháskólastigi og að núverandi meistaranám falli þar undir.

Samstarf fyrirtækja, samtaka launafólks og fræðsluaðila um starfstengt nám þarf að efla. Við skipulagningu og framkvæmd þarf að horfa til þess að samþætta væntingar og hagsmuni nemenda og atvinnulífs, auka verklega þáttinn í starfsmenntun almennt og samþætta bóklega og verklega hluta námsins með virkari þátttöku starfsgreinaráðanna.

Það er mikilvægt að hefja kynningu á mikilvægi starfsmenntunar við upphaf skólagöngu og nemendur komist í snertingu við þær námsgreinar er lúta að starfsnámi. Jafnframt að þeir fái tækifæri til að sinna verklegum viðfangsefnum iðn- og verkgreina. Mikilvægt er að efla kynningar á starfsnámi sem beinist að ungu fólki sem hyggur á framhaldsskólanám og forráðamönnum þess, ásamt því að vekja almenning til vitundar um fjölbreytt framboð starfsnáms og mikilvægi þess fyrir atvinnulíf og samfélag.



ASÍ hafði frumkvæði að því að móta þá stefnu að hlutfall Íslendinga 25-64 ára sem ekki hafa formlega framhaldsmenntun lækki úr 30% í 10% fyrir árið 2020. Til að þetta geti orðið að raunveruleika á næstu 10 árum, eða 2024, þarf skilvirkni í menntakerfinu að aukast verulega, brotthvarf að minnka auk þess sem gera þarf stórátak í að auka menntun þeirra sem nú starfa á vinnumarkaði og hafa aðeins lokið grunnskólanámi. Hér er um gríðarlegt verkefni að ræða sem kallar á að á næstu 10 árum verða 30 þúsund einstaklingar sem nú eru á vinnumarkaði eða í atvinnuleit að útskrifast með framhaldsskólamenntun.

Nauðsynlegt er að samtök launafólks gæti hagsmuna félagsmanna sinna með því að taka virkan þátt í mótun og framkvæmd menntunar. Þá er einnig mikilvægt að Íslendingar taki virkan þátt í umræðu og samstarfi um menntamál á alþjóðavísu og hagnýti sér þá þekkingu og reynslu sem þar verður til.

*Gylfi Arnbjörnsson,*
*forseti Alþýðusambands Íslands*

# Öflugt iðn- og verknám

**Íslandsmót iðn- og verkgreina fer fram helgina 6.-8. mars í Kórnum í Kópavogi. Tilgangur mótsins er að veita ungu fólki í starfsnámi tækifæri til að sýna færni sína og kunnáttu í iðn- og verkgreinum.**



Keppendur á Íslandsmóti iðn- og verkgreina eru ýmist enn í námi eða nýútskrifaðir frá framhaldsskólum vítt og breitt um landið. Þeir takast á við hagnýt og krefjandi verkefni sem reyna á hæfni, skipulag og fagmennsku. Keppt er í yfir 20 faggreinum, en einnig fer fram sýning á margvíslegum iðn- og tæknistörfum.

Verkiðn, samtök um keppnir í iðn- og verkgreinum á Íslandi, standa að Íslandsmótinu með stuðningi mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Ástæða er til að fagna þessu þarfa framtaki Verkiðnar og því mikla kynningarstarfi sem hér fer fram. 6.000 grunnskólanemendum er boðið sérstaklega á þennan viðburð og verður hann vonandi til þess að opna augu þeirra fyrir þeim margvíslegu tækifærum sem eru í boði í starfsnámi á Íslandi. 25 framhaldsskólar munu nú í fyrsta skipti kynna námsframboð sitt á sama stað og sama tíma, bóklegt nám jafnt sem verklegt. Starfsfólk skólanna verður á staðnum og mun veita upplýsingar um það nám sem er í boði í hverjum skóla og um inntökuskilyrði.

Allt það sem gert er til að kynna starfsnám, auka sýnileika þess og vekja um leið áhuga grunnskólanemenda er af hinu góða. Auk þess að sýna það sem í boði er í verknámi gefur mótið ungu og upprennandi starfsfólki í iðn- og verkgreinum tækifæri til að sýna hvernig það hefur náð góðum tökum á tækni- og verkkunnáttu. Það er full ástæða fyrir þetta unga fólk að vera stolt af þeim góða árangri.

Ég vil þakka Verkiðn fyrir mikilvægt framlag samtakanna til eflingar iðn- og verkgreinum á Íslandi og óska keppendum og öðrum þátttakendum í Íslandsmóti iðn- og verkgreina árið 2014 alls hins besta.

*Illugi Gunnarsson,*
*mennta- og menningarmálaráðherra*

# Stórkostleg tækifæri

**Keppnisgreinar á Íslandsmóti iðn- og verkgreina eru 24 og varpa ljósi á fjölbreytta flóru.**

Við hjá Samtökum iðnaðarins erum stolt og glöð yfir því að hafa tekið þátt í að styðja Íslandsmótið frá upphafi. Nú eru keppnisgreinar orðnar 24 sem er glæsilegt. Öll keppni er þannig í eðli sínu að sífellt hækka þau viðmið sem keppendur þurfa að ná til að sigra og það er stórmerkilegt að þessi metnaður nái nú til svo margra greina. Að auki fylgja keppninni skólakynningar allra framhaldsskóla landsins sem einnig er frábær árangur.

Verkiðn sem stendur að mótinu eru samtök sem stofnuð voru sérstaklega í þeim tilgangi að skipuleggja og halda Íslandsmótið í verk- og iðngreinum. Það var mikið gæfuspor að tengja mótið alþjóðlegri keppni World Skills og glæða þannig Íslandsmótið þeirri alþjóðlegu vídd sem við þekkjum úr öllum íþróttum, vísindum og keppni meistara í iðngreinum s.s. matreiðslu, hárgreiðslu og kökugerð. Það er okkar trú að þegar ungt fólk sér þessi stórkostlegu tækifæri til að velja sér fag og sækja



fram til fagmennsku á heimsmælikvarða efli það hag landsins og einstaklingana sem verða forystufólk í samfélaginu til framtíðar. Þess vegna er líka svo skemmtilegt að bjóða nemendum úr grunnskólum í þúsundatali að koma og sjá, læra og nú í fyrsta skipti prófa sjálfir að leysa ýmis dæmigerð viðfangsefni meistarafagmanna í vandasamri iðn.

*Kristrún Heimisdóttir,*
*framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins*

**Útgefandi:** Verkiðn, Stórhöfða 31, 110 Reykjavík. **Ábyrgðarmaður:** Björn Ágúst Sigurjónsson. Netfang: bjorn@verkidn.is. **Ritstjóri:** Lilja Sæmundsdóttir. **Heimasíða:** www.verkidn.is

**Blaðið er gefið út í tilefni af Íslandsmóti iðn- og verkgreina og framhaldsskólakynningarinnar sem fer fram í Kórnum í Kópavogi 6.-8. mars 2014.**



# Verkefnasamkeppni fyrir unglinga

Verkiðn efnir til samkeppni meðal nemenda 8. til 10. bekkjar grunnskóla sem heimsækja Kórinn dagana 6. til 8. mars.

Verkefnið á að fjalla um upplifun nemenda af heimsókn sinni í Kórinn. Dæmi um heiti er t.d. ÍSLANDSMÓT IÐN- OG VERKGREINA OG FRAMHALDSSKÓLAKYNNINGIN: Upplifun mín af því sem ég sá. Hefur heimsóknin áhrif á náms- og starfsval mitt í framtíðinni?

Þeir grunnskólar sem ákveða að taka þátt í keppninni ákveða útfærsluna sjálfir. Dæmi: Ritgerð eða myndband. Eða einstaklings- eða hópverkefni (2 til 3 saman).

Dómnefnd í hverjum skóla fyrir sig velur þrjú bestu verkefnin og sendir þau inn til Verkiðnar. Dregið verður um veglega vinninga. Frekari upplýsingar má sjá á www.verkidn.is.

# Ratleikur í Kórnum

Grunnskólanemendum gefst kostur á að taka þátt í ratleik um svæðið í Kórnum. Í lok hvers dags verða dregnir út heppnir vinningshafar og birtast nöfn þeirra á heimasíðu verkiðnar, www.verkidn.is.

Hópstjórar fá ratleikinn í hendur áður en komið er inn á svæðið. Fjórar útgáfur verða af ratleiknum svo að þátttakendur dreifist betur um svæðið. Miðast skipulag leiksins við uppbyggingu svæðisins.

Leikurinn fer þannig fram að nemendur mega prófa, skoða eða leita svara við nokkrum spurningum og fá stimpil í lok hvers verkefnis. Áður en heim er haldið skila nemendur leiknum vel merktum nafni og skóla nærri útgangi í Kórnum.

**● KEPPT VERÐUR Í EFTIRTÖLDUM GREINUM Á ÍSLANDSMÓTI IÐN- OG VERKGREINA:**
Sjúkraliðar, kjötiðn, rafvirkjun, rafeindavirkjun, grafísk miðlun, skrúðgarðyrkja, blómaskreytingar, málaraiðn, pípulagnir, trésmíði, bakaraiðn, snyrtifræði, gullsmíði, hársnyrtiiðn, veggfóðrun og dúkalögn, bílamálun, bifreiðasmíði, bifvélavirkjun, leikjaforritun, framreiðsla, matreiðsla, bilanagreining kælikerfa, vefhönnun og málmsuða.

**● EFTIRFARANDI GREINAR VERÐA SÝNINGARGREINAR:**
Trébátasmíði, múrverk, hönnun vökvakerfa, fataiðn og ljósmyndun.

**● EFTIRFARANDI FRAMHALDSSKÓLAR OG AÐRAR NÁMSSTOFNANIR VERÐA Á STÓRU FRAMHALDSSKÓLAKYNNINGUNNI:**
Vísindasmiðja HÍ, Ökuskólinn, Rafiðnaðarskólinn (staðsett á keppnissvæði), Vinnueftirlitið, Iðan, Iðnú, Kvennaskólinn í Reykjavík, Myndlistaskólinn í Reykjavík, Fisktækniskóli Íslands, Tækniskólinn – Skóli atvinnulífsins, Menntaskólinn við Hamrahlíð, Menntaskólinn í Kópavogi, Menntaskólinn í Reykjavík, Menntaskólinn á Ísafirði, Fjölbrautaskóli Suðurlands, Námsflokkar Reykjavíkur, Fashion Academy Reykjavík, Fjölsmiðjan, Menntagátt og Félag náms- og starfsráðgjafa, Snyrtiakademían, Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ, Verzlunarskóli Íslands, Erasmus +, Flensborg, Fjölbrautaskóli Suðurnesja, Fjölbrautaskólinn í Garðabæ, Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra, Iðnskólinn í Hafnarfirði, Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, Fjölbrautaskólinn við Ármúla, Landbúnaðarháskóli Íslands, Borgarholtsskóli og Menntaskólinn við Sund.





FÍTON / SÍA

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

**Starfsmenntun gefur forskot þegar komið er út á vinnumarkaðinn.**

Starfsnám á Íslandi er fjölbreytt og nýtist á öllum sviðum atvinnulífsins. Starfsnám er skapandi og skemmtilegt nám. Því fylgja oft alþjóðleg starfsréttindi sem opna möguleika á störfum erlendis. Hugsaðu um sjálfa(n) þig, veldu nám sem veitir ótal tækifæri. Kynntu þér málið nánar á ***WWW.MENNTAGATT.IS***

NÁM ER VINNANDI VEGUR

# Ólýsanleg upplifun



Þorri Pétur Þorláksson pípari hefur nóg að gera og segist vera heppinn ef hann fær frí um helgar. MYND/GVA

Þorri Pétur Þorláksson leiddist út í píparanám í gegnum fjölskylduna. „Pabbi minn er pípari og á fyrirtæki sem mér var hálfvegis skóflað inn í. Ég var búinn að vinna í fjölskyldufyrirtækinu í þó nokkurn tíma áður en ég byrjaði í náminu og vissi því sitt lítið af hverju um pípulagnir."

### NÓG AÐ GERA

Hann segir píparastarfið vera fjölbreytt og skemmtilegt. „Þetta er alls ekki eitthvert átta til fimm starf þar sem sami hluturinn er endurtekinn dag eftir dag. Ég er að vinna með ýmiss konar efnivið, allt frá stáli til plasts. Svo legg ég jafnt grófar lagnir í nýbyggingar og hengi upp fín og smágerð tæki sem þarf að láta passa upp á millimetra. Það er líka nóg að gera hjá mér, ég gæti þess vegna unnið allan sólarhringinn ef ég vildi og er heppinn ef ég fæ frí um helgar."

### GEKK VEL FRAMAN AF

Þorri Pétur var einn af þeim sem fóru á heimsmeistaramót iðn- og verkgreina, Worldskills í Leipzig 2013. „Mótið var risastórt og flott, ég á erfitt með að lýsa upplifuninni. Ég fékk teikningu að verkefni í hendurnar þar sem ég átti að leggja lagnir í tilbúinn vegg. Ég fékk fimmtán klukkustundir sem dreift var á tvo daga til að klára verkið. Mér gekk mjög vel fyrsta einn og hálfan daginn en þá var ég bæði andlega og líkamlega búinn og allt fór í klessu. Það endaði svo með því að ég náði ekki að klára en það var aðeins einn sem kláraði verkefnið, heimamaðurinn, Þjóðverjinn."

### IÐNNÁMIÐ SKEMMTILEGT

„Mótið úti fékk mikla athygli og greinilegt að þar er iðngreinum gert hátt undir höfði. Ég myndi alveg vilja sjá þetta hérna heima líka enda iðnnám skemmtilegt og fjölbreytt," segir Þorri Pétur.



Íslenski hópurinn í Leipzig. Keppendur, dómarar sem jafnframt eru þjálfarar keppendanna, liðstjórar og kennarar í Hársnyrtiskólanum.

# Worldskills í Leipzig

**Á Worldskills er keppt í öllum hugsanlegum iðn- og verkgreinum, bæði stórum og smáum. Fjórir Íslendinga Dröfn Matthíasdóttir, Lena Magnúsdóttir og Þorri Pétur Þorláksson, tóku þátt í heimsmeistaramóti iðngrei**



Laufeyju dreymir um að vinna á flottri auglýsingastofu í framtíðinni. MYND/GVA

# Er reynslunni ríkari

Laufey Dröfn Matthíasdóttir hafnaði í þriðja sæti á Íslandsmóti iðn- og verkgreina árið 2012. „Fyrsta daginn áttum við að hanna matseðil og seinni daginn ljósmyndabækling og plakat fyrir ljósmyndasýningu. Venjan er að sigurvegarinn fari á heimsmeistaramótið en hann má þó ekki vera orðinn tuttugu og eins. Bæði sigurvegarinn og strákurinn sem lenti í öðru sæti voru orðnir of gamlir sem varð til þess að ég fékk að fara," útskýrir Laufey.

Hún segist ekki hafa gert sér grein fyrir því þegar hún hélt utan hversu stór viðburður þetta var. „Þetta var ekkert smá flott mót og skipulagið til fyrirmyndar. Keppnin sjálf var með sams konar sniði og heima og áttum við meðal annars að hanna bæklinga, tímaritasíður, lógó og umbúðir." Laufey endaði í 22. sæti af 26 með 480 stig. Hún segist sátt við árangurinn og að þátttakan í keppninni hafi verið góð reynsla.

Aðspurð segist Laufey upphaflega hafa ætlað í ljósmyndun. „Grunnnámið í Tækniskólanum fyrir ljósmyndun og grafíska hönnun er það sama og einhvers staðar á miðri leið áttaði ég mig á að mig langaði frekar að læra grafíska hönnun."

Í dag er Laufey að vonast til að komast á samning til að geta farið í sveinspróf og lokið náminu. „Ég þarf að komast á samning hjá auglýsingastofu eða prentsmiðju í 28 vikur til að geta farið í prófið. Í framtíðinni langar mig svo í ítarlegra nám í háskóla og fara þá meira út í hönnunina. Draumurinn er svo að vinna á flottri auglýsingastofu."

# Nóg að gera þetta einu sinni á ævinni



Lena Magnúsdóttir hársnyrtir tók þátt í heimsmeistarakeppni hársnyrta.

Ég vissi alltaf hvað mig langaði til að gera, alveg frá því ég var þriggja ára hef ég ætlað mér að verða hársnyrtir. Starfið er mín ástríða," segir Lena Magnúsdóttir hársnyrtimeistari á Eplinu í Borgartúni

Lena vann keppni hársnyrtinema á Íslandsmóti iðn- og verkgreina á síðasta ári og keppti í framhaldinu fyrir hönd Íslands á heimsmeistaramóti hársnyrta sem haldið var í Þýskalandi.

Hún segir heimsmeistaramótið hafa verið magnaða lífsreynslu

„Þetta var mikil reynsla, bæði fyrir mig sem fagmanneskju en líka persónuleg reynsla, að stíga svona hressilega út fyrir þægindarammann," segir Lena. „Keppninni fylgdi mikið stress og ég kom varla niður matarbita þessa daga. Þarna er fjöldi manns að fylgjast með manni vinna allan tímann. Þúsundir gesta fara þarna í gegn og dómarar fara um allt keppnissvæðið og taka út vinnu keppenda.

Ég var úti í tíu daga en keppnin sjálf stóð í fjóra daga. Keppnisliðirnir voru átta og keppt í tveimur liðum á dag, uppgreiðslu og litun og dömuklippingu, í sama haus þannig að liturinn þurfti að virka líka í klippingunni, galagreiðslu, formblæstri og klippingu, skeggklippingu, permanenti og fleiru," útskýrir Lena.

Hún undirbjó sig vel og var í stífri þjálfun í eitt ár og þrjá mánuði fyrir keppnina.

„Það er allt önnur tíska í keppnisheiminum, allt aðrir litir og allt miklu ýktara. Ég hafði ekkert viðmið og þurfti að setja mig inn í hvað væri flott og virkaði í keppni og hvað ekki.

Svo þurfti ég bara að æfa mig aftur og aftur á því sama, til að ná bæði tækninni og þeim hraða sem þurfti sem var frekar erfitt," útskýrir Lena.

Í keppninni fékk hún „Best of nation"-verðlaun og lenti í 15. sæti af 29 keppendum. Hún er sátt við frammistöðu sína í keppninni enda reynslunni ríkari.

„Ég lærði ótrúlega mikið af þessu og kom heim stútfull af reynslu. Eftir keppnina hef ég verið að kenna í Tækniskólanum, sem er æðislega gaman."

En tæki hún aftur þátt í svona stórri keppni?

„Ég sé ekki eftir orkunni og tímanum sem fór í þetta en það er meira en nóg að gera þetta einu sinni um ævina."

# Heillaður af



„Ég var h það stop rafvirki.

Einhverra hluta vegna hefur Börkur Guðmundsson rafvirki alltaf heillast af rafmagni. Þar fetar hann aðrar slóðir en margir karlmenn í fjölskyldu hans en flestir starfa þeir sem smiðir. „Áhuginn kom greinilega mjög snemma því mamma kom að mér fjögurra ára gömlum uppi á eldhúsbekk þar sem ég var búinn að finna eldgamla og handónýta snúru og stinga henni í samband. Ég var hreinlega heppinn að drepa mig ekki en það stoppaði mig ekki."

Þegar grunnskóla lauk hóf Börkur tveggja ára nám í rafvirkjun við Verkmenntaskólann á Akureyri. Tíminn þar var skemmtilegur að sögn Barkar. „Ég var auðvitað ekki lengi að troða mér inn í Yggdrasil, leikfélag skólans, til að aðstoða við ljósin. Að tveimur árum liðnum þurfti ég að velja milli rafvirkjunar eða rafeindavirkjunar og valdi rafvirkjun enda sterkari á því sviði. Vi útskrift. Í dag starfa ég hjá Víkurrafi á Húsa ljósauppsetningu og stjórnun."

Börkur tók þátt í Íslandsmóti iðn- og verk leysa tvö verkefni en teikningar vegna þeirr uðum fyrr. Teikningum var hins vegar breyt af stað fyrri daginn en passaði mig betur da

Hann var einnig einn fjögurra keppend iðn- og verkgreina í Leipzig í Þýskalandi á aðstæður en maður á að venjast heima, ti lífsreynsla og virkilega skemmtilegt en þa mörgum löndum á fjórum dögum."

Aðspurður um nýliðun og horfur í grein nokkuð góðar. „Mér sýnist þetta líta ágætl Atvinnuhorfur eru fínar og launin góð."



# g 2013

**ar, Börkur Guðmundsson, Laufey**
**na, Worldskills, í Leipzig í fyrra.**

## rafmagni



**reinlega heppinn að drepa mig ekki en**
**paði mig ekki," segir Börkur Guðmundsson**

MYND/ÚR EINKASAFNI

ið tók þriggja anna nám sem endaði með
avík, auk þess að vera verktaki hjá Exton í

kfræðigreina árið 2012. „Þar áttum við að
ra höfðu keppendur fengið þremur mán-
t lítillega fyrir keppnina. Ég fór full rólega
aginn eftir þegar ég var betur undirbúinn."
a sem tóku þátt í heimsmeistaramóti
rið 2013. „Þar vann maður við gjörólíkar
l dæmis í 30 stiga hita. En þetta var mikil
r atti ég kappi við 32 keppendur frá jafn

inni hérlendis segir Börkur aðstæður
ega út og framtíðarhorfur eru góðar.

# Vann sem rafvirki á Grænlandi

**Ágústa Ýr Sveinsdóttir útskrifaðist sem rafvirki frá FB árið 2011. Hún hefur starfað sem rafvirki á Grænlandi og Íslandi og auk þess fengið að kynnast ólíkum aðstæðum rafvirkja á Indlandi.**

„Það var eiginlega alveg óvart að ég varð rafvirki. Mig hafði langað til að læra sýningarstjórnun en til þess þurfti ég að byrja á að taka grunnnám í rafvirkjun," segir Ágústa Ýr en þegar til kom fannst henni rafvirkjunin svo skemmtileg að hún hætti alveg við sýningarstjórnunardrauminn.

„Rafvirkjanámið er mjög aðgengilegt og félagsskapurinn var mjög góður og þetta átti allt mjög vel við mig," segir Ágústa sem stundaði námið í fjarnámi við Fjölbrautaskólann í Breiðholti. Fyrst grunnnámið og síðan sérnámið í framhaldinu en þar valdi hún rafvirkjun fremur en rafeindavirkjun þar sem hún taldi hana bjóða upp á meiri fjölbreytni.

Rafvirkjun hefur þótt fremur karllæg grein en Ágústa var þó ekki eina stelpan í skólanum. „Ég og önnur stelpa fylgdumst að allt námið og svo sótti ég tíma með tveimur öðrum sem voru á undan og eftir mér á ári."

### HENTAR VEL STELPUM

Eftir að skólanum lauk hóf Ágústa starfsnám hjá ÍSAL. „Þar fékk ég að prófa allt milli himins og jarðar og fékk smjörþefinn af því að starfa sem rafvirki," segir Ágústa sem ber fyrirtækinu vel söguna. „Það var mjög gott að læra þar enda var lögð áhersla á að ég lærði alltaf eitthvað nýtt, fundin krefjandi verkefni fyrir mig og allt útskýrt mjög vel fyrir mér," segir Ágústa sem telur rafvirkjun að mörgu leyti henta stelpum mjög vel. „Maður getur dálítið valið sitt starfssvið og því þarf þetta ekki að vera líkamlega erfitt. Ég hef þó alltaf unnið í iðnaði þar sem sumt er líkamlegt en í dag er áhersla lögð á að nota hjálpartæki eins og krana og lyftara þegar lyfta þarf þungum hlutum og því þarf ekki að nota mikið afl. Ég hef í það minnsta aldrei lent í vandræðum."

### ÖNNUR VINNUMENNING Á INDLANDI

Ágústa lauk sveinsprófi í júní 2011 og ákvað í framhaldinu að ferðast í hálft ár um heiminn. „Flestum sem ég hitti þótti áhugavert að ég væri rafvirki. Ég var á Indlandi um skeið og þá æxlaðist það þannig að ég eyddi heilum degi með indverskum rafvirkja og fylgdist með störfum hans. Þetta er allt annar heimur en við þekkjum en mjög skemmtilegur. Hann kom og sótti mig á mótorhjólinu sínu um morguninn og við ókum á milli heimila. Mér kom á óvart hversu lítið er hugað að öryggi. Hér heima vinnur maður til dæmis alltaf með einangruð skrúfjárn en það gerði hann ekki, svo var hann ekkert að hafa fyrir því að slá út rafmagninu þegar hann var að vinna í því," lýsir Ágústa en skemmtilegast fannst henni þó að þau fengu hvergi að hefja vinnu fyrr en búið var að sitja með fjölskyldunni og drekka tebolla. „Yfirleitt fór hálftími í það áður en hægt var að gera það smáviðvik sem beið."

### EINANGRUN Í GRÆNLANDI

Þegar Ágústa kom heim fór hún að vinna sem rafvirki hjá íslensku fyrirtæki í Ilulissat á Grænlandi. „Við unnum við að reisa virkjun fyrir hina grænlensku „Landsvirkjun". Þetta var mjög skrítin reynsla og tók oft á. Maður var þarna í fjórar vikur í senn og með takmarkað samband við umheiminn," segir Ágústa sem var eina konan í hópnum. „Ég þroskaðist mikið bæði vinnulega séð og sem persóna enda þurfti maður að læra að sníða sér stakk eftir vexti enda ekki aðgangur að öllum verkfærum sem þurfti á hverjum tíma og því þurfti að skipuleggja sig vel."



Ágústa Ýr Sveinsdóttir vinnur sem rafvirki og vinnur nú við að reisa nýtt hreinsivirki. MYND/ÁGÚST

### GÓÐUR GRUNNUR FYRIR FREKARA NÁM

Ágústa vinnur enn hjá sama fyrirtæki en nú sem verktaki á sínum gamla lærdómsstað ÍSAL. „Við erum að byggja nýtt hreinsivirki," segir hún glaðlega.

Þó henni líki starfið er hún ekki viss um að hún muni verða eilíf í greininni. „Þetta er mjög fróðlegt og er mjög góður undirbúningur fyrir margar framhaldsgreinar í háskóla," segir Ágústa sem útilokar ekki frekara nám í framtíðinni, líklega í verkfræði eða tæknifræði. „Þeir verk- og tæknifræðingar sem hafa iðnmenntun í grunninn eru mjög eftirsóttir."

# Nám er aldrei sóun

**Þorsteinn Eyfjörð er átján ára nemandi á félagsvísindabraut Kvennaskólans í Reykjavík. Þorsteinn leggur einnig stund á raftónlistarnám og situr í ritstjórn Framhaldsskólablaðsins.**

„Ég valdi Kvennaskólann vegna orðsporsins. Þetta er metnaðarfullur, heimilislegur og krúttlegur skóli þar sem kennarar þekkja nemendur og styðja vel við bakið á þeim," segir Þorsteinn sem var í kröggum með skólaval fram á síðasta dag þegar kom að vali á framhaldsskóla eftir grunnskólanám.

„Ég valdi bóknám því ég hef mikinn áhuga á félagsfræði, mannfræði og samfélagsmálum. Bóknám varð einnig fyrir valinu vegna þess að grunnskólarnir leggja ríkari áherslu á bóknám umfram verknám og helst við vinsælustu skólana. Því er beinlínis haldið að nemendum að verknám sé þrepi neðar og að þeir sem ekki eru sterkir námsmenn eigi að fara á verknámsbraut."

Þorsteinn telur grundvallarmisskilning liggja í áróðri grunnskólanna.

„Þennan misskilning þarf auðvitað að uppræta og hvetja í stað þess unglinga til að velja sér nám eftir áhugasviði í stað þess að eltast við ákveðna skóla. Unglingar taka gjarnan mið af hópnum og því skiljanlegt að þeir keppist um inngöngu í vinsælustu skólana. Því þarf að hvetja þá til sjálfstæðra ákvarðana, gera þeim ljóst að þeir hafi val og að ekkert sé athugavert við að velja annað en normið. Við búum enda við mikinn jöfnuð í skólakerfinu á Íslandi og finnum hvarvetna gott nám."



Þorsteinn Eyfjörð við Kvennaskólann í Reykjavík. MYND/DANÍEL

Þorsteinn segist viss um að sér hefði liðið vel í hvaða framhaldsskóla sem er enda sé markmið skólanna og hagur að láta nemendum líða og líka vel.

„Mér líður afskaplega vel í Kvennó og finn mig vel í bóknámi en sé nú að möguleikarnir liggja annars staðar líka. Orðinn eldri og þroskaðri hefði ég ugglaust valið mér nám eftir áhugasviði og þá miklar líkur á að ég hefði farið í annan framhaldsskóla. Ég hef þó fyrst og fremst löngun til að læra og finn að ég er alltaf að takast á við ný, spennandi og áhugaverð efnistök."

Eitt af því sem réð úrslitum hjá Þorsteini þegar kom að skólavist í Kvennaskólanum var möguleiki á að ljúka stúdentsprófi á þremur árum.

„Það þótti mér spennandi kostur og hyggst ljúka stúdentsprófinu á þremur árum. Eftir stúdentinn ætla ég að taka ársfrí til að ljúka raftónlistarnámi, vinna og ferðast um heiminn. Íslenskt nútímasamfélag krefst þess ekki af mér að ljúka einu námi og finna mér ævistarf því tengt það sem eftir er. Ég get lært allt mögulegt sem mun nýtast í hverju sem ég tek mér fyrir hendur og sé fyrir mér að starfa við eitthvað félagsfræðitengt en líka hvers kyns listir. Nám er aldrei sóun því það nýtist hvað með öðru og á meðan tækifæri gefst ætti maður að læra eins mikið og hægt er."

# Iðnskólinn í Hafnarfirði

## Fagmennska - Virðing - Þekking

**Í Iðnskólanum í Hafnarfirði er í boði nám á mörgum spennandi brautum.**

Iðnnám hefur alla tíð verið aðalsmerki skólans enda eftirsótt nám í góðu samstarfi við atvinnulífið. Nýjasta viðbótin í námsframboði skólans er stúdentspróf með fjölbreytilegu verklegu vali af þrem línum, félagsvísindalínu, náttúrufræðilínu og línu með opnu vali. Nemendur á stúdentsbraut fá góða innsýn í valda starfsgrein sem er dýrmætur undirbúningur undir frekara nám.

Í iðngreinum er starfsþjálfun á vinnustað hluti af náminu. Nemendur sem ljúka prófi í iðngrein og taka stúdentspróf hafa öðlast mjög góðan undirbúning fyrir nám á háskólastigi í tæknigreinum. Öflugt félagslíf er í skólanum en nemendafélagið stendur reglulega fyrir ýmsum viðburðum yfir veturinn. Iðnskólinn er rótgróinn skóli í hjarta Hafnarfjarðar sem státar af frábærum tækjabúnaði, vel menntuðum og reynslumiklum kennurum og starfsfólki sem hefur mikla sérþekkingu á sínu sviði.

IÐNSKÓLINN Í HAFNARFIRÐI
FAGMENNSKA · VIRÐING · ÞEKKING

**NÁMSBRAUTIR IÐNSKÓLANS:**

- **Bygginga- og mannvirkjagreinar**
- **Húsasmíði**
- **Húsgagnasmíði**
- **Tréskipasmíði**
- **Pípulagnir**
- **Háriðnir**
- **Listnám**
- **Hönnunarlína**
- **Handverkslína**
- **Málmiðnir**
- **Rennismíði**
- **Stálsmíði**
- **Vélvirkjun**
- **Grunnnám bíliðna**
- **Rafiðnir**
- **Starfsbraut**
- **Stúdentsbraut**
- **Náttúruvísindalína**
- **Félagsvísindalína**
- **Opið val**
- **Tækniteiknun**
- **Tengibraut**



# Hótel- og matvælaskólinn í Menntaskólanum í Kópavogi

**Í Hótel- og matvælaskólanum í MK er boðið upp á fjölbreytt nám í matvælagreinum.**

Nemendum sem eru að ljúka 10. bekk stendur til boða nám á almennri braut matvælagreina en þar fá nemendur innsýn í nám bakara, framreiðslumanna (þjóna), kjötiðnaðarmanna og matreiðslumanna (kokka). Brautin hefur verið mjög vinsæl undanfarin ár og færri komast að en vilja. Eftir eins árs nám velja nemendur iðngrein og sækja um námssamning hjá fyrirtæki í matvæla- og veitingagreinum. Námstíminn eftir það skiptist á milli skólans og vinnustaðarins. Nemendur eru að jafnaði tvær annir í skólanum eftir að þeir hafa lokið náminu á almennu brautinni og ljúka námi sínu á þremur til fjórum árum með burtfararprófi og sveinsprófi í sinni grein. Að námi loknu eru nemendur fullgildir fagmenn sem geta hafið störf í greinum sínum en mjög góð atvinnutækifæri eru í matvæla- og veitingagreinum í dag. Hvað varðar annað námsframboð í Hótel- og matvælaskólanum þá er um nokkra möguleika að ræða.

**NEMENDUR GETA LAGT STUND Á:**

- **Iðnstúdentsnám**
- **Matsveinanám**
- **Matartæknanám**
- **Meistaranám að loknu sveinsprófi**
- **Hótelstjórnunarnám**

Eins og segir hér að framan þá er fjölbreytt námsframboð í skólanum. Hefur skólinn að bjóða frábæra aðstöðu til kennslu í öllum matvælagreinum og er hann vel tækjum búinn. Allir sem áhuga hafa á að sækja í nám í Hótel- og matvælaskólanum eru hvattir til að hafa samband við starfsmenn skólans, áfangastjóra, námsstjóra eða námsráðgjafa til að fá frekari upplýsingar. Sveinspróf í matvæla- og veitingagreinum býður einnig upp á mjög fjölbreytt viðbótarnám s.s. til stúdentsprófs, í hótelstjórnun og iðnmeistaranám.



# Fjölbrautaskólinn við Ármúla

**Áfangaskóli með bóknám til stúdentsprófs, starfsnám í heilbrigðisgreinum, viðbótarnám til stúdentsprófs, sérnámsbraut og fjarnám.**

Áhersla er lögð á hvetjandi námsumhverfi, fjölbreytt námsúrval og námsmat, sveigjanlega kennsluhætti og framúrskarandi þjónustu.

Skólinn býr við framúrskarandi aðstöðu fyrir nemendur og starfsfólk og er í alfaraleið. Lögð er áhersla á öfluga stoðþjónustu við nemendur þar sem hæfileikar hvers og eins nemanda fá að njóta sín.

:fá FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

### BÓKNÁM

Skólinn býður upp á hefðbundið nám til stúdentsprófs á félagsfræðabraut, málabraut, náttúrufræðibraut og viðskipta- og hagfræðibraut. Þetta nám er undirbúningur fyrir háskólanám auk þess sem stúdentsprófið nýtist þeim sem hafa hug á annars konar námi eða þátttöku í atvinnulífinu. Einnig er í boði nám á almenni námsbraut sem er sniðin að þörfum þeirra sem hafa ekki ákveðið á hvaða braut þeir vilja stunda nám eða fullnægja ekki inntökuskilyrðum sem krafist er á aðrar brautir skólans.

### STARFSNÁM

Heilbrigðisskólinn er kjarnaskóli í heilbrigðisgreinum á framhaldsskólastigi og leggur áherslu á að bjóða upp á fjölbreytt starfsnám á heilbrigðissviði sem er ávallt í takt við þarfir samfélagsins. Nám í Heilbrigðisskólanum veitir fjölbreytt starfsréttindi innan og utan stofnana auk þess að undirbúa nemendur fyrir frekara nám í heilbrigðisgreinum. Í boði er nám á sjúkraliðabraut, tanntæknabraut, lækna- og heilbrigðisritarabraut, lyfjatæknabraut og heilsunuddbraut. Einnig er í boði framhaldsnám á fjórða þrepi framhaldsskólans fyrir sjúkraliða og lyfjatækna. Nemendur sem ljúka starfsnámi geta lokið viðbótarnámi til stúdentsprófs.

### FJARNÁM

Frá sumrinu 2002 hefur FÁ boðið upp á fjarnám en um 100 áfangar eru kenndir í fjarnámi og stunda að jafnaði 1.400 nemendur í fjarnámi við skólann. Fjarnámið hefur það markmið að sem flestir geti stundað það óháð stað og stund.

### FÉLAGSLÍF

Félagslíf nemenda er fjölbreytt og öflugt og er áhersla lögð á virka þátttöku nemenda. Allir nemendur eiga að geta fundið sér hlutverk í félagslífinu sem fellur að áhugasviði hvers og eins.

# Myndlistaskólinn í Reykjavík

**Sjónlistadeild er tveggja ára námsbraut innan Myndlistaskólans í Reykjavík sem lýkur með stúdentsprófi.**

Námið er ætlað þeim sem stefna á háskólanám í myndlist, ljósmyndun, vöruhönnun, fatahönnun, tölvuleikjahönnun, arkitektúr eða öðrum sjónrænum greinum. Kennarar eru flestir starfandi listamenn og hönnuðir en bóklegar greinar eru kenndar í samstarfi við Kvennaskólann.

Umsækjendur þurfa að hafa lokið einu ári (miðað við nýtt þriggja ára skipulag til stúdentsprófs) og tilgreindum kjarnaáföngum. Skólinn býður einnig upp á eins árs undirbúningsnám fyrir þá sem þegar hafa lokið stúdentsprófi en vantar grunn í listnámi sem listaháskólar gera kröfu um. Allir umsækjendur þurfa að þreyta inntökupróf þar sem reynir á teikningu og skapandi hugsun. Umsóknarfrestur er til mánudagsins 26. maí.



**SÓLBJÖRT VERA ÓMARSDÓTTIR, NEMANDI Á FYRRA ÁRI Í SJÓNLISTADEILD.**



**AF HVERJU VALDIR ÞÚ ÞETTA NÁM?**
Frá barnsaldri hef ég haft áhuga á því að læra myndlist. Mér fannst freistandi að geta einbeitt mér meira að listnáminu en ég gat gert í gamla skólanum mínum og sleppa því að grúska mikið í sálfræðibókum, stærðfræðidæmum eða þýsku svo eitthvað sé nefnt!

**HVAÐ HEFUR KOMIÐ ÞÉR MEST Á ÓVART Í NÁMINU?**
Það sem kom mér mest á óvart er hvað skólinn hefur eflt sjálfstraust og öryggi mitt í kringum það sem ég ákveð að gera. Ég á miklu auðveldara með að deila hugmyndum mínum með samnemendum og kennurum.

**HVAÐ HEFUR NÁMIÐ GEFIÐ ÞÉR HINGAÐ TIL?**
Þetta nám hefur gefið mér áhuga fyrir minni eigin framtíð og tilhlökkun. Námið hefur einnig gefið mér þann möguleika að læra mikilvægar lexíur varðandi sjálfa mig á borð við að bera mig aldrei saman við aðra, vegna þess að það hefur ekkert upp á sig.

**ER NÁMIÐ FRÁBRUGÐIÐ ÖÐRU NÁMI SEM ÞÚ HEFUR ÁÐUR VERIÐ Í?**
Fyrir mér er það mjög frábrugðið. Það ríkir allt öðruvísi kerfi í fræðslu og kennslu innan veggja Myndlistaskólans, kerfi sem leyfir nemendum að kanna sitt eigið áhugasvið og komast að því dagsdaglega hvar styrkleikar manns og veikleikar liggja.

**HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA EFTIR ÚTSKRIFT?**
Ég tek mér mögulega örlitla pásu til að vinna og ferðast. Annars hefur hugurinn alltaf leitað í einhvers konar hönnun. Ég er ennþá að velja á milli grafískrar hönnunar og vöruhönnunar. Svo fékk ég óbilandi áhuga á ritlist eftir að hafa verið í íslensku hjá „Halla Jóns" snillingi.

# Tækniskólinn – Alls konar nám!

**Að klára grunnskólann er stór áfangi sem leiðir til pælinga um atvinnu og áframhaldandi nám.**

Tækniskólinn hentar í báðum tilvikum. Í Tækniskólanum er bæði mjög sérhæft nám sem leiðir til starfsréttinda og blandað tækni- og bóknám. Námsleiðir Tækniskólans má alltaf tengja beint við framhaldsnám, með því að ljúka sérhæfðum brautum eða bæta við stúdentsprófi.

Tækniskólinn skóli atvinnulífsins

Tækniskólinn er regnhlíf yfir tólf skóla sem starfa undir nafni Tækniskólans. Hver skóli hefur sitt nafn og er faglega sjálfstæður, sjá http://www.tskoli.is/ og hér:

Byggingatækniskólinn – Endurmenntunarskólinn – Fjölmenningarskólinn – Hársnyrtiskólinn - Hönnunar- og handverksskólinn – Raftækniskólinn – Skipstjórnarskólinn – Tæknimenntaskólinn - Upplýsingatækniskólinn – Véltækniskólinn – Tækniakademían – Flugskóli Íslands

Námið er í þínum höndum, þú velur braut sem hentar hugmyndum þínum og draumum, úr verður skemmtilegt nám og spennandi atvinna.

Tækniskólinn hjálpar þér að komast þangað sem þú vilt.

„Ég valdi Tækniskólann því ég vildi læra fagleg og vönduð vinnubrögð. Ég stefni á að vera með eigin rekstur í framtíðinni og vildi því læra að búa til flíkurnar frá grunni svo ég þurfi ekki að stóla á einhvern annan til að framleiða fyrir mig."
**SIGRÍÐUR THEODÓRA SIGBJÖRNSDÓTTIR, KJÓLASAUM**

„Ég hef gengið inn í land drauma og tækifæra með því að vera skráður í Tækniskólann. Tækniskólinn hugsar gífurlega vel um þig og leyfir þér að stjórna námi þínu ótrúlega mikið sjálfur. Mikið framboð af mismunandi námsleiðum gerir það oft að verkum að nemendur halda bara áfram að leggja stund á nám við skólann, og það með bros á vör."
**BJARNI FREYR REYNISSON, NÁTTÚRUFRÆÐIBRAUT, FLUGTÆKNI**

„Ég valdi Tækniskólann út af fjölbreytninni, hér fæ ég frelsi og þekkingu til að iðka áhugamál mín, og út af tækifærunum sem hann veitir."
**AXEL FANNAR FRIÐRIKSSON, GRAFÍSKRI MIÐLUN**






SJÚKRALIÐAFÉLAG ÍSLANDS

Samiðn

BÍLGREINASAMBANDIÐ

VM
Félag vélstjóra og málmtæknimanna

sart

MATVÍS

# ÍSLANDSMÓT IÐN- OG VERKGREINA 2014

## 6.- 8. mars í Kórnum í Kópavogi

# OG FRAMHALDSSKÓLAKYNNING



### Fimmtudagur 6. mars

| | |
|---|---|
| Kl. 8.30 | Keppni og framhaldsskólakynning hefst |
| Kl. 9.00-14.00 | Grunnskólanemendur |
| Kl. 10.00-14.00 | Atriði á sviði |
| Kl. 13.00 | Setningarathöfn |
| Kl. 14.30 | Keppni frestað til morguns |
| Kl. 16.30 | Framhaldsskólakynning lokar |

### Föstudagur 7. mars

| | |
|---|---|
| Kl. 8.30 | Keppni og framhaldsskólakynning heldur áfram |
| Kl. 9.00-14.00 | Grunnskólanemendur |
| Kl. 10.00-14.00 | Atriði á sviði |
| Kl. 17.30 | Keppni frestað til morguns og framhaldsskólakynning lokar |

### Laugardagur 8. mars

| | |
|---|---|
| Kl. 8.30 | Keppni og framhaldsskólakynning heldur áfram |
| Kl. 11.00-13.00 | Atriði á sviði |
| Kl. 14.30 | Keppni og framhaldsskólakynningu lýkur |
| Kl. 15.00 | Skemmtidagskrá |
| Kl. 16.00 | Verðlaunaafhending |

Opið er fyrir almenning alla daga og aðgangur ókeypis

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Finndu okkur á Facebook

verkiðn
www.verkidn.is

pepsi

Domino's

félag bókagerðarmanna

IÐNAÐARMANNAFÉLAGIÐ Í REYKJAVÍK

IÐNMENNT

SI 20 1994-2014

sart

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

# BRETTAVIKA

# 20-50% AFSLÁTTUR

## AF FÆÐUBÓTAREFNUM OG FATNAÐI



**NÚ ER TÍMI TIL AÐ BIRGJA SIG UPP FYRIR RÆKTINA**

PhD

| | Verð áður | Verð nú |
|---|---|---|
| PHD L-Glutamin 550gr 110 skammtar | 4,995 kr. | 3,996 kr. 20% |
| PHD NÝTT ! VMX2 preworkout 40 skammtar | 7,995 kr. | 5,996 kr. 25% |
| PHD Pharma Gain 2.27 kg | 8,995 kr. | 7,196 kr. 20% |
| PHD Greens 330gr | 6,995 kr. | 5,596 kr. 20% |

MAXIMUSCLE

| | Verð áður | Verð nú |
|---|---|---|
| Maximuscle Promax 30 skammtar | 7,995 kr. | 5,996 kr. 25% |
| Maximuscle Cycolone 1.2 kg | 9,995 kr. | 7,996 kr. 20% |
| Maximuscle Nýtt Promax Extreme 1.2 kg | 9,995 kr. | 6,996 kr. 30% |
| Maximuscle Promax diet 1.2 kg | 9,995 kr. | 7,996 kr. 20% |

THE PROTEIN WORKS

| | Verð áður | Verð nú |
|---|---|---|
| The protein works Whey smoothie 500g | 3,999 kr. | 2,999 kr. 25% |
| The protein works Whey smoothie 1 kg | 6,999 kr. | 4,899 kr. 30% |
| The protein works Kreatine 500 gr | | 1,999 kr. |
| The protein works Protein 80 , 2kg 80 skammtar | | 7,999 kr. |

MULTIPOWER No.1 in Europe

| | Verð áður | Verð nú |
|---|---|---|
| Multipower RED KICK | 2,995 kr. | 2,396 kr. 20% |
| Multipower RED KICK 2 | 2dósir kr. 3.996.- 20% | |
| Multipower Professional Gainer 3kg | 8,995 kr. | 7,196 kr. 20% |
| Multipower Kreatine 450gr | 2,995 kr. | 2,396 kr. 20% |

EAS

| | Verð áður | Verð nú |
|---|---|---|
| EAS Recovery 11 sk | 6,995 kr. | 3,498 kr. 50% |
| EAS Muscle Armour 14 sk | 4,995 kr. | 2,497 kr. 50% |
| EAS Phos Force 14 sk | 3,995 kr. | 2,996 kr. 25% |
| EAS Lean 15 25sk | 6,995 kr. | 5,246 kr. 25% |

UNDER ARMOUR®

**30% afsl.** af eldri vörum
**15% afsl.** af nýjum vörum

**VIÐ ADSTOÐUM ÞIG AÐ VELJA RÉTTU VÖRURNAR FYRIR ÞIG!**

**50% afsl.** af Hreysti bómullarbolum
Verð áður kr. 2.990.- **Verð nú kr. 1.498.-**

**50% afsl.** Hreysti hettupeysum renndum/lokuðum
Verð áður kr. 5.995.- **Verð nú kr. 2.998.-**

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
í 26 ár
1988 - 201

allt fyrir kroppinn
# HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
NETSÍÐA: WWW.HREYSTI.IS

## Garðyrkja




Nú er rétti tíminn fyrir trjáklippingar og grisjun gróðurs ásamt því að fá tilboð í sumarverkin. Ánægðir viðskiptavinir frá 1988! Garðar best ehf. Sími 565 1400 gardarbest.is netfang: gardarbest@gardarbest.is Facebook: Garðar best.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA**
Vönduð vinnubrögð og snyrtimennska í fyrirrúmi. Ágúst S:695-4464 malningartjonusta@gmail.com

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR**
25% vetrarafsláttur gildir til 31. mars. Frítt verðtilboð. S. 778 0100.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




Tek af mér alhliðamúrverk og viðgerðir innan sem utanhúss. Snyrtileg og góð þjónusta. S. 846 7622.

## Tölvur

Allar almennar tölvuviðgerðir og vírushreinsanir. Kem á staðinn. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

## Spádómar

Símaspá, spái í spil, ræð drauma, ekkert mínutu gjald. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella.

## Rafvirkjun




**AH-RAF**
Dyrasímakerfi, töfluskipti og öll almenn raflagnavinna. Tilboð/tímavinna arnar@ahraf.is Arnar s: 897-9845.

## Trésmíði

**INNRETTINGAR.IS**
Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

## Önnur þjónusta

**Blekhylki.is**
Ódýr blekhylki í flesta prentara, ný verslun í Hagkaup Smáralind, einnig á Fjarðargötu 11 Hf og í síma 517-0150.

## Til sölu

**ÓDÝR HEIMILSTÆKI**
Þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. Ábyrgð fylgir. Sala og viðgerðir. S. 845 5976.




## Óskast keypt

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**Skúfhólkar óskast**
Kaupum gamla skúfhólka.
Fríða frænka
gsm. 8642223

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Glæsileg nuddstofa Aqua Spa sem er í Grafarvogi býður alla velkomna. s: 587 0191

Slökunar nudd og heilun í Garðarbæ tímapantanir í síma 782 4566

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 45.000 á mán. Rent a room price from 45.000 kr. per month.
**gsm 824 4535**
**leiga@leiguherbergi.is**

**HERBERGI TIL LEIGU Í DALBREKKU, KÓPAVOGI.**
Til leigu snyrtileg, 15 m2 herbergi með aðgangi að baði, eldhúsi, þvottavél og internet aðgangi. Stutt í Bónus, veitingastaði, kaffihús og strætó. Verð frá 55.000 á mánuði.

Available now! 15m2 rooms for rent, with access to kitchen, bath, laundry, internet. Close to Bónus, restaraunts and buses.Price from 55.000.
**Uppl. gefur Sverrir í s. 661-7000**

Einstaklingsherb. til leigu með húsgögnum & eldhúsaðgangur með öllum áhöldum. Rúmföt skaffað og þvottur á rúmfötum. Internet og ljósleiðari. Leigist reglusömum & skilvísum. Einn mán trygging. Laust strax. Uppl. í s. 557 2183

**HERBERGI TIL LEIGU Í HAFNARFIRÐI**
Til leigu 12fm herb. að Álfholti, Hafnfj. Leiga 32þús per/mán. Uppl. sendist á thjonusta@365.is merkt „herbergi"

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

THE ENGLISH PUB

**ENGLISH PUB - REYKJAVÍK**
Óskar eftir að ráða vaktstjóra til starfa. Reynsla af barstörfum og góð þjónustulund skilyrði. Góð laun í boði fyrir réttann aðila.
**Ferilskrá sendist á: ingvar@enskibarinn.is**

MOSFELLS BAKARÍ

**MOSFELLSBAKARÍ - MOSFELLSBÆ.**
Óskum eftir þjónustulunduðu, hressu og samviskusömu fólki til að vinna með okkur í verslun okkar í Mosfellsbæ. Tvær vaktir eru í boði, frá 13:00 - 18:30 virka daga og aðra hverja helgi annann daginn eða frá 7:00 - 13:00 virka daga og einn dag aðra hverja helgi. Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku.
**Umsóknareyðublöð er hægt að nálgst á netinu.**
**Slóðin er www.mosfellsbakari.is/atvinnu-umsokn/**

# TILKYNNINGAR

## Fundir

**LÍFSSÝN**
Félagsfundur Lífssýnar verður haldinn í kvöld þriðjudagskvöldið 4. mars kl. 20:30 að Bolholti 4, 4.h. Ámundi Sigurðsson flytur erindi sem hann kallar „HVER ER TILGANGURINN" ? Upplýsingar um okkar hefðbundnu föstu verða á heimasíðunni: www.lifssyn.is Aðgangur kr. 1000,-. Allir velkomnir. Stjórnin

## Einkamál




## fasteignir

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Sólvallagata 57 - Glæsilegt einbýlishús**

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.00-17.30**




Fallegt einbýlishús sem er tvær hæðir auk kjallara á þessum eftirsótta stað í vesturbænum. Húsið er 235,5 fm. að stærð að meðtöldum 25,2 fm. bílskúr og hefur verið mikið endurnýjað á undanförnum árum m.a. eldhús, baðherbergi, lagnir o.fl. Aukin lofthæð er í stofum. Skipt hefur verið um járn á öllu húsinu og nýr bílskúr byggður frá grunni 2006. Nýlega byggður sólpallur út frá stofunni með stiga niður í garðinn. Húsið var allt málað 2013. **Verð 77,9 millj. Verið velkomin.**

**Barónsstígur 61 - 3ja herbergja íbúð**

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 18.00-18.30**




Vel skipulögð 71,6 fm. íbúð að meðtaldri 4,7 fm. geymslu á 3. hæð miðsvæðis í borginni. Bjartar samliggjandi stofur með útsýni til Bláfjalla og víðar. Rúmgott svefnherbergi. Fallegar upprunalegar innréttingar í eldhúsi. Suðaustur svalir út frá borðstofu. Hús nýlega viðgert að utan Frábær staðsetning þar sem stutt er í alla þjónustu.
**Verð 23,9 millj. Verið velkomin.**

## fasteignir

**EIGNAMIÐLUN**
Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali
Frá 1957
Sala fasteigna í 55 ár
Elsta starfandi fasteignasala landsins
588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík



Guðlaugur I. Guðlaugsson, sölumaður
gudlaugur@eignamidlun.is



Kjartan Hallgeirsson, lögg. fasteignasali
kjartan@eignamidlun.is

# Til leigu




Stórglæsilegt og virðulegt 595,9 fm hús á horni Túngötu og Garðastrætis. Húsið var teiknað af Einari Erlendssyni arkitekt fyrir Gísla J. Johnsson konsúl og kaupsýslumann frá Vestmannaeyjum og var mikið í húsið lagt. Húsið býður uppá mikla mögulega verðandi notkun. Tilvalið undir skrifstofur eða hótelíbúðir. Tvö stigahús eru í húsinu.




Stórglæsilegt og vandað 624,3 fm hús sem hefur allt verið endurnýjað á síðustu árum. Húsið er á fjórum hæðum með kjallara og risi. Kjallari og 1. hæð eru 304,1 fm og gæti hentað vel undir veitingastað . Gríðarlega há lofthæð í kjallara og 1. hæð eða um 3 metrar.

Nánari upplýsingar gefa Guðlaugur Ingi Guðlaugsson **gudlaugur@eignamidlun.is** eða Kjartan Hallgeirsson **kjartan@eignamidlun.is**



KL. 20:15

**Geggjaðar græjur**

Skemmtilegur þáttur þar sem fjallað er um nýjustu græjur og afrek á sviði vísinda.

# Skemmtilegt þriðjudagskvöld



KL. 19:20

**Um land allt**

Kristján Már Unnarsson heimsækir Þingeyri við Dýrafjörð þar sem víkinga-ferðaþjónusta er að hefjast.



KL. 20:35

**The Big Bang Theory**

Stórskemmtilegur gamanþáttur um ofurnördana Leonard og Sheldon.



KL. 20:55

**The Mentalist**

Sjötta þáttaröðin um Patrick Jane sem er ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu.



KL. 21:40

**Rake**

Nýir og frábærir gamanþættir með Greg Kinnear sem leikur bráðsnjalla lögfræðinginn Keagan Deane.




KL. 21:10

**Þriðjudagskvöld með Frikka Dór**

Skemmtilegir þættir með frábærri tónlist og góðum gestum.



Krakkastöðin | KL. 07:00-20:00

**Barnaefni alla daga**

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.

Fáðu þér áskrift! 365.IS

## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 4 | | | 7 | 3 | |
| | 8 | 2 | 6 | | | 4 | | 5 |
| 3 | 4 | | | | 2 | | 8 | |
| 8 | | | 2 | | | | | |
| 1 | | 9 | | 4 | 7 | | | |
| 2 | 3 | | | 6 | 9 | | | 1 |
| | | | | | | | | 7 |
| 5 | 1 | 8 | | | | 9 | | 6 |
| 9 | | | 1 | 5 | | 3 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | | | | | | 1 | |
| | | | 9 | | | | 5 | |
| 9 | 4 | 2 | | 8 | | | | 3 |
| 6 | | 1 | 4 | | | | | |
| | | 4 | | | 2 | 7 | | 6 |
| | | | | 7 | | | | 1 |
| 3 | | 9 | | | | | 8 | 2 |
| | 6 | | 3 | | 5 | | | 7 |
| 5 | | | | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 2 | | | 1 | | 6 |
| 9 | 1 | | | 3 | | 8 | | 2 |
| | 3 | 6 | | 4 | | | | |
| 3 | | | 6 | | | | | 8 |
| | | | | | | 2 | 9 | 4 |
| | | | | | 9 | | | |
| | | 1 | | 8 | 4 | | 5 | 7 |
| | | | | | 7 | | | |
| | | | 9 | 6 | 1 | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 1 | 8 | 4 | 6 | 9 | 2 | 7 | 3 |
| 2 | 6 | 7 | 1 | 3 | 8 | 4 | 5 | 9 |
| 3 | 9 | 4 | 7 | 2 | 5 | 6 | 8 | 1 |
| 9 | 4 | 6 | 3 | 5 | 7 | 1 | 2 | 8 |
| 1 | 2 | 5 | 6 | 8 | 4 | 3 | 9 | 7 |
| 7 | 8 | 3 | 9 | 1 | 2 | 5 | 4 | 6 |
| 4 | 7 | 1 | 5 | 9 | 6 | 8 | 3 | 2 |
| 6 | 5 | 2 | 8 | 7 | 3 | 9 | 1 | 4 |
| 8 | 3 | 9 | 2 | 4 | 1 | 7 | 6 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 5 | 1 | 4 | 9 | 2 | 7 | 8 | 3 |
| 3 | 7 | 2 | 6 | 5 | 8 | 1 | 9 | 4 |
| 8 | 9 | 4 | 7 | 1 | 3 | 2 | 5 | 6 |
| 7 | 1 | 5 | 8 | 2 | 6 | 3 | 4 | 9 |
| 9 | 2 | 6 | 1 | 3 | 4 | 8 | 7 | 5 |
| 4 | 8 | 3 | 5 | 7 | 9 | 6 | 2 | 1 |
| 5 | 3 | 8 | 9 | 6 | 7 | 4 | 1 | 2 |
| 1 | 6 | 7 | 2 | 4 | 5 | 9 | 3 | 8 |
| 2 | 4 | 9 | 3 | 8 | 1 | 5 | 6 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 2 | 3 | 8 | 1 | 4 | 9 | 6 | 5 |
| 6 | 9 | 4 | 7 | 5 | 3 | 2 | 8 | 1 |
| 1 | 8 | 5 | 9 | 2 | 6 | 3 | 7 | 4 |
| 4 | 3 | 7 | 2 | 6 | 5 | 1 | 9 | 8 |
| 2 | 1 | 8 | 3 | 7 | 9 | 4 | 5 | 6 |
| 9 | 5 | 6 | 4 | 8 | 1 | 7 | 2 | 3 |
| 5 | 4 | 1 | 6 | 9 | 2 | 8 | 3 | 7 |
| 8 | 6 | 9 | 1 | 3 | 7 | 5 | 4 | 2 |
| 3 | 7 | 2 | 5 | 4 | 8 | 6 | 1 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**„Óvikinn kveðskapur getur miðlað áður en hann skilst.“**

*T.S. Eliot*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**

**2.** ögn, **6.** ógrynni, **8.** skítur, **9.** farvegur, **11.** tveir eins, **12.** laust bit, **14.** enn lengur, **16.** stefna, **17.** þjálfa, **18.** fálm, **20.** pfn., **21.** fimur.

**LÓÐRÉTT**

**1.** bær, **3.** pot, **4.** peningar, **5.** svelg, **7.** fáskiptinn, **10.** dorma, **13.** frjó, **15.** kvið, **16.** upphrópun, **19.** eyðileggja.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** moli, **6.** of, **8.** tað, **9.** rás, **11.** uu, **12.** glefs, **14.** áfram, **16.** út, **17.** æfa, **18.** fum, **20.** ég, **21.** frár. **LÓÐRÉTT: 1.** borg, **3.** ot, **4.** lausafé, **5.** iðu, **7.** fálátur, **10.** sef, **13.** fræ, **15.** maga, **16.** úff, **19.** má.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Adam Omarsson (GM Hellir–unglingasveit-b) tefldi við Bjarka Arnaldarson (Taflfélagi Garðabæjar) á Íslandsmóti skákfélaga um helgina.**

**Hvítur á leik**



**1. Ra6#!** Adam er aðeins sex ára og er líklegast sá yngsti í 40 ára sögu Íslandsmóts skákfélaga sem vinnur skák á því móti. N1 Reykjavíkurskákmótið hefst í dag. Um 260 keppendur taka þátt. Teflt er í Hörpu. **www.skak.is:** Setning N1 Reykjavíkurskákmótsins kl. 16.


SPRENGJA!
VERÐSPRENGJA Á
100 TÖLVUVÖRUM!
-20.000
VERÐ ÁÐUR 109.990
NÚ 89.990
15,6" QUAD CORE MEÐ RADEON HD 8400
TOSHIBA
-33%
VERÐ ÁÐUR 29.990
NÚ 19.990
GIGABIT AC ROUTER MEÐ DUAL BAND
ASUS
-20.000
VERÐ ÁÐUR 89.990
NÚ 69.990
10" MEMO PAD MEÐ INTEL ATOM
ASUS
-25%
VERÐ ÁÐUR 19.990
NÚ 14.990
ÞRÁÐLAUS LASERPRENTARI FRÁ DELL
DELL
-30.000
VERÐ ÁÐUR 89.990
NÚ 59.990
NEXUS 7 MEÐ 30.000 KR AFSLÆTTI
ASUS
-8.000
VERÐ ÁÐUR 34.990
NÚ 26.990
4TB TRAUSTUR RISAFLAKKARI
Seagate
-10.000
VERÐ ÁÐUR 44.990
NÚ 34.990
27" AOC HÁSKERPUSKJÁR
AOC
-5.000
VERÐ ÁÐUR 19.990
NÚ 14.990
VINSÆLT 2JA DISKA NAS BOX
ZyXEL
-10.000
VERÐ ÁÐUR 47.990
NÚ 37.990
4GB LEIKJASKJÁKORT MSI 270X
msi
tl.is
KOMDU STRAX!
TAKMARKAÐ MAGN
TÖLVULISTINN
Heimilistæki
TÖLVU LISTINN
REYKJAVÍK SUÐURLANDSBRAUT 26 Sími 414 1700
AKUREYRI GLERÁRGÖTU 30 Sími 414 1730
HÚSAVÍK GARÐARSBRAUT 18A Sími 464 1600
EGILSSTAÐIR KAUPVANGI 6 Sími 414 1735
KEFLAVÍK HAFNARGÖTU 90 Sími 414 1740
SELFOSS AUSTURVEGI 34 Sími 414 1745
AKRANES ÞJÓÐBRAUT 1 SÍMI 431 333
HAFNARFJÖRÐUR REYKJAVÍKURVEGI 66 Sími 414 1750

# Gæsahúð hvað eftir annað

ÓPERA ★★★★★

**Ragnheiður**
Gunnar Þórðarson og Friðrik Erlingsson
LEIKSTJÓRI: STEFÁN BALDURSSON
HLJÓMSVEITARSTJÓRI: PETRI SAKARI
LEIKSTJÓRI: STEFÁN BALDURSSON
LEIKMYND: GRÉTAR REYNISSON
BÚNINGAR: ÞÓRUNN S. ÞORGRÍMSDÓTTIR
LÝSING: PÁLL RAGNARSSON
DANSHÖFUNDUR: INGIBJÖRG BJÖRNSDÓTTIR
AÐALHLUTVERK: ÞÓRA EINARSDÓTTIR, ELMAR ÞÓR GILBERTSSON OG VIÐAR GUNNARSSON
FRUMSÝNT Í HÖRPU 1. MARS



**ÞÓRA EINARSDÓTTIR OG ELMAR ÞÓR GILBERTSSON** „Söngur hans var svo magnaður að ég fékk gæsahúð hvað eftir annað,“ segir Jónas Sen. MYND/GÍSLI EGILL HRAFNSSON

Ég hitti mann á bílastæðinu í Hörpu eftir óperuna hans Gunnars Þórðarsonar sem sagði mér að þetta væri eiginlega í fyrsta sinn sem hann táraðist í óperu. Þetta væri „alvöru óperusýning“ eins og hann orðaði það.

Það er hægt að taka undir þetta. Óperan hans Gunnars, sem er líka eftir textahöfundinn Friðrik Erlingsson, er rómantísk eins og gömlu óperurnar. Samt dettur Gunnar hvergi í klisjurnar. Tónlistin, þótt hún sé þægilega lagræn er aldrei fyrirsjáanleg. Hún minnir örlítið á Puccini, en samt er eitthvað hrífandi íslenskt við hana, eins óljóst og það nú hljómar.

Óperan heitir Ragnheiður eftir einni frægustu kvenpersónu Íslandssögunnar, dóttur Brynjólfs biskups í Skálholti á sautjándu öld. Brynjólfur hafði ætlað henni að giftast ættgöfugum manni, en hún varð ástfangin af kennara í Skálholti og átti með honum barn. Það endaði illa, hún var opinberlega niðurlægð af föður sínum, neydd til að sverja eið um skírlífi. Barnið var tekið af henni og hún dó úr sorg, auk þess sem barnið varð ekki langlíft heldur. Brynjólfur stóð þá uppi einn og yfirgefinn, fullur af iðrun og beiskju.

Ég sá óperuna í konsertuppfærslu í sjálfri Skálholtskirkju í sumar, sem sagt á sama stað og atburðirnir gerðust. Það út af fyrir sig var alveg einstakt. Ekki er hægt að ætlast til að verða fyrir sömu áhrifum nú í Hörpu. Skálholt er heilagur staður og andrúmsloftinu þar er ekki hægt að pakka inn og flytja þangað sem maður óskar sér.

Hins vegar var annað sem var betra núna. Þar ber helst að nefna frammistöðu tenórsins Elmars Gilbertssonar, en hann söng ekki í sumar. Hann var í hlutverki Daða Halldórssonar, barnsföður Ragnheiðar. Söngur hans var svo magnaður að ég fékk gæsahúð hvað eftir annað. Röddin var þétt og fókuseruð, afar sterk, söngstíllinn áreynslulaus en músíkalskur. Það var hreinn unaður að hlýða á hann syngja. Nú vil ég ekki nota orðið efnilegur um fullmótaðan listamann, en það þarf eitthvað mikið að koma fyrir ef Elmar á ekki eftir að verða áberandi í tónlistarlífinu, bæði hér og erlendis, þegar fram líða stundir.

Aðrir söngvarar stóðu sig með sóma. Þóra Einarsdóttir var yndisleg sem Ragnheiður, Viðar Gunnarsson sannfærandi í hlutverki Brynjólfs, Bergþór Pálsson átti stórleik í litlu en mikilvægu hlutverki; sömu sögu er að segja um Elsu Waage, Jóhann Smára Sævarsson og Guðrúnu Jóhönnu Ólafsdóttur.

Kórinn var flottur, leikstjórn Stefáns Baldurssonar var blátt áfram og eðlileg, og danshreyfingar sem Ingibjörg Björnsdóttir sá um voru skemmtilegar. Hljómsveitin var líka frábær undir öruggri stjórn Petri Sakari. Lýsing Páls Ragnarssonar var áhrifarík og sviðsmynd Grétars Reynissonar var smekkleg og sniðug.

Ragnheiður eftir Gunnar og Friðrik er mögnuð ópera sem skilar sér fullkomlega í sviðsetningunni í Hörpu. Ég segi bara bravissimó!

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Framúrskarandi sviðsetning stórfenglegrar óperu.

# Human Cargo í Gaflaraleikhúsinu

Kanadískur leikhópur með pólitísk markmið í heimsókn.

Kanadíski leikhópurinn Human Cargo sýnir leikverkið Nótt í Gaflaraleikhúsinu annað kvöld klukkan 20. Leikhópurinn kemur frá Toronto og eru meðlimir hans frá ýmsum menningarsvæðum og tala mörg tungumál. Hópurinn hefur einbeitt sér að verkefnum sem fjalla um manninn á ystu nöf og sem skapa aðstæður þar sem áhorfandinn getur tekið þátt í djúpri og alvarlegri umræðu um hugmyndafræði samtímans. Verkið hefur verið sýnt á leiklistarhátíðum víða um heim og í byggðum inúíta í Kanada og Alaska. Aðeins verður þessi eina sýning hér á Íslandi.



**HUMAN CARGO** Leikhópurinn kemur frá Toronto og eru meðlimir hans frá ýmsum menningarsvæðum og tala mörg tungumál.


**Barnsmissir**

Sr. Vigfús Bjarni Albertsson sjúkrahúsprestur fjallar um barnsmissi á fræðslukvöldi Nýrrar dögunar, fimmtudagskvöldið 6. mars kl. 20:00 í safnaðarheimili Háteigskirkju.

Allir velkomnir.

NÝ DÖGUN
Samtök um sorg og sorgarviðbrögð

www.nydogun.is • www.sorg.is • sorg@sorg.is




**TÓNLIST** Kristinn Sigmundsson segir að í Listaháskólanum sé mikil áhersla lögð á íslenska tónlist, og hann ætli að halda því áfram. MYND/VALGARÐUR GÍSLASON

# „Gjörbreytti mér sem söngvara“

Kristinn Sigmundsson og Þóra Einarsdóttir bætast í kennarahóp Listaháskólans næsta vetur. Kristinn segir að ýmislegt hendi í kennslu sem opnar augu fólks.

„Nokkur orð urðu til þess að ég endurskoðaði frá grunni afstöðu mína gagnvart söngnum,“ segir Kristinn Sigmundsson, sem bætist í kennarahóp Listaháskóla Íslands næsta vetur, ásamt Þóru Einarsdóttur. „Ýmislegt hendir í kennslu sem verður til þess að opna augu fólks.“ Hann segir að það sé skylda sín að miðla til ungs fólks af þrjátíu ára reynslu sinni af því að starfa sem söngvari. „Ég get nefnt dæmi um það af eigin reynslu hvernig áhrif er hægt að hafa. Hingað til lands kom eitt sinn austurrískur píanósnillingur að nafni Erik Werba sem gjörbreytti afstöðu minni gagnvart söngnum með stuttri tölu sem gerði mig fyrst öskureiðan og móðgaðan. Svo þegar ég fór að hugsa málið áttaði ég mig á því hvað hann meinti. Ég vann úr því og þetta er eitt af því sem hefur gert mig að þeim söngvara sem ég er í dag,“ segir Kristinn.

Kristinn hlustaði mikið á þessum tíma á sama söngvarann í ljóðasöng: Dietrich-Fischer Dieskau. „Erik sakaði mig um að herma eftir honum. Ég var mjög móðgaður vegna þess að ég hafði ekki heyrt hann syngja neitt af því sem ég var að syngja. Mér fannst þetta ósanngjarnt. Ég ætlaði að hætta á námskeiðinu, en allt í einu rann upp fyrir mér ljós, og ég sá að allt sem ég var að gera litaðist af þessum eina söngvara sem ég leit mjög upp til,“ segir Kristinn. - ue


Egils
Það sést hverjir drekka Kristal



→ DÓMNEFNDIN
Karen Lind, tískubloggari og meistaranemi, og Erna Hrund, tískubloggari og sminka, eru í dómnefnd fyrir hönd Trendnets að þessu sinni.

# Óskarinn 2014: Tískan á rauða dreglinum

Sviðsljósið fyrir Óskarinn beinist gjarnan að rauða dreglinum og fatavali stjarnanna á verðlaunahátíðinni frægu. Tískan á rauða dreglinum var fjölbreytt í ár en þar var Lupita Nyong'o senuþjófur í glæsilegum Prada-kjól. Trendnet-bloggararnir Karen Lind og Erna Hrund tóku út tískuna á Óskarnum.



## LUPITA NYONG'O Í PRADA

**Erna Hrund** „Stjarna kvöldsins, ég fékk gæsahúð þegar ég sá hana á rauða dreglinum og ég grét hástöfum þegar hún var tilkynnt sem sigurvegarinn í sínum flokki. Lupita minnti mig á eina af mínum uppáhalds Disney-prinsessum, Öskubusku, og að mínu mati er þetta kjóll sem verður lengi skráður í sögubækurnar sem einn af flottustu Óskarskjólunum. Hárbandið fannst mér æðislegt og ég spái hárbandatrendi á næstunni."

**Karen Lind** „Lupita toppar sig enn og aftur. Hún er einstaklega glæsileg í pastellitum kjól frá Prada. Hins vegar hefði mér þótt fallegra að sleppa spönginni, en spöngin er svo fyrirferðarlítil að hún hefur engin áhrif á heildarútlit Lupitu."



## CATE BLANCHETT Í ARMANI

**Erna Hrund** „Cate er alltaf elegant og klassísk og hún stígur sjaldan feilspor þegar kemur að klæðnaði. Mér finnst alveg magnað hvað konan eldist vel og hún verður jafnvel bara flottari og virðulegri með aldrinum. Kjóllinn er alveg einstakur og öskrar Armani. Kjóllinn hæfir svo sannarlega Óskarsverðlaunahafa og styttan flotta er fullkominn fylgihlutur við hann."

**Karen Lind** „Einstaklega fáguð, kvenleg og glæsileg í kjól frá Armani Privé. Hún ber nude-litinn vel en það hefði jafnvel verið skemmtilegt að sjá hana með eilítið dekkri tón á varalitnum."



## LADY GAGA Í VERSACE

**Erna Hrund** „Halló, Jessica Rabbit! Vöxtur hennar er eins og stundaglas í þessum kjól en ég finn dáldið til með henni því hún lítur út fyrir að geta átt erfitt um andardrátt. Kjóllinn öskrar Versace og hann er alveg flottur en engan veginn minn stíll, alltof mikil hafmeyja og klúturinn er ekki góður, dáldið eins og hann sé að kæfa hana."

**Karen Lind** „Lady Gaga hefur lagt helming áranna í bát. Ég bjóst við mun meira æpandi dressi frá henni þó kjóllinn sé vissulega fallegur. Slæðan virkar eins og svefnhormónið melatónín á mig, mig langar bara að sofna, svei mér þá! Nokkur mínusstig í kerlingarkladdann vegna slæðunnar, Lady mín! Annars fær hún fullt hús stiga fyrir hár og förðun."



## JARED LETO Í SAINT LAURENT

**Erna Hrund** „Snillingur í klæðnaði og flutti áhrifaríka ræðu þegar hann tók á móti styttunni sinni. Þeir eru ekki margir, karlarnir í Hollywood, sem þora að fara í einhverju öðru en dökkum jakkafötum á rauða dregilinn. Jared komst upp með þetta lúkk sem var kærkomin tilbreyting frá hinum dæmigerðu herramönnum."

**Karen Lind** „What a hunk of a man! Rauða slaufan er samt eitthvað að angra mig. Hann hefði fengið 11 milljón stjörnur af fimm mögulegum hefði hann sleppt slaufunni og verið með gróft tagl og snúð. Auðvitað á ég alls ekki við fullkominn ballerínusnúð, heldur ekta rokkarasnúð!"



## JENNIFER LAWRENCE Í DIOR

**Erna Hrund** „Jennifer braut reglu tískuspekúlantanna sem segir að það eigi ekki að vera í kjól sem er samlitur dreglinum. En hún komst upp með það, kjóllinn var virkilega fallegur og öfuga hálsfestin fullkomnaði lúkkið. Ég hefði viljað sjá einhverja öðruvísi hárgreiðslu, hún er dáldið kerlingarleg að mínu mati með þennan blástur. Dáldið eins og hún hafi lent í hvössum mótvindi á rauða dreglinum."

„**Karen Lind** Ég tók fyrst eftir hárinu hennar Jennifer Lawrence en það er skemmtilega látlaust og afslappað að mínu mati. Kjóllinn er líka lýtalaus! Það er víst óskrifuð regla að mæta ekki í rauðum kjól á Óskarinn, og auðvitað fer Jennifer ekki eftir því enda villingur og töffari fram í fingurgóma. Til hvers að fara eftir reglum þegar maður heitir Jennifer Lawrence og getur verið í hverju sem er?"



## PHARRELL WILLIAMS Í LANVIN OG HELEN LASICHANH

**Erna Hrund** „Mér finnst lúkkið á Pharrell algjör snilld, smellpassar við karakter hans og það er gaman þegar fólk heldur í sinn stíl á svona fínum hátíðum. Hjónin minna þó óneitanlega á Brad Pitt og Angelinu Jolie frá BAFTA-hátíðinni þar sem þau voru bæði í buxnadrögtum, Brangelina voru þó töluvert flottari, Helen er ekki alveg með þetta og dregur eiginlega bara heildareinkunnina á lúkki parsins niður."

„**Karen Lind** Ó, Pharrell, takk fyrir að sleppa hattinum í þetta sinn. Nú ertu hins vegar mættur í stuttbuxum á Óskarinn og það er á hreinu að ef ég væri lögregla myndi ég ekki sekta þig fyrir þennan klæðaburð. Þú ert flottur … eða jafnvel flottastur?"



## EMMA WATSON Í VERU WANG

**Erna Hrund** „Einn af mínum uppáhaldskjólum. Emma er að stimpla sig inn sem ein af tískufyrirmyndum áratugarins og vill alls ekki láta muna eftir sér sem hinni saklausu Hermione í Harry Potter. Virkilega falleg hönnun frá Veru sem er að sjálfsögðu meistari þegar kemur að kjólum. Ég verð að fá að nota tækifærið og biðja Veru um að senda mér einn svona í stærð 38, mig vantar þennan nauðsynlega."

**Karen Lind** „Emma Watson er guðdómleg í kjól frá Veru Wang og það verður að viðurkennast að hún er ein af mínum uppáhalds frá Óskarnum."



## CHARLIZE THERON Í DIOR

**Erna Hrund** „Mér finnst þessi kjóll eins og sniðinn á leikkonuna, alveg fullkominn og smáatriðin gera hann frábrugðinn þessum dæmigerðu svörtu kjólum. Hálfu hlýrarnir móta efri part kjólsins á skemmtilegan hátt og mesh-efnið sem er á pilsinu dregur einhvern veginn úr þessu mikla pilsi."

**Karen Lind** „Ég skil ekki hvernig Charlize Theron fer að þessu. Hún er svo náttúrulega falleg og skartar kjól frá Dior með fullkomnum hætti. Það hefði þó fullkomnað kjólinn ef svarti hluti hlýranna væru með mýkri línur."



Saltkjöt og baunir
995,-
Ókeypis áfylling á baunasúpuna
© Inter IKEA Systems B.V. 2014
Glens og gaman á öskudaginn í IKEA
Skemmtidagskrá kl. 11-17
• Búningasamkeppni
• Ókeypis myndataka
• Nammi og fjör
• Lukkuhjól - engin núll
• Ókeypis andlitsmálun
Fyndnustu búningarnir 2013
Hópakeppni
Verslun opin 11-20 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - www.IKEA.is
IKEA®

# Myndin Kjöt fjallar mest um kjöt

## Heimir Gestur Valdimarsson fékk verðlaun fyrir örmynd ársins á Örvarpanum.



**ÚTSKRIFTARVERKEFNI** Mynd Heimis var sýnd á Northern Wave Film Festival, sem fór fram á Grundarfirði. MYND/ÚR EINKASAFNI

„Maður verður að horfa á myndina til að botna eitthvað í henni, en hún fjallar samt klárlega aðallega um kjöt,“ segir Heimir Gestur Valdimarsson sem fékk verðlaun fyrir örmynd ársins á hátíðinni Örvarpanum fyrir myndina Kjöt.

Úrslitin voru kynnt á hátíð í Bíó Paradís á laugardagskvöld. „Mér skilst að örmyndaformið gangi aðallega út á mínútulöng myndbönd. Margar myndirnar í þessari keppni voru mínúta að lengd, en þær máttu vera allt að fimm mínútur. Mín var þrjár mínútur,“ segir Heimir.

Myndin var útskriftarverkefni Heimis í skólanum FAMU í Tékklandi. „Ég lærði kvikmyndatöku þar í eitt ár, en ég hafði þó eitthvað verið að grufla í kvikmyndagerð áður. Þessi mynd var skólaverkefni. Kennari í skólanum setti okkur fyrir að búa til mynd um drauma. Markmiðið hjá mér var að búa til vídeó sem mér þótti líta vel út og væri súrrealískt. Það er smá saga í myndinni, en þetta myndræna í myndinni er mikilvægara en sagan,“ segir Heimir.

Auk þess að gera örmyndir hefur Heimir tekið upp tónlistarmyndbönd. „Meðal annars fyrir hljómsveitina Grísalappalísu, fyrir lag sem heitir Í Mjóddinni, og fyrir hljómsveitina Oyama,“ segir Heimir. Einnig voru veitt áhorfendaverðlaun á Örvarpinu, sem féllu í skaut Einari Baldvini Arasyni fyrir myndina Echos – Who Knew. Erlendur Sveinsson fékk síðan sérstök verðlaun frá dómnefnd fyrir myndina Breathe.





## Magnaðir íþróttaviðburðir í mars!

Það verður mögnuð spenna á Stöð 2 Sport og Stöð 2 Sport 2 í mars. Toppbaráttan í Enska boltanum heldur áfram, bestu ökumenn heims mæta á ráslínuna, úrslitin ráðast í Dominos deildinni, stórleikurinn El Clásico, 16 liða úrslit í Meistaradeild Evrópu og Gunnar Nelson snýr aftur í búrið. Allt þetta og margt fleira í stútfullum Sportpakkanum.
**Ekki missa af þessum stórviðburðum!**




**Internet og heimasími fylgir sjónvarpsáskrift í þrjú ár!**
Stöð 2 Sport og Stöð 2 Sport 2 auk 4 íþróttarása, fjölda hliðarrása og internet og heimasími í 3 ár, á aðeins 11.990 kr. á mánuði.
Enginn binditími fyrir internet og heimasíma!

TILBOÐIÐ GILDIR ÁFRAM! Þökkum frábærar viðtökur og minnum á að tilboðið gildir áfram sem hluti af áskrift að völdum pökkum.

180.000 kr. sparnaður á 36 mánuðum

**11.990 kr. + 0 kr.**

Innifalið er 10GB erlent niðurhal og 100 mínútur í heimasíma. Þriggja mánaða uppsagnarfrestur er á Sportpakkanum. Greiða þarf 2.610 kr. aðgangsgjald.

Fáðu þér áskrift! 365.IS




**EKKI EIN LENGUR** Demi er búin að finna ástina enn á ný.

# Komin með nýjan

Leikkonan Demi Moore, 51 árs, er byrjuð að deita Magic Mike-stjörnuna Alex Pettyfer, 23 ára, en Demi er nýhætt með kærasta sínum, Sean Friday.

Demi og Alex sáust saman á klúbbi í Los Angeles á laugardagskvöldið og segir heimildarmaður blaðsins Daily Mail að það hafi verið mikill hiti á milli þeirra.

„Það var eins og þau hefðu verið elskhugar í langan tíma,“ segir hann.

Hvorki blaðafulltrúi Demi né Alex hafa tjáð sig um sambandið. - lkg



**SKIN OG SKÚRIR** Ýmislegt hefur gengið á í lífi Justins upp á síðkastið.

# Tímamót hjá Justin

Poppprinsinn Justin Bieber fagnaði tvítugsafmæli sínu um helgina en hann náði einnig öðrum áfanga. Hann varð önnur stjarnan til að fá fimmtíu milljónir fylgjenda á Twitter og þakkaði hann aðdáendum sínum, sem betur eru þekktir sem Beliebers, fyrir þann heiður.

Söngkonan Katy Perry varð fyrst til að ná fimmtíu milljónum fylgjenda á samfélagsmiðlinum en það gerðist í síðasta mánuði. Nú eru fylgjendur hennar orðnir 51 milljón talsins. - lkg



**HEIMAKÆR** Rebel nennti ekki út úr húsi.

# Hætti við Óskarinn

Spéfuglinn Rebel Wilson mætti ekki á Óskarsverðlaunahátíðina. Leikkonan ákvað í staðinn að vera heima hjá sér og fá sér pítsu með vinum sínum. Hún notaði veðrið sem afsökun en það rigndi afskaplega mikið í Hollywood fyrir hátíðina.

„Ég ætlaði að fara á Óskarinn en ég ákvað frekar að halda mitt eigið teiti heima hjá mér,“ segir Rebel sem slegið hefur í gegn í myndum á borð við Bridesmaids og Pitch Perfect. - lkg

# Gravity sigurvegari kvöldsins á 86. Óskarshátíðinni

Óskarsverðlaunin voru afhent með pomp og prakt í Dolby Theater í Hollywood. Kvikmyndin Gravity sópaði til sín sjö verðlaunum.



**VEL AÐ VERÐLAUNUNUM KOMINN** Steve McQueen leikstýrði 12 Years a Slave sem var valin besta myndin. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Kvikmyndin Gravity fékk alls sjö Óskarsverðlaun á nýafstaðinni hátíð, þar á meðal fyrir bestu leikstjórn, bestu tónlist og bestu kvikmyndatöku. Kvikmyndin Dallas Buyers Club fékk þrenn verðlaun en leikararnir Matthew McConaughey og Jared Leto voru verðlaunaðir fyrir frammistöðu sína í myndinni.

Þá fékk 12 Years a Slave þrenn verðlaun en hún var valin besta myndin. Teiknimyndin Frozen fékk einnig tvenn verðlaun, sem besta teiknimyndin og fyrir besta lagið, Let It Go eftir Kristen Anderson-Lopez og Robert Lopez.

Fátt kom á óvart á hátíðinni en helstu tíðindin voru í heimildarmyndaflokknum þar sem myndin 20 Feet From Stardom hreppti hnossið en margir höfðu veðjað á myndina The Act of Killing.

Kynnir á hátíðinni var spjallþáttastjórnandinn Ellen DeGeneres sem reytti af sér brandara og setti til dæmis met í endurtístum á Twitter þegar hún tók sjálfsmynd af sér með öllum helstu stjörnum hátíðarinnar. - lkg



**BEST Í BRANSANUM** Matthew McConaughey var valinn besti leikarinn og Cate Blanchett besta leikkonan. Þá fengu Lupita Nyong'o og Jared Leto verðlaun fyrir besta leik í aukahlutverki. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Verðlaunahafarnir

**Besta kvikmynd**
12 Years a Slave

**Besta leikkona í aðalhlutverki**
Cate Blanchett (Blue Jasmine)

**Besti leikari í aðalhlutverki**
Matthew McConaughey (Dallas Buyers Club)

**Besta leikkona í aukahlutverki**
Lupita Nyong'o (12 Years a Slave)

**Besti leikari í aukahlutverki**
Jared Leto (Dallas Buyers Club)

**Besti leikstjóri**
Alfonso Cuarón (Gravity)

**Besta frumsamda handrit**
Her (Spike Jonze)

**Besta handrit byggt á áður útgefnu efni**
12 Years a Slave (John Ridley)

**Besta lag**
Let it Go (Frozen)

**Besta kvikmyndatónlist**
Steven Price (Gravity)

**Besta listræna stjórnun**
The Great Gatsby

**Besta klipping**
Gravity

**Besta kvikmyndataka**
Gravity

**Besta hljóðklipping**
Gravity

**Besta hljóðblöndun**
Gravity

**Besta erlenda kvikmynd**
La grande bellezza (Ítalía)

**Besta heimildarmynd í fullri lengd**
20 Feet from Stardom

**Besta stutta heimildarmynd**
The Lady in Number 6

**Besta leikna stuttmynd**
Helium

**Besta stutta teiknimynd**
Mr. Hublot

**Besta teiknimynd í fullri lengd**
Frozen

**Bestu tæknibrellur**
Gravity

**Besta hár og förðun**
Dallas Buyers Club

**Besta búningahönnun**
The Great Gatsby



**SIGURVEGARI** Alfonso Cuarón leikstýrði og klippti kvikmyndina Gravity. Hér með leikkonunni Angelinu Jolie.



HOLI
hátíðarmatseðill
4.990 kr. sun.-fim.
föstudagar og laugardagar 5.990 kr.

FORRÉTTUR
Gosht Shikampuri Kebab
Fínskorið pönnusteikt lambakjöt í blöndu af sérvöldum kryddjurtum

AÐALRÉTTIR
Murgh Rajasthani
Maríneraðar kjúklingalundir með engiferi, hvítlauk, kúmmíni, kardimommum, negul og hvítum pipar
og
Kandhari Kebab
Lambafillet marínerað í blöndu af rauðbeðum, steiktum lauk, chironji-fræjum, kasjúhnetum, kúmmíni og chillíi
og
Aloo Rajawadi
Hægeldaður grænmetisréttur með kartöflum, sesam-, caraway- og sinnepsfræjum, engiferi, hvítlauk og tómötum

MEÐLÆTI
Blanda af Naan-brauði
Raitha jógúrtsósa
Basmati-hrísgrjón

EFTIRRÉTTUR
Ginger Crème brûlée







Holi-hátíð hjá Austur-Indíafjelaginu
Gleði, litir og dásamlegur matur
Um þessar mundir halda Indverjar hina litríku Holi-hátíð. Austur-Indíafjelagið færir þér angan af gleðinni og litadýrðinni frá Indlandi með ríkulegum hátíðarmatseðli til loka mars á hreint frábæru verði: **5.990 kr.** fös. og lau. og **4.990 kr.** sun. - fim.

*Komdu og njóttu þess besta í indverskri matargerð.*
*Borðapantanir í 552 1630*

Hverfisgata 56
Sími: 552 1630
www.austurindia.is

AUSTUR-INDÍAFJELAGIÐ
INDIAN RESTAURANT

Opið:
sun.-fim. 18:00 - 22:00
fös. og lau. 18:00 - 23:00



**HVERGI NÆRRI HÆTTIR** Coldplay gefur út plötu 19. maí. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Ný plata

Hljómsveitin Coldplay mun gefa út nýja plötu hinn 19. maí en platan, sem er þeirra sjötta stúdíóplata, heitir Ghost Stories.

Sveitin hefur sent frá sér glænýtt lag sem heitir Magic og fylgir í kjölfar lagsins Midnight sem var frumflutt í síðustu viku ásamt tónlistarmyndbandi í leikstjórn Mary Wigmore.

Eldheitir aðdáendur sveitarinnar geta forpantað Ghost Stories á iTunes. - lkg

# Buzzfeed sagði'ða

**BAKÞANKAR** Söru McMahon



Tilda Swinton er „style-soulmate“, eða sálufélagi í tísku, kunningjakonu minnar. Þetta voru niðurstöður könnunar sem kunningjakonan tók á vefsíðunni Buzzfeed.com og birti á Fésbók. Mig langaði líka að vera sálufélagi Tildu þegar kom að tísku og ég var nánast sannfærð um að ég fengi sömu niðurstöður. Ég prófið, enda verið aðdáandi Tildu um áraraðir.

**ÉG** ákvað að smella á þráðinn og taka prófið – bara til að staðfesta vissu mína. Ég svaraði öllum spurningunum samviskusamlega þó ég hafi átt í miklum erfiðleikum með að gera upp við mig hvaða kettlingur hafi verið krúttlegastur. Svo birtust niðurstöðurnar. Sálufélagi minn var Michelle Obama. Þvílík vonbrigði!

**BUZZFEED** bauð mér næst að komast að því með hvaða stjörnu ég ætti helst að „dett'íða“. Ég bjóst fastlega við því að Michael Fassbender yrði minn fullkomni drykkjufélagi – af því bara. Aftur svaraði ég öllum spurningunum af mikilli samviskusemi: Ég drekk bjór, borða sushi, fjólublátt, tígrisdýr o.s.frv. Aftur urðu niðurstöðurnar aðrar en ég hafði vænst. Ég fékk Kate Moss. Ég neitaði að sætta mig við þessar niðurstöður og tók prófið aftur … með svolitlum tilfæringum hlyti ég að enda með Fassbender. Buzzfeed gaf mér aftur Moss.

**MEÐ** aðstoð vefsíðunnar vinsælu hef ég komist að ýmsu öðru um sjálfa mig. Af persónum Shakespeare er ég Hamlet, ef ég væri land væri ég Noregur, ég er ekki hreinræktaður hundur heldur rakki og Louis Tomlinson er sálufélagi minn.

**OG** prófin halda áfram að hrannast inn á vefsíðuna. Er ég svöl? Hvaða tilgangslausi hlutur er ég? Hvaða persóna úr Twin Peaks er ég? Hvers konar morgunmatur er ég? Svörin við þessu (og svo mörgu öðru) finn ég á Buzzfeed. Og fyrir ykkur sem haldið að þið getið haft áhrif á niðurstöður kannananna: Gleymið því. Buzzfeed þekkir ykkur betur en þið þekkið ykkur sjálf.

# Einstök uppskeruhátíð

KÍTÓN, félag kvenna í tónlist, hélt uppskeruhátíð, svokallað Tónafljóð, í Eldborgarsal Hörpu á sunnudagskvöldið. Þar stigu margar af þekktustu tónlistarkonum Íslands, til dæmis Lay Low, Hafdís Huld, Cell 7, Greta Salóme og Ragnhildur Gísladóttir, á svið en með tónleikunum fagnaði KÍTÓN sínu öðru starfsári.



**STÓR HÓPUR** Anna Gyða, Inga Ingibjörg, Iðunn Pálsdóttir, Marín Ingibjörg, Jóhanna, Pétur Sólmar, Edda Pálsdóttir, Páll Gunnlaugsson og Inga Hlín.



**LITRÍKAR** Linda, Þórdís og Dóra létu sig ekki vanta. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**GLATT Á HJALLA** Sonja Bergmann og Helga Hrönn brostu sínu blíðasta.



**TVÆR GÓÐAR** Þóra Friðriksdóttir og Málfríður Ragnarsdóttir voru í góðu stuði.



**GERÐU SÉR GLAÐAN DAG** Sandra Fairbairn og Ganaelle nutu tónanna.


SAMbio.is







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| NON STOP | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| NON STOP VIP | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | |
| WINTER'S TALE | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| GAMLINGINN | KL. 8 | 12 |
| I, FRANKENSTEIN | KL. 10:30 | 12 |
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL3D | KL. 5:50 | L |
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL2D | KL. 5:50 | L |
| THE LEGO MOVIE ENSTAL2D | KL. 8 | L |
| WOLF OF WALL STREET | KL. 5:30 | 16 |
| AMERICAN HUSTLE | KL. 10:10 | 12 |
| 12 YEARS A SLAVE | 6 - 9 | 16 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| GRAVITY | KL. 8 SYND I STORA SALNUM | 12 |
| NON STOP | KL. 5:40 - 8 - 10:10 | 12 |
| GAMLINGINN | KL. 5:35 - 8 - 10:20 | 12 |
| I, FRANKENSTEIN | KL. 10:25 | 12 |
| THE LEGO MOVIE ENSTAL2D | KL. 5:50 | L |
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL2D | KL. 5:50 | L |
| OUT OF THE FURNACE | KL. 10:10 | 16 |
| LÍFSLEIKNI GILLZ | KL. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| NON STOP | KL. 5:30 - 8 10:20 | 12 |
| GAMLINGINN | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| NON STOP | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| WINTER'S TALE | KL. 10 | 12 |
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL3D | KL. 5:50 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| NON STOP | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| WINTER'S TALE | KL. 10:20 | 12 |
| GAMLINGINN | KL. 8 | 12 |
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL3D | KL. 5:50 | L |
| THE LEGO MOVIE ENSTAL2D | KL. 5:50 | L |

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ







SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE MONUMENTS MEN | KL. 5 - 8 - 10.30 | 12 |
| THE MONUMENTS MEN LÚXUS | KL. 5 - 8 - 10.30 | 12 |
| RIDE ALONG | KL. 8 - 10.15 | 12 |
| LEGO ÍSL. TAL 2D | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| LEGO ÍSL. TAL 3D | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| ROBOCOP | KL. 5.30 - 8 - 10.35 | 12 |
| HER | KL. 10.30 | 12 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM ...2 2D | KL. 3.30 | L |
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY | KL. 8 | 7 |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE MONUMENTS MEN | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| NEBRASKA (ÓTEXTUÐ) | KL. 5.30 - 8 | 7 |
| RIDE ALONG | KL. 10.30 | 12 |
| NYMPHOMANIAC PART 1 | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| ROBOCOP | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| AUGUST: OSAGE COUNTY | KL. 5.30 | 12 |
| THE BOOK THIEF | KL. 5.25 | 12 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THE MONUMENTS MEN | KL. 8 - 10.15 | 12 |
| RIDE ALONG | KL. 6 - 8 | 12 |
| ROBOCOP | KL. 6 - 10.15 | 12 |

Miðasala á: midi.is og eMiði

LAUGARÁS BÍÓ




ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| THE MONUMENTS MEN | 8, 10:25 | 12 |
| RIDE ALONG | 5:50, 8, 10:10 | 12 |
| ROBOCOP | 10:25 | 12 |
| LEGO - ÍSL TAL 3D | 5:50 | L |
| DALLAS BUYERS CLUB | 5:45, 8 | 12 |



Kvikmyndasafn Íslands

sýnir í

Bæjarbíói

Sýnt er á þri kl. 20:00 og lau kl. 16:00

Sjá sýningarskrá á: www. kvikmyndasafn.is

ÍÞRÓTTIR OG FRIÐUR (1980)

Stj.: Yuri Ozerov

Aukamynd: Ólympíuleikar (1912), brot

Kvikmyndasafnið verður með Ólympíumyndaþema í mars mánuði og býður ókeypis aðgang. Byrjað verður á kvikmynd Sovétmanna um Ólympíuleikana í Moskvu árið 1980. Leikarnir fóru fram í miðju kalda stríðinu ári eftir innrásina í Afganistan. Bandaríkin ákváðu að sniðganga leikana og í kjölfarið 60 aðrar þjóðir. Samt tóku um 5000 íþróttamenn frá 81 landi þátt í leikunum. Sýnd verður aukamynd af Íslendingum á Ólympíuleikunum árið 1912.

BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS










SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...

Foreldrar bera megin ábyrgð á að styðja að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska barna sinna.

www.lyfja.is

# ESTĒE LAUDER

## Kaupaukinn þinn í Lyfju

Glæsilegur kaupauki* fyrir þig ef þú verslar tvær vörur
eða fleiri frá Estée Lauder í Lyfju Lámúla, Smáratorgi og Selfossi
dagana 4.  -10. mars.

**Kaupaukinn inniheldur:**
**Take It Away Makeup Remover** – farðahreinsi, 30ml
**Daywear Creme SPF 15,** – dagkrem sem ver húðina, 15ml
**Advanced  Night Repair Eye** – alhliða augnkrem, 5ml
**Advanced Night Repair Serum** – viðgerðardropa, 7ml
**Sumtuous Extreme Mascara/Lash Primer Plus** – svartan maskara og augnháranæringu
**Pure Color Lipstick** – varalit, fulla stærð, lit Pink Parfait
**Pure Color Eyeliner** – augnblýant,lit Blackened Black
**Smarta snyrtitösku**

*meðan birgðir endast



**20%**
**afsláttur**

af öllum vörum í Estée Lauder
á kynnigardögunum.



**Tilboðið gildir í Lyfju Lágmúla, Smáratorgi og Selfossi**

LYFJA
– Lifið heil

## Tveir heimamenn snúa aftur í Árbæinn



Pepsi-deildarlið Fylkis á von á flottum liðsstyrk fyrir átökin í sumar en Andrés Már Jóhannesson og Ragnar Bragi Sveinsson eru á leið aftur til síns uppeldisfélags. Andrés Már hefur leikið með Haugesund í Noregi undanfarin misseri en Ragnar Bragi verið í unglingaliði Kaiserslautern í Þýskalandi.

„Við erum búnir að ná samkomulagi við þá báða og það er verið að ganga frá lausum endum úti. Þeir eru að öllu óbreyttu á leið í Fylki,“ sagði Ólafur Geir Magnússon, stjórnarmaður í Fylki, við fótbolti.net í gær.

Andrés Már kom að láni til Fylkis síðasta sumar og átti stóran þátt í breyttu gengi liðsins í seinni umferðinni. Þegar hann var kominn í gott stand spilaði hann frábærlega í hverjum leiknum á fætur öðrum áður en hann hvarf aftur á braut til Haugasunds.

Ragnar Bragi er eins og Andrés uppalinn Fylkismaður og sá yngsti sem leikið hefur með meistaraflokki félagsins í sögu þess. Spennandi leikmaður sem gaman verður að fylgjast með í sumar.

## Stelpurnar mættar í sólina

**FÓTBOLTI** Stelpurnar okkar í knattspyrnulandsliðinu mættu til Algarve í Portúgal í gærkvöldi en þar hefst Algarve-mótið á miðvikudaginn. Um er að ræða sterkt alþjóðlegt mót sem haldið er í 21. sinn í ár en Ísland leikur í efri deild þess eins og undanfarin ár.

Allt fór vel hjá stelpunum á leiðinni en í fluginu til Lissabon fengu þær rjómabollur í tilefni bolludagsins. Þegar lent var tók svo við ríflega þriggja tíma rútuferð til Algarve. Veðrið er frábært í Portúgal en um 15 stiga hiti var þegar stelpurnar lentu.

Fyrsti leikur íslenska liðsins er á miðvikudaginn gegn Evrópumeisturum Þjóðverja en auk þeirra eru í riðli með Íslandi lið Noregs, sem lenti í öðru sæti á Evrópumótinu síðasta sumar, og Kína. Ísland lenti í 9. sæti á Algarve-mótinu í fyrra eftir sigur á Ungverjalandi í lokaleik. Bestum árangri náði Ísland á mótinu 2011 en þá komst liðið alla leið í úrslit.



**MÆTTAR** Dagný Brynjarsdóttir, Glódís Perla og Sandra Sigurðardóttir í Lissabon í gær. MYND/KSÍ

AÐALFUNDUR

Brú félag stjórnenda heldur aðalfund sinn mánudaginn 17. mars kl. 19:00 í húsnæði félagsins að Skipholti 50d

DAGSKRÁ:
Venjuleg aðalfundastörf
Kosning til stjórnar

Kjósa skal um:
– Formann til eins árs – Gjaldkera til 2ja ára
– Varaformann til 2ja ára – Meðstjórnanda til 2ja ára
– Einn varamann til 2ja ára og einn varamann til eins árs.

Félagar fjölmennum !!
Stjórnin.

BFS BRÚ - FÉLAG STJÓRNENDA

TIL LEIGU

15619 Útleiga á aðstöðu í Skálholti til sölu veitinga og gistireksturs.

Kirkjuráð íslensku þjóðkirkjunnar óskar eftir tilboðum í gisti- og veitingarekstur í Skálholti, Bláskógabyggð. Hið leigða eru eftirtaldar fasteignir ásamt heitu vatni og búnaði: Skálholtsskóli, Sel (einbýlishús) og Rektorhús (einbýlishús).

Nánari upplýsingar eru aðgengilegar á heimasíðu Ríkiskaupa www.rikiskaup.is. Áhugasamir leggi inn lágmarksupplýsingar ásamt yfirlýstum áhuga á verkefninu eigi síðar en 12. mars 2014.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

NPA MIÐSTÖÐIN

Ég er 44 ára kona og óska eftir aðstoðarkonu í helgarvaktir sem fyrst.

Er gift og móðir 2 ára drengs. Mér finnst gaman að lesa bækur, ferðast, þjálfa hundinn okkar og er laganemi í Háskóla Reykjavíkur. Lifi lífinu lifandi.
Starfið felur í sér aðstoð við athafnir daglegs lífs og heimilishald. Unnið er eftir hugmyndafræði um notendastýrða persónulega aðstoð.

Hæfniskröfur:
Góð almenn menntun og íslenskukunnátta.
Sveigjanleiki og hæfni í mannlegum samskiptum.
Frumkvæði, jákvæðni, stundvísi og sjálfstæð vinnubrögð.
Hreint sakavottorð skilyrði.
Bílpróf.

Umsóknarfrestur er til 10 mars

Umsóknir og nánari upplýsingar berist í tölvupósti til Ásdísar Jennu: AsdisJenna@npa.is

# Ekki í þessu starfi út af peningunum

Formaður KKÍ, Hannes S. Jónsson, segir það ekki vera eðlilega stöðu að hann sinni bæði stöðu formanns og framkvæmdastjóra. Sú staða verður endurskoðuð í haust. Hannes leynir ekki launum sínum og segir menn ekki verða ríka hjá KKÍ.

**KÖRFUBOLTI** „Í rauninni er þetta ekki eðlileg staða. Auðvitað er stjórnin samt alltaf yfirmaðurinn. Það var samt ákveðið að þetta yrði svona fram á haustið,“ segir Hannes S. Jónsson, formaður og nú framkvæmdastjóri KKÍ, aðspurður hvort það sé eðlilegt að hann sé bæði formaður og framkvæmdastjóri körfuknattleikssambandsins. Hann sé því í raun yfirmaður sjálfs sín.

KKÍ þurfti að segja Friðriki Inga Rúnarssyni upp sem framkvæmdastjóra á dögunum í hagræðingarskyni. Hannes hefur nú tekið við skyldum Friðriks en þrír menn eru í fullu starfi hjá sambandinu.

„Ég hef alltaf verið á því að þetta sé engin kjörstaða. Það að sami maður sé formaður og framkvæmdastjóri. Svona á þetta ekki að vera í fullkomnum heimi en svona ákvað stjórnin að leysa þetta tímabundið.“

Formaður KKÍ er kosinn til tveggja ára og næst verður kosið um formann á næsta ári. Hannes hefur verið á fullum launum hjá sambandinu í þrjú ár. Þegar hann bauð sig fram til áframhaldandi setu í fyrra var ekki tekið sérstaklega fram að um launað starf væri að ræða. Hannes segir þó að flestum hefði átt að vera kunnugt um að svo væri.

„Þetta var rætt á fjárhagsnefndarfundi á þinginu sjálfu þar sem voru margir þingfulltrúar. Það var enginn feluleikur í kringum það þá og hefur aldrei verið,“ segir Hannes en hann segir það heldur ekki vera neitt leyndarmál innan hreyfingarinnar hvað hann sé með í laun. Hann fær 405 þúsund krónur á mánuði fyrir skatt.

„Menn verða aldrei ríkir af körfubolta. Ég er ekki í þessu starfi út af laununum. Mér hefur boðist vinna þar sem mér hafa verið boðin umtalsvert hærri laun. Ég hef hafnað þeim tilboðum því mér finnst ég vera að gera hreyfingunni gagn og hef enn talsvert fram að færa fyrir íþróttina,“ segir formaðurinn.

„Ég er ekki í þessu fyrir peningana. Starfið er skemmtilegt, krefjandi og ég er líka í þessu af hugsjón.“

Eins og áður segir verður staðan hjá sambandinu aftur skoðuð í haust og þá líklega í október.

„Þá kemur í ljós hvort við getum aftur ráðið framkvæmdastjóra eða gert eitthvað annað. Árið lítur vel út og við munum á næstunni kynna nýja styrktaraðila. Sambandið skilaði tveggja milljóna króna hagnaði í fyrra en við skuldum enn 20 milljónir. Það er alvarlegi hlutinn og ástæðan fyrir því að við neyddumst til þess að fara í aðgerðir á dögunum.“

henry@frettabladid.is



**Í LYKILSTÖÐU** Hannes sinnir tveimur aðalstörfunum hjá KKÍ fram á haust þó að hann segi það ekki vera eðlilega stöðu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

> Ég hef hafnað atvinnutilboðum þar sem ég hefði getað haft hærri laun því ég hef enn talsvert fram að færa fyrir íþróttina.
>
> *Hannes S. Jónsson.*

# Litli-Baumruk vann 17 árum síðar

Adam Haukur Baumruk fagnaði fyrsta stóra titlinum á ferlinum með pabba.

**HANDBOLTI** „Það var ofsalega gaman að sjá strákinn vinna bikarinn. Sjálfur vann ég hann tvisvar og veit hversu gaman það er að vinna svona stóra titla,“ segir Petr Baumruk, fyrrverandi stórskytta Hauka, sem horfði á son sinn, Adam Hauk Baumruk, vinna bikarmeistaratitilinn með Haukum um síðustu helgi.

Petr vann bikarinn tvívegis með Haukum, fyrst árið 1997. Sautján árum eftir að stóri-Baumruk vann sinn fyrsta stóra bikar á Íslandi er litli-Baumruk kominn á bragðið.

„Ég er rosalega ánægður með strákinn. Hann fær að spila meira núna og er að koma meira inn í varnarleikinn. Hann vantar smá reynslu í sókninni en þetta tekur allt sinn tíma. Adam er góður strákur sem veit hvað hann vill. Hann hefur tekið stórt skref fram á við í varnarleiknum og er líkamlega sterkari,“ segir Petr sem var sjálfur þekktur fyrir frábæran varnarleik.

Haukahjartað er stórt í Petr enda var það aðeins annað af tveimur félögum sem hann spilaði með á ferlinum. Hann lék með tékkneska stórveldinu Dukla Prag í heimalandinu í tíu ár og vann með því ótal titla, þar á meðal Evrópubikarinn 1984.

„Ég spilaði þrjá vináttulandsleiki gegn íslandi eftir HM 1990. Viggó Sigurðsson var ánægður með mig og spurði hvort ég vildi ekki koma til Íslands. Hann hringdi svo svona 100 sinnum í mig til Tékklands og ég sló til. Sagðist ætla prófa og skrifaði undir þriggja ára samning. En nú er ég hér enn,“ segir Petr Baumruk en ást hans á Haukum er svo mikil að sonurinn heitir eins og sjá má eftir félaginu sem hann ann svo heitt.

- tom



**FEÐGAR** Petr Baumruk og Adam Haukur Baumruk. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL


EARTH DREAMS
TECHNOLOGY
HONDA
The Power of Dreams
HONDA CR-V
BÍLL ÁRSINS 2014
Á ÍSLANDI Í FLOKKI JEPPA OG JEPPLINGA*
* Skv. vali Bandalags íslenskra bílablaðamanna, BÍBB.
HONDA CR-V
KOSTAR FRÁ 5.290.000
EYÐSLA FRÁ 4,5L/100km
www.honda.is
BERNHARD
Vatnagörðum 24-26 • Sími 520 1100
**Umboðsaðilar:** Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800 • Bílver, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD



### Stöð 2 kl. 20.10
**Geggjaðar græjur**

Skemmtilegur þáttur þar sem fjallað er um nýjustu græjur og afrek á sviði vísinda. Umsjónarmenn þáttanna eru bræðurnir Bjarni og Davíð Hedtoft Reynissynir.



### Leiðin á HM í Brasilíu
**SJÓNVARPIÐ KL. 20.10** Í þættinum er farið yfir lið allra þátttökuþjóðanna á HM, styrkleika þeirra og veikleika og helstu stjörnur kynntar til leiks. Einnig kynnumst við gestgjöfunum betur og skoðum borgirnar og leikvangana sem keppt er á.



### Pretty Little Liars
**STÖÐ 3 KL. 20.25** Fjórða röðin af þessum dramatísku þáttum um fjórar vinkonur sem þurfa að snúa bökum saman til að geta varðveitt skelfilegt leyndarmál.



### The Tonight Show
**SKJÁR EINN KL. 22.50** Spjallþáttasnillingurinn Jimmy Fallon hefur tekið við keflinu af Jay Leno og stýrir nú hinum geysivinsælu Tonight Show sem áhorfendur SkjásEins þekkja frá fyrri tíð.

### Bylgjan kl. 10.00
**Ívar Guðmundsson**



Ívar Guðmundsson sér um morgnana kl. 10-13 og er þátturinn hans fyrst og fremst skemmtilegur tónlistarþáttur. Hann er persónulegur og byggður upp þannig að fólk hafi gaman af því að hlusta á útvarp. Ívar er dagskrárstjóri Bylgjunnar.


FREYJA

ÞRIÐJUDAG 21:10 3

ÞRIÐJUDAGS kvöld

Með Frikka Dór



Í opinni dagskrá

3 | Þriðjudag 21:10

**Friðrik Dór er til í allt!**

Þeir félagar Frikki Dór og Ási hafa slegið í gegn á Stöð 3 í vetur enda uppátækin mögnuð. Óborganlegir sketsar, skemmtilegir gestir og ferskustu böndin taka lagið. Ekki missa af Frikka Dór á Stöð 3!

3 + Krakkastöðin + ♪

**Fjör fyrir alla fjölskylduna!**




Með Fjölskyldupakkanum færðu alls konar fjör fyrir ungt fólk á öllum aldri. Erlent gæðaefni í bland við frábært íslenskt efni á Stöð 3 og vandað talsett efni frá morgni til kvölds á Krakkastöðinni.

**2.990 kr.** | Fáðu þér áskrift! **365.IS**


## STÖÐ 2

**06.10** Sons of Tucson
**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**07.40** Ozzy and Drix
**08.05** Malcolm in the Middle
**08.30** Ellen
**09.10** Bold and the Beautiful
**09.30** Doctors
**10.15** Wonder Years
**10.40** The Middle
**11.05** White Collar
**11.50** Flipping Out
**12.35** Nágrannar
**13.00** The X-Factor
**13.45** In Treatment
**14.15** Sjáðu
**14.50** Lois and Clark
**15.40** Ozzy and Drix
**16.05** Scooby-Doo!
**16.30** Ellen
**17.10** Bold and the Beautiful
**17.32** Nágrannar
**17.57** Simpson-fjölskyldan
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag
**19.11** Veður
**19.20** Um land allt
**19.45** New Girl *(15:23)*
**20.10** Geggjaðar græjur
**20.30** The Big Bang Theory *(15:24)*
**20.55** The Mentalist *(12:22)*
**21.40** Rake *(6:13)*
**22.25** Bones *(18:24)*
**23.10** Girls
**23.40** Daily Show: Global Edition
**00.05** Senna
**01.50** The Face
**02.35** Lærkevej
**03.20** Touch
**04.05** Breaking Bad
**05.40** Burn Notice

## SPORT
*besta sætið*

**13.30** Golfing World 2014
**14.20** Spænsku mörkin 2013/14
**14.50** Skallagrímur Sverrir Bergmann kynnist öllum liðunum í Dominos-deild karla í körfubolta.
**15.20** Swansea - Napoli
**17.00** Meistaradeild Evrópu: Milan - Atletico Madrid
**18.40** Fuchse Berlin - Lemgo
**20.00** Þýsku mörkin
**20.30** Búrið Skemmtilegur þáttur þar sem hitað er ipp fyrir bardaga Gunnars Nelson í UFC.
**21.00** Meistaradeild Evrópu: Man. City - Barcelona
**22.40** Napoli - Swansea
**00.20** Evrópudeildarmörkin
**01.10** Slovan Liberec - AZ Alkmaar

## SPORT 2
*enski boltinn*

**12.40** Messan
**14.00** Premier League World
**14.30** Hull - Newcastle
**16.10** Football League Show
**16.40** Swansea - Crystal Palace
**18.20** Southampton - Liverpool
**20.00** Ensku mörkin - úrvalsdeildin
**20.55** Tottenham - Cardiff
**22.35** Fulham - Chelsea
**00.15** Stoke - Arsenal

## STÖÐ 3

**06.15** Tónlistarmyndbönd
**18.55** Extreme Makeover
**19.40** Hart Of Dixie *(3:22)*
**20.25** Pretty Little Liars *(2:25)*
**21.10** Þriðjudagskvöld með Frikka Dór Stórsöngvarinn Friðrik Dór stjórnar þessum fjölbreytta og skemmtilega þætti.
**21.40** Nikita *(3:22)*
**22.25** Shameless *(3:12)*
**23.20** Shameless *(4:12)*
**00.05** Justified
**00.50** Revolution
**01.35** Tomorrow People
**02.20** Extreme Makeover
**03.05** Hart Of Dixie
**03.50** Pretty Little Liars
**04.35** Þriðjudagskvöld með Frikka Dór
**05.05** Nikita
**05.50** Justified

## Krakkastöðin

**07.00** Dóra könnuður **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.46** Doddi litli og Eyrnastór **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveins **08.50** Gulla og grænjaxlarnir **09.00** Ofurhundurinn Krypto **09.25** Brunabílarnir **09.47** Ávaxtakarfan **10.00** Skógardýrið Húgó **10.23** Ævintýraferðin **10.36** Latibær **10.47** UKI **10.52** Tom and Jerry **11.00** Dóra könnuður **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.46** Doddi litli og Eyrnastór **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveins **12.50** Gulla og grænjaxlarnir **13.00** Ofurhundurinn Krypto **13.25** Brunabílarnir **13.47** Ávaxtakarfan **14.00** Skógardýrið Húgó **14.23** Ævintýraferðin **14.36** Latibær **14.48** UKI **14.53** Tom and Jerry **15.00** Dóra könnuður **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.46** Doddi litli og Eyrnastór **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveins **16.50** Gulla og grænjaxlarnir **17.00** Ofurhundurinn Krypto **17.25** Brunabílarnir **17.47** Ávaxtakarfan **18.00** Skógardýrið Húgó **18.23** Ævintýraferðin **18.36** Latibær **18.48** UKI **18.53** Tom and Jerry **19.00** Skógardýrið Húgó **20.15** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**17.45** Strákarnir
**18.10** Friends
**18.35** Seinfeld
**19.00** Modern Family
**19.25** Two and a Half Men
**19.50** Kalli Berndsen – Í nýju ljósi *(1:10)* Kalli Berndsen er mættur til leiks.
**20.20** Veggfóður *(15:20)*
**21.00** Game of Thrones *(2:10)*
**22.00** Nikolaj og Julie *(19:22)*
**22.45** Anna Pihl *(9:10)*
**23.30** Hustle
**00.25** The Fixer
**01.15** Kalli Berndsen – Í nýju ljósi
**01.40** Veggfóður
**02.20** Game of Thrones
**03.20** Nikolaj og Julie
**04.05** Anna Pihl
**04.50** Tónlistarmyndbönd

## BÍÓ

**11.00** Charlie and the Chocolate Factory
**12.55** Love Happens
**14.45** Limitless
**16.30** Charlie and the Chocolate Factory
**18.25** Love Happens
**20.15** Limitless
**22.00** Bad Lieutenant: Port of Call – New Orleans
**00.00** Abraham Lincoln: Vampire Hunter
**01.45** How I Spent My Summer Vacation
**03.20** Bad Lieutenant: Port of Call - New Orleans

## RÚV

**16.30** Ástareldur *(Sturm der Liebe)*
**17.20** Músahús Mikka
**17.45** Ævar vísindamaður
**18.11** Sveppir
**18.20** Táknmálsfréttir
**18.30** Viðtalið
**19.00** Fréttir
**19.25** Veðurfréttir
**19.30** Íþróttir
**19.40** Kastljós
**20.10** Leiðin á HM í Brasilíu *(2:16)*
**20.40** Castle *(9:23) (Castle)* Bandarísk þáttaröð. Höfundur sakamálasagna er fenginn til að hjálpa lögreglunni þegar morðingi hermir eftir atburðum í bókum hans.
**21.25** Djöflaeyjan
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Hafinn yfir grun *(3:3) (Above Suspicion IV)* Bresk sakamálamynd í þremur hlutum. Þekkt kvikmyndastjarna finnst látin á heimili sínu og rannsóknarlögreglukonan Anna Travis og félagi hennar James Langton rannsaka málið.
**23.05** Spilaborg *(3:13) (House of Cards II)*
**23.55** Kastljós
**00.15** Fréttir
**00.30** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Cheers
**08.25** Dr. Phil
**09.05** Pepsi MAX tónlist
**16.55** Got to Dance
**17.45** Dr. Phil
**18.25** Top Chef
**19.10** Cheers
**19.35** Sean Saves the World *(8:18)*
**20.00** The Millers *(8:22)* Bandarísk gamanþáttaröð um Nathan, nýfráskilinn sjónvarpsfréttamann sem lendir í því að móðir hans flytur inn til hans, honum til mikillar armæðu.
**20.25** Parenthood *(9:15)*
**21.10** The Good Wife *(4:22)* Þessir margverðlaunuðu þættir njóta mikilla vinsælda meðal áhorfenda SkjásEins. Það er þokkadísin Julianna Marguilies sem fer með aðalhlutverk í þáttunum sem hin geðþekka eiginkona Alicia sem nú hefur ákveðið að yfirgefa sína gömlu lögfræðistofu og stofna nýja ásamt fyrrverandi samstarfsmanni sínum.
**22.00** Elementary *(9:24)* Sherlock Holmes og Dr. Watson leysa flókin sakamál í New York nútímans. Síðustu þáttaröð lauk með því að unnusta Sherlocks, Irine Adler var engin önnur en Moriarty prófessor.
**22.50** The Tonight Show
**23.35** The Bridge
**00.15** Scandal
**01.00** Elementary
**01.50** Mad Dogs
**02.35** The Tonight Show
**03.20** Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

**08.15** PGA Tour 2014 **12.15** Golfing World 2014 **13.05** Augusta Masters Official Film **14.00** PGA Tour 2014 **18.00** Golfing World 2014 **18.50** PGA Tour 2014 - Highlights **19.45** Golfing World 2014 **20.35** PGA Tour 2014 - Highlights **21.30** PGA Tour 2014

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Stjórnarráðið **21.30** Skuggaráðuneytið

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun


STOPP
GÆTUM GARÐSINS
FYRIR NÁTTÚRUVERND
18. MARS 2014
DARREN ARONOFSKY
FRUMSÝNIR NOAH Í SAMBÍÓUNUM EGILSHÖLL
TÓNLEIKAR Í HÖRPU:
BJÖRK LYKKE LI
OF MONSTERS AND MEN
PATTI SMITH SAMARIS
HIGHLANDS MAMMÚT
RETRO STEFSON
SÖFNUNARREIKNINGUR
KT: 640971-0459
RNR: 0301-13-302792
NATTURUVERND.IS
LANDVERND.IS
MIÐAR:
HARPA.IS
MIDI.IS

**BESTI BÆJARHLUTINN**



**„Slippurinn er besti bæjarhlutinn í Reykjavík. Kleinur og kókómalt, darraðardans við mávana með Esjuna stolta í baksýn."**

Thelma Marín Jónsdóttir, leikkona.

# Hugrakkasta ferðamannsins leitað

Segjast ekki vera að beina ferðamönnum á viðkvæmar náttúruperlur.

„Það stendur yfir leit að heimsins hugrakkasta ferðamanni," segir Daði Guðjónsson, einn verkefnisstjóra Inspired By Iceland, en leitin fer fram á samfélagsmiðlum þeirra.

„Við erum að setja upp leik þar sem við biðjum vini okkar að koma með hugmyndir að skemmtilegum hlutum sem hægt er að upplifa um allt land," útskýrir Daði og bætir við að þau vilji draga fram alla þá skemmtilegu hluti sem hægt er að gera í öllum landshlutum. „Í þessari ferð verður meiri fókus á menningarlega hluti sem og þá sem eru tengdir ævintýraferðamennsku," heldur hann áfram, en eitt aðaltakmark Inspired by Iceland er að dreifa ferðamönnum um landið allt árið um kring.

„Leikurinn fer fram á Facebook og þú þarft að skrá þig og segja svo af hverju þú telur þig vera hugrakkasta ferðamann heims."

Vinningshafi leiksins fær svo ferð að launum á vit ævintýranna í leynilega dagskrá, ásamt vini.

Aðspurður segir Daði þau ekki vera að beina ferðamönnum á viðkvæmar náttúruperlur með uppátækinu. „Öll „leyndarmálin" sem við erum að sækjast eftir þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði, mega til að mynda ekki vera viðkvæmar náttúruperlur eða hlutir sem eru hættulegir ferðamönnum. Þessu er ætlað að draga fram alla þá hluti sem okkur þykja skemmtilegir fyrir túrista að heimsækja – það mætti þess vegna vera saltfiskuppskriftin hennar ömmu!" - ósk



**LEIKUR Á SAMFÉLAGSMIÐLUM** Sá hugrakkasti fær að launum óvissuferð fyrir tvo í ævintýradagskrá.
VÍSIR/ÚR EINKASAFNI



**GALLHARÐUR FEMÍNISTI** Vikulegir þættir Önnu Töru og Katrínar Ásmundsdóttur hefja göngu sína annað kvöld.
VÍSIR/ÚR EINKASAFNI

# Tapar einhver á jafnrétti?

Anna Tara Andrésdóttir stjórnar Kynlegum kvistum á X-inu ásamt frænku sinni, Katrínu Ásmundsdóttur.

„Eftir viðtalið í Harmageddon töluðu þeir Frosti og Máni, útvarpsmenn á X-inu, um að ég þyrfti að fá minn eigin útvarpsþátt og ég og frænka mín, Katrín Ásmundsdóttir, tókum það glaðar að okkur," segir Anna Tara Andrésdóttir, en hún vakti gríðarlega athygli í viðtali hjá Frosta og Mána í Harmageddon á dögunum þar sem rætt var um klofklippingar, rapp og hvernig endaþarmsmök stuðla að jafnrétti kynjanna. Viðtalið vakti misjöfn viðbrögð, en Hildur Lilliendahl femínisti sakaði þáttastjórnendur um andstyggilegustu framkomu sem hún hefði orðið vitni að frá íslenskum blaðamönnum í garð kvenna á 21. öldinni, þegar þeir líktu rappferli Önnu Töru og hljómsveitar hennar, Reykjavíkurdætra, við feril Erps Eyvindarsonar rappara.

„Ég kom ekki nálægt þeim umræðum en leið mjög vel þegar ég kom úr viðtalinu. Þetta viðtal hefur gert stórkostlega hluti fyrir mig og hljómsveitirnar mínar, Reykjavíkurdætur og Hljómsveitt," segir Anna Tara.

Þættirnir sem verða vikulegir heita Kynlegir kvistir og verða á dagskrá öll miðvikudagskvöld klukkan tíu. Fyrsti þátturinn fer í loftið annað kvöld.

Aðspurð segist Anna Tara vera gallharður femínisti. „Að sjálfsögðu er ég það, tapar einhver á jafnrétti? Femínistar eru bara þeir sem sjá misrétti kynjanna og vilja beita sér fyrir jafnrétti þeirra," segir Anna Tara að lokum. - ósk

# Íslenskt upphitunaratriði á tónleikum Timberlake

Íslenskt tónlistaratriði mun sjá um upphitun á tónleikum Justins Timberlake í sumar. Forsala er hafin en aðeins helmingur miðanna mun fara í almenna sölu.

„Það verður upphitunaratriði á tónleikum Justins Timberlake og það stefnir allt í að það verði íslenskt," segir Ísleifur B. Þórhallsson, tónleikahaldari Senu. Ekki hefur verið staðfest hvaða íslenski listamaður hitar upp á tónleikum hans sem fram fara 24. ágúst.

Fréttablaðið lagði höfuðið í bleyti og spurði nokkra listamenn sem gætu verið líklegir til að hita upp fyrir Justin. Þeir listamenn sem Fréttablaðið taldi líklega eru Jón Jónsson, Retro Stefson, Moses Hightower og Sykur, ásamt mörgum fleirum.

„Það verður væntanlega þannig að við munum stinga upp á nokkrum upphitunarvalmöguleikum fyrir fólk Justins en svo mun það fólk taka lokaákvörðun um hver hitar upp," útskýrir Ísleifur. Hann bætir við að upphitunaratriðið verði ekki tilkynnt fyrr en nær dregur tónleikunum.

Forsala hefst í dag klukkan 10.00 á tónleika Justins Timberlake fyrir þá sem skráðir eru í aðdáendaklúbb Justins, The Tennessee Kids. Á morgun hefst svo forsala Wow Air og Vodafone, einnig klukkan 10.00, og stendur til klukkan 17.00.

Talið er að fjölmargir Íslendingar hafi skráð sig í aðdáendaklúbb Justins þegar tónleikar hans hér á landi voru staðfestir.

Um það bil helmingur þeirra 16.000 miða sem í boði eru á tónleikana verður seldur í forsölu. Ef forsalan gengur vel og allt selst þá verða einungis 8.000 miðar í boði þegar almenna miðasalan fer í gang á fimmtudaginn klukkan 10.00.

„Það er ekki fræðilegur möguleiki að bæta við aukatónleikum, þetta er allt of umfangsmikið til að hægt sé að ákveða slíkt með skömmum fyrirvara," segir Ísleifur spurður út í mögulega aukatónleika. „Ef það selst upp er þetta bara vel heppnað og við verðum mjög sáttir."

gunnarleo@frettabladid.is



**ÍSLENSK UPPHITUN** Allt stefnir í að íslenskur tónlistarmaður hiti upp fyrir Justin Timberlake í sumar.
NORDICPHOTOS/GETTY

## → Líkleg íslensk upphitunaratriði

Fréttablaðið spurði fjóra listamenn hvort þeir og hljómsveitir þeirra hefðu áhuga á að hita upp fyrir Justin Timberlake í sumar.



**UNNSTEINN MANUEL ÚR RETRO STEFSON** Já, auðvitað, en ég hef svo sem ekkert pælt í því. Uppáhaldslagið mitt er My Love af plötunni FutureSex/LoveSounds.



**STEINGRÍMUR KARL TEAGUE ÚR MOSES HIGHTOWER** Okkur þætti það mjög gaman. Uppáhaldslagið mitt er Right for Me af plötunni Justified.



**HALLDÓR ELDJÁRN ÚR SYKRI** Við myndum örugglega taka því, það væri örugglega mjög gaman. Uppáhaldslagið mitt er Sexy Back af plötunni FutureSex/LoveSounds.



**JÓN JÓNSSON** Já, að sjálfsögðu væri ég til í það. Hann er geggjaður og ég hlusta mikið á hann. Uppáhaldslagið mitt er Seniorita af Justified-plötunni.




A4 Skeifunni 17 / A4 Smáratorgi 1 / A4 Reykjavíkurvegi 62, Hafnarfirði / A4 Dalsbraut 1, Akureyri / A4 Miðvangi 13, Egilsstöðum / A4 Austurvegi 65, Selfossi



SALTAÐU
SALTIÐ
SKELLTU ÞÉR Á ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S!
1000 KR.
Miðstærð af pizzu með þremur áleggstegundum að eigin vali. Ef þú sækir. Gildir fyrir klassískan, ítalskan og lauflétta botn.
VIÐ NOTUM EINGÖNGU 100% ÍSLENSKAN OST!
KJÖTVEISLA: Skinka, pepperoni og nautahakk
SÍMI 58 12345
DOMINO'S APP
WWW.DOMINOS.IS

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póstdreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


**FRÉTTIR AF FÓLKI**

## Hildur hætti við þáttagerð

Þar til tveimur dögum áður en hlaðvarpssíðan Alvarpið var opnuð stóð til að **Hildur** nokkur **Lilliendahl** yrði með femínískan útvarpsþátt þar um níðskrif á netinu.

Fréttablaðið var búið að taka hópmynd af útvarpsstjórnunum þar sem Hildur sat fyrir miðju, en eftir að viðtalið við Hafdísi Huld var sýnt í Kastljósi var tekin ný mynd af hópnum án Hildar. Síðan fór í loftið síðasta laugardag, en viðtalið við Hafdísi Huld var sýnt á fimmtudegi, þannig að það mátti litlu muna að Alvarpið lenti í miðju fjaðrafokinu. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins dró Hildur sig sjálf út úr þáttagerðinni.



- lkg

## Blúsuð Blásýra

Jazzklúbburinn Múlinn stendur annað kvöld fyrir blúsmettuðum jazztónleikum undir yfirskriftinni Blásýra. Tónleikarnir fara fram í Björtu loftum tónlistarhússins Hörpu og verða sérstakir gestir þau **Björn Jörundur Friðbjörnsson** og Ragnheiður Gröndal. Þau munu flytja nýleg lög og texta saxófónleikarans Sigurðar Flosasonar, ásamt tríói hans. Sigurður hefur áður gefið út plöturnar Bláir skuggar og Blátt ljós, ásamt Bláu lífi sem kom út í byrjun árs. Þetta verður ekki í fyrsta sinn sem þeir Björn Jörundur og Sigurður leiða saman hesta sína, en þeir hafa áður komið saman undir merkjum Sálgæslutríósins.



- eb

## Mest lesið vísir

1 Ferðamenn rukkaðir hvar sem þá er að finna
2 Svona voru samskipti Gunnars Braga við Rúv
3 Hvað gerist í Úkraínu: Þrír líklegustu möguleikarnir
4 Margrét Gnarr: „Ég er yfir mig hreykin og ánægð"
5 Er þetta besta „selfie"-mynd allra tíma?
6 Norskir herflugmenn velta F-16 yfir Íslandi





